# FRÉTTABLAÐIÐ

frettabladid.is

164. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 21. ÁGÚST 2021




## Útlitið hefur boðið upp á skemmtileg hlutverk

Tómas Lemarquis missti hárið þrettán ára, en segir útlit sitt hafa opnað dyr sem annars væru lokaðar. Nýlega keypti hann tuttugu manna rútu til að dvelja í og nota sem starfsstöð. ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



### Vilja ræða rasisma

Þær fræða fólk á Instagram og dreymir um að vera með hlaðvarp. ➤ 16



### Björgunarfólk þarf að huga að sjálfu sér

Gísli Rafn hefur oft komið snemma að mörgum verstu hörmungum veraldar. ➤ 26



### Slógu rækilega í gegn á skemmtiferðaskipi

Húsavíkurstúlkur sem sungu á Óskarnum eru enn að. ➤ 2






Davíð Helgason, einn af stofnendum Unity, er nú með ríkustu mönnum Danmerkur.

## Íslendingur með ríkustu mönnum Danmerkur

thorgrimur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt frétt danska viðskiptablaðsins Finans er hugbúnaðarfyrirtækið Unity Technologies, sem er í eigu Davíðs Helgasonar, metið á 27 milljarða danskra króna, sem jafngildir um 545 milljörðum íslenskra króna. Gerir þetta fyrirtækið að einu verðmætasta fyrirtæki Danmerkur.

Ásamt meðstofnanda sínum, Joachim Ante, er Davíð með auðugustu mönnum Danmerkur. Á lista Berlingske Tidende yfir ríkasta fólk landsins eru Davíð og Ante í fimmta sæt listans.

„Það er búið að vera frábært að vera hluti af þessu starfi,“ sagði Davíð við Finans. „Margir hafa lagt hart að sér og við höfum líka verið heppnir. En það er búið að vera geðveikt að vera með í þessari ferð.“

Unity Technologies var stofnað árið 2004 og er þekkt fyrir að þróa leikjahugbúnaðinn Unity, sem hefur verið notaður til að hanna fjölda tölvuleikja. ■

## Viðeyjarsund í köldum sjó



Vaskt sundfólk synti í gærkvöldi frá Skarfakletti til Viðeyjar en sundið er um það bil 900 metrar hvora leið og sjórinn var 10 til 13 gráðu heitur á meðan sundið fór fram. Á meðal sundfólksins í gær var Elísabet Bettý Sigurðardóttir sem var að synda styrktarsund um leið og hressti líkama og sál með hreyfingu sinni. Mögulegt er að kynna sér söfnun Elísabetar Bettýjar með því að fara inn á facebook-síðu hennar og leggja söfnuninni lið í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

## Hitabylgja fyrir norðan og austan

hjorvaro@frettabladid.is

**VEÐUR** Spákort Veðurstofu Íslands gerir ráð fyrir að hitinn geti farið upp í 27 gráður á norðausturhelmingi landsins í upphafi næstu viku.

„Þessi spá gæti breyst og það er ekki víst að hitinn muni fara upp í 27 gráður. Hann verður hins vegar líklega einhvers staðar um það bil. Það er óvanalegt hversu heitur loftmassinn hefur verið fyrir norðan og norðaustan í sumar en þó ekki einstakt,“ segir Hrafn Guðmundsson, veðurfræðingur á Veðurstofunni.

Hæstur gæti hitinn farið í 27 gráður í Ásbyrgi á þriðjudag, en sólríkt verður á þessum slóðum og mjög hægur vindur ef spár ganga eftir.

Hæsti hiti sem mælst hefur á Íslandi á þessu ári er 26,9 gráður í Hjarðarlandi í uppsveitum á Suðurlandi og 26,7 gráður við Geysi. Þá mældist 25,9 gráða hiti í Ásbyrgi á hádegi fyrr í sumar.



Áframhald verður á veðurblíðunni í Ásbyrgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Hins vegar er hæsti hiti sem mælst hefur á Íslandi frá upphafi mælinga 30,5 gráður. Sá hiti mældist á veðurstöð við Teigarhorn í Berufirði á Austfjörðum og var hann mældur þann 22. júní árið 1939. ■






# Stelpur úr Húsavíkurlaginu skemmtu í Ocean Diamond

Húsvísku stúlkurnar sem sungu bakraddir hjá Molly Sandén á Óskarsverðlaunahátíðinni léku við hvern sinn fingur á tónleikum um borð í skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond. Þær fengu einkaþjón og allt sem þær lysti af matseðlinum.

gar@frettabladid.is

**MENNING** „Stelpurnar stóðu sig alveg frábærlega og var vel tekið. Fólkið var stórhrifið,“ segir Hjálmar Bogi Hafliðason sem fór fyrir stúlknahópnum úr laginu Húsavík, í söngdagskrá um borð í skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond.

Stúlkurnar sem sungu bakraddir með söngkonunni Mollu Sandén á Óskarsverðlaunahátíðinni fyrr á árinu komu tvisvar fram á Ocean Diamond sem kom til Húsavíkur fjórum sinnum í sumar. Hjálmar segir ósk hafa komið um að fá þær til að skemmta og hann hafi verið beðinn um að vera kórstjóri. Með þeim voru tveir félagar Hjálmars.

Hjálmar segir að á efnisskránni hafi verið íslensk dægurlög og þjóðlög – náttúrlega Húsavíkurlagið.

„Við tókum til dæmis Ó, blessuð vertu sumarsól, Sautján þúsund sólargeisla úr Bláa hnettinum, Húsavíkurlagið og svo var beðið um Ja Ja Ding Dong og við hentum þá bara í það. Það vakti mikla lukku og við fengum fólkið til að syngja með. Þetta var stórskemmtilegt,“ segir Hjálmar.

Í síðara skiptið sem stelpurnar tróðu upp í Ocean Diamond var sérstaklega vel gert við hópinn. „Þær fengu kynnisferð um borð og skipið bauð þeim út að borða. Þær fengu að sitja einar og fengu þjón fyrir sig og máttu panta það sem þær vildu. Þetta var gríðarlega mikil upplifun fyrir þær,“ segir Hjálmar.



Allt á matseðlinum stóð stúlkunum til boða og einkaþjónn sá um að allt gengi vel. MYND/HJÁLMAR BOGI HAFLIÐASON

> Svo var þarna fólk frá Bandaríkjunum sem sagðist hafa komið sérstaklega til Íslands til að heyra Ja Ja Ding Dong. Og þau bara fengu það.



Hjálmar Bogi Hafliðason, grunnskólakennari á Húsavík.

Að sögn Hjálmars voru farþegarnir um borð flestir þýskir eða franskir, mest eldra fólk. „Svo var þarna fólk frá Bandaríkjunum sem sagðist hafa komið sérstaklega til Íslands til að heyra Ja Ja Ding Dong. Og þau bara fengu það,“ segir hann.

Stúlkurnar eru að fara í sjötta bekk í grunnskóla Húsavíkur þar sem Hjálmar er deildarstjóri. „Þær eru búnar að koma upp á skrifstofu og spyrja hvort við getum ekki bara stofnað alvöru kór,“ segir hann. Málið sé í skoðun. „Það veit engin hver ævintýri Óskarskórsins verða í framtíðinni.“

Aðspurður segir Hjálmar Eurovisionmyndina frægu ofarlega í huga margra ferðamanna á Húsavík.

„Þetta er áþreifanlegt. Fólk nefnir lögin Húsavík og Ja Ja Ding Dong, fer á Ja Ja Ding Dong barinn og myndar sig á rauða dreglinum,“ lýsir Hjálmar stemningunni. ■

TOYOTA C-HR HYBRID

# BÍLL MEÐ C-HRSTÖÐU




TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA | SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Tölur vikunnar



**15**
einstaklingar hafa greinst með kórónaveiruna tvisvar sinnum á Íslandi, samkvæmt gögnum sóttvarnayfirvalda.



**7,2**
Tekjur af ferðalöngum sem komu til Íslands í maí voru um 7,2 milljarðar og hafa aukist hratt samanborið við sama tíma í fyrra.



**11,6**
Horfur í atvinnumálum hafa batnað til muna í Reykjanesbæ og atvinnuleysi lækkað úr 24,9 prósentum í 11,6 á hálfu ári.



**99,4**
prósent þeirra sem hafa greinst með kórónaveiruna hérlendis síðustu vikuna eru með Delta-afbrigðið.



**19**
ára gömul kona, Zara Rutherford, lenti á Reykjarflugvelli á fimmtudaginn en hún stefnir að því að verða yngsta konan til að fljúga í kringum hnöttinn.

## Þrjú í fréttum



**Árni Arnþórsson**

aðstoðarrektor Alþjóðlega háskólans í Kabúl

hefur verið vakinn og sofinn yfir ástandinu í Afganistan undanfarna daga, en talíbanar hafa hertekið landið og íbúar landsins freista þess nú að komast í burtu. Árni, sem starfað hefur í Afganistan, leitar nú allra leiða til að hjálpa nemendum sínum, sem flestir eru ungir Afganar, að komast úr landi. ■



**Unnur Björnsdóttir**

situr í stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

segir íbúa í Fossvogi vera afar svekkta yfir að framkvæmdir við Fossvogsskóla hafi legið niðri í sumar og senda þurfi nemendur út um hvippinn og hvappinn. Verið er að lagfæra mygluskemmdir í skólanum, en til stóð að hefja skólastarfið í færanlegum húsum á skólalóðinni í haust. Þau einingahús eru ekki komin til landsins og því mun skólastarfið hefjast í tengibygginu Víkingsheimilisins, sem foreldrar telja ekki boðlegt. ■



**Þórólfur Guðnason**

sóttvarnalæknir

boðaði framtíðarsýn í minnisblaði sem hann sendi til heilbrigðisráðherra í vikunni. Ríkisstjórn Íslands hyggst rýmka sóttvarnaráðstafanir fjölskyldna leikskóla- og grunnskólabarna. ■

# Launakostnaður jókst um milljarð

**Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur stækkað töluvert frá árinu 2017 og er hlutfallslega stærsta aðalskrifstofa ráðuneyta. Þrátt fyrir það hafa útgjöld ráðuneytisins dregist saman, samkvæmt svari ráðuneytisins við fyrirspurnum Fréttablaðsins.**

urduryrr@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Töluverð fjölgun hefur orðið á starfsfólki utanríkisráðuneytisins frá árinu 2017 til ársins 2020. Samkvæmt tölum af vefsíðu Fjársýslu ríkisins unnu 220 manns í ráðuneytinu við lok árs 2017 en 253 við lok árs 2020.

Fjölgunin samkvæmt Fjársýslunni er um 33 manns en í svörum frá utanríkisráðuneytinu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að í raun hafi fjölgað um 27 og að við lok árs 2020 hafi 302 starfað í ráðuneytinu, samkvæmt mannauðsdeild ráðuneytisins. Sú tala er einnig gefin upp í ársskýrslu ráðherra.

„Hvað varðar þann fjölda kennitalna sem birtist í gögnum Fjársýslu ríkisins getur hann verið breytilegur án þess að það endurspegli endilega breytingar á umfangi í starfsemi,“ segir í svari ráðuneytisins.

Þá segir að eitthvað af misræminu geti verið tilkomið vegna fæðingarorlofa eða langtímaveikinda, enda fellur fólk ekki út af launaskrá þótt ráðið sé í afleysingar. Þá sé staðarráðið starfsfólk í sendiskrifstofum ekki talið með hjá Fjársýslunni en það var 75 við lok árs 2020.

Mest fjölgun virðist hafa orðið í aðalskrifstofu ráðuneytisins en samkvæmt tölum frá Fjársýslunni voru 84 starfandi við lok árs 2017 en 120 við lok árs 2020. Það er mesta fjölgun starfsfólks aðalskrifstofa ráðuneytanna á tímabilinu, en mesta hlutfallslega aukningin var í forsætisráðuneytinu.

Þá er aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins hlutfallslega stærst af öllum ráðuneytunum, en forsætisráðuneytið er þar í öðru sæti.

### Hlutfall starfsfólks aðalskrifstofu af heildarstarfsfólki ráðuneytis




### Breyting á fjölda starfsfólks aðalskrifstofa




Launakostnaður ráðuneytisins fer úr tæpum fjórum milljörðum árið 2017 í tæpa fimm milljarða árið 2020, samkvæmt tölum Fjársýslunnar. Þrátt fyrir það hafa útgjöld ráðuneytisins dregist saman að raungildi undanfarin ár, segir í svari ráðuneytisins.

„Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, hefur í embættistíð sinni lagt áherslu á ráðdeild og hagkvæmni í rekstri utanríkisþjónustunnar án þess að dregið sé úr gæðum hennar,“ segir í svarinu.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra.

„Ef útgjöld síðastliðins árs eru borin saman við útgjöld ráðuneytisins eins og þau voru árið 2007, er utanríkisráðuneytið annað tveggja ráðuneyta þar sem útgjöld hafa dregist saman að raungildi frá því sem var fyrir síðasta efnahagshrun.“

Í svörum ráðuneytisins eru gefnar upp fimm skýringar á fjölgun starfsfólks. Í fyrsta lagi voru ráðnir inn sjö leyfafulltrúar vegna útgáfu Schengen-áritana. Danir sáu áður um þá þjónustu fyrir Ísland en utanríkisráðuneytið hefur tekið við henni og fær tekjur af, sem duga fyrir launakostnaði og gott betur.

Í öðru lagi eru tímabundin verkefni með tímabundnum fjárveitingum, til að mynda formennska Íslands í Norðurskautsráðinu og samningaviðræður vegna útgöngu Bretlands úr ESB.

Þá hefur í þriðja lagi verið tekið á móti ungu fólki í starfsnám en það var ekki í boði áður. Í fjórða lagi eru nefnd aukin framlög íslenska ríkisins til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, sem nema rúmlega tveimur milljörðum á tímabilinu, og til öryggis- og varnarmála, rúmur milljarður á tímabilinu, í samræmi við áherslur stjórnarsáttmálans.

Að lokum eru afleysingar vegna fæðingarorlofa og viðbættur starfskraftur á Seyðisfirði hjá Þýðingamiðstöð ráðuneytisins, sem á að styðja við markmið stjórnvalda um störf án staðsetningar. ■










ENGLABÖRNIN
falleg föt á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI
552 2201

# Borgin freisti þess að firra sig ábyrgð

einarthor@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Foreldrar barna í 2. til 4. bekk Fossvogsskóla geta valið milli þriggja kosta fyrir tilhögun skólastarfsins fyrstu vikur skólaársins. Mikil óánægja er með ákvörðun skólayfirvalda í Reykjavík að hefja starfið í kjallara og anddyri íþróttahúss Víkings uns færanlegar skólastofur skila sér.

„Það er jákvætt að það séu komnir nýir valkostir en grátlegt að það gerist þremur dögum fyrir skólasetningu,“ segir Agnar F. Helgason, fulltrúi í skólaráði Fossvogsskóla.

„Það er verið að setja fram könnun með engum fyrirvara um valkosti sem hafa ekki verið kynntir,“ segir hann og nefnir kostinn um húsnæði Hjálpræðishersins sem fæstir foreldrar hafi séð.

„Þessi könnun virðist því fyrst og fremst vera sýndarleikur sem snýst um það að firra borgina ábyrgð á þessari ákvarðanatöku og velta henni yfir á foreldra,“ segir hann.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, segir að valkosturinn um húsnæði Hjálpræðishersins hafi verið skoðaður af alvöru eftir samtöl við foreldra. ■




## Viltu slást í hópinn?

Karlakór Reykjavíkur leitar að liðsauka og framundan eru raddpróf fyrir áhugasama söngmenn. Við prófum raddsvið og tóneyrn og finnst það kostur ef þú býrð yfir kunnáttu í tónlist og nótnalestri, sem þó er ekki skilyrði.

Ef þú ert fimmtugur eða yngri og hefur áhuga á að spreyta þig skaltu senda okkur línu á netfangið **kristinssonfridrik@gmail.com** fyrir 1. september næstkomandi og við höfum samband við þig.

### Vetrarstarfið

Hefðbundið starfsár einkennist af tveimur hápunktum. Annars vegar eru það aðventutónleikar í Hallgrímskirkju, sem í ár fara fram dagana 11. – 13. desember. Þeir eru alltaf vel sóttir enda fastur liður í jólaundirbúningi fjölmargra landsmanna. Eftir áramót hefjast svo æfingar fyrir vortónleika í Langholtskirkju þar sem afrakstur vetrarstarfsins verður lagður fram. Að þeim loknum gleðjumst við ásamt mökum okkar yfir liðnum vetri og fögnum vorkomu.

*Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og skemmtileg viðfangsefni í tónlist og skemmtilegt félagsstarf í góðum félagsskap. Söngferðir til útlanda eru farnar reglulega auk þess sem byggðir landsins eru heimsóttar til tónleikahalds. Kórinn æfir í safnaðarheimili Háteigskirkju alla þriðjudaga og einn fimmtudag í hverjum mánuði frá september og fram að vortónleikum í apríl.*



# Íþróttasjóður

## Umsóknarfrestur er **1. október**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 64/1998 og reglugerð nr. 803/2008.

**Styrkir eru veittir til eftirfarandi verkefna:**

- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna, sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem stuðla að jafnrétti í íþróttum
- Íþróttarannsókna
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

**Vakin er athygli á því að sami umsækjandi getur aðeins sent inn eina umsókn í hverjum umsóknarflokki.**

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is. **Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 15:00, 1. október 2021.**

**Nánari upplýsingar** veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 699 2522.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Naustin sem unnið er að því að grafa upp á Grónesi. Fleiri myndir frá Grónesi má sjá á frettabladid.is. MYND/AÐSEND

# Grafa upp fornan skála sem glitti í á fögru sumarkvöldi

Fornleifafræðingur fann skála sem kann að vera frá landnámsöld þegar hún fór yfir myndir úr dróna. Uppgröftur stendur nú yfir.

arib@frettabladid.is

**VESTFIRÐIR** Unnið er að því að grafa upp skála sem kann að vera frá landnámsöld, á Grónesi í Reykhólahreppi. Til stendur að leggja veg yfir svæðið og er nú sjö til átta manna teymi á staðnum til að rannsaka skálann og aðrar minjar ítarlega, áður en til þess kemur.

Á svæðinu var bær sem lagðist í eyði árið 1925.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur stjórnar uppgreftrinum en hún er einnig að störfum í Arnarfirði þar sem miðaldaskáli fannst nýverið. Rannsóknirnar í Grónesi, eða Gróunesi, höfust í maí á þessu ári. Skráð voru tvö naust innan framkvæmdasvæðisins og fór Minjastofnun fram á fullnaðarrannsókn á þeim.

Annað naustið er fimmtán metra langt með stórum og þykkum veggjum. „Greinilegt er að naustið er mjög gamalt og hefur verið notað í langan tíma og má sjá endurbætur á byggingunni. Það hefur líka verið notað til annars en að geyma stórt skip. Innst inni í því var eldstæði og gæti það hafa verið notað sem sjóbúð á einhverjum tímapunkti,“ segir Margrét. Engin gjóskulög eru á svæðinu en vonir eru bundnar við að kolefnagreining geti gefið hugmynd um aldur þess.

Margrét segir að á fallegu sumarkvöldi í júlí hafi hún sent upp dróna til að taka myndir af uppgreftri á naustinu. „Þegar ég fór svo að skoða myndirnar morguninn eftir sé ég glitta í eitthvað neðan við túnið sem minnti mig óþægilega mikið á lag skála. Ég hafði ekki verið að taka myndir yfir það svæði en ég hafði sett drónann hátt og hann náði stærri mynd. Skuggar kvöldsólarinnar urðu til þess að minnsta hæðarbreyting kom fram og þarna neðan við túnið á Grónesi alveg niður við sjó virtist vera landnámsskáli,“ segir hún. Skálinn fannst ekki við fornleifaskráningu árið 2016 vegna bláberjalyngs.

„Þó að þetta kæmi skyndilega og mjög óvænt upp á miðju sumri var það strax ljóst að hálfu okkar og Vegagerðarinnar að vel yrði staðið að þessari rannsókn og hún unnin með það að leiðarljósi að fá fram allar þær upplýsingar sem svona rannsókn getur leitt í ljós.“

Margrét segir að hún geti ekkert fullyrt um aldur skálans á þessum tímapunkti þar sem rannsóknin hafi aðeins byrjað nú í ágúst. Útlit hússins geti gefið vísbendingar, auk þess að gripir gætu fundist sem hægt sé að kolefnagreina. „Rannsóknin er ekki komin nógu lagt til að við getum fullyrt neitt að svo stöddu en það er ekki ólíklegt að þarna sé um að ræða byggingu frá landnámsöld,“ segir hún.

Teymið verður að störfum fram á haust. Margrét segir að ef starfið klárist ekki verði þráðurinn tekinn upp í vor. „Það er vel hægt þó framkvæmdir séu hafnar. Við höfum töluverða reynslu við að vinna inni á vinnusvæðum með stórar vinnuvélar þjótandi allt í kring. Þegar allir eru meðvitaðir um störf hver annars er mjög auðvelt og skemmtilegt að vinna að rannsóknum þó mikið sé að gerast í kring. Þessi rannsókn verður vönduð og allt í hana lagt og við vinnum hana í góðu samstarfi við Vegagerðina og verktaka.“ ■



Kristín Ragnarsdóttir uppgraftarstjóri, Margrét Hallmundsdóttir, stjórnandi og fornleifafræðingarnir Gunnar Grímsson og James McGovern. MYND/AÐSEND

### Tuttugu kílómetra vegur

Vegurinn sem verður lagður á Grónesi hefur verið á dagskrá í áraraðir. Til stendur að klára framkvæmdir haustið 2023, hann verður 20 kílómetrar og felur í sér þverun þriggja fjarða og að vegur verði lagður um birkiskóginn Teigsskóg við Þorskafjörð.

„Það er mikil gróðureyðing sem mun eiga sér stað,“ segir Þorvaldur Steinsson, einn landeigenda við Teigsskóg.

Vegagerðin hefur náð samningum við landeigendur við Teigsskóg, Gröf og Hallsteinsnes. Hver um sig fær um 24 milljónir króna í sinn hlut. Þorvaldur segir að samningar hafi verið það eina í stöðunni. „Það að leggja veg um þetta svæði sýnir manni að íslensk náttúra er kannski ekki mikils virði.“

G. Pétur Matthíasson, forstöðumaður samskiptadeildar Vegagerðarinnar, segir gott að það liggi fyrir farsæl niðurstaða eftir allan þennan tíma. Hægt sé þá að ljúka mikilli vegagerð sem hefur verið í gangi á sunnanverðum Vestfjörðum mörg undanfarin ár. „Það er fagnaðarefni að nú hylli undir lokin á því að byggja nútímalegan, greiðfæran og öruggan veg fyrir íbúa á svæðinu.“


HLAUPTU
ÞÍNA LEIÐ
Í ljósi þess að Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka hefur verið aflýst eru þátttakendur hvattir til að hlaupa sína leið og leggja góðgerðafélögum lið til 20. september.
Aldrei hefur verið jafn mikilvægt og nú að safna áheitum enda er söfnunin stór hluti af innkomu margra góðgerðafélaga sem láta gott af sér leiða alla daga. Hægt er að heita á hlaupara með einföldum hætti á hlaupastyrkur.is.
Einnig er hægt er að styrkja öll góðgerðafélögin með beinum framlögum með því að senda SMS skilaboð.
Sendu SMSið
HLAUP1 í númerið 1900 og gefðu 1.000 kr.
HLAUP2 í númerið 1900 og gefðu 3.000 kr.
HLAUP3 í númerið 1900 og gefðu 5.000 kr.
REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
Rapyd
GARMIN
AVIS

# Óvenju hátt hlutfall barna fæddust á flótta

Flóttafólki í heiminum fjölgar ört og sér engan veginn fyrir endann á vextinum, að því er fram kemur í samantekt Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, en um þessar mundir eru 70 ár frá því hún var sett á laggirnar.

ser@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Hér tala tölurnar sínu máli: Árið 2020 var einn af hverjum 95 jarðarbúum á flótta en árið 2010 var einn af hverjum 159 jarðarbúum á flótta. Viðbótin á einum áratug er því sláandi.

En hvað veldur þessari fjölgun flóttamanna í heiminum? Saga Emilía Sigurðardóttir, kynningarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, segir að eina helstu ástæðu fjölgunarinnar megi rekja til langvarandi borgarastyrjaldar í Sýrlandi. Þar í landi hafi liðlega helmingur íbúanna gerst flóttamenn.

6,7 milljónir sýrlenskra ríkisborgara hafi flúið innanlands, en 6,8 milljónir þvert yfir landamærin til Líbanon og Tyrklands, sem geri alls 13,5 milljónir sýrlenskra flóttamanna. Þessar tölur séu þær langmestu og hæstu í heiminum í dag.

Hún nefnir í þessu efni að Tyrkland hafi árið 2020 og allt til þessa dags verið helsta gistiríki og samfélag flóttamanna yfir landamæri, sem telji 6,8 milljónir manna.

„Óvenju há tala er meðal barna sem fæddust sem flóttamenn árin 2018 til 2020,“ segir Saga Emilía, „en það voru tæplega ein milljón barna.“ Hún bendir á að samkvæmt spá Alþjóðabankans muni fátæktarörbirgð vegna yfirstandandi heimsfaraldurs stóraukast á næstu árum, en nú um stundir glími á bilinu 119 til 124 milljónir við það hlutskipti.

„Þar við bætist,“ segir Saga Emilía „að loftslagsbreytingar í heiminum valda fólksflutningum og auka hættur sem steðja að þeim sem eru þvingaðir til að leggja á flótta.“

Hún segir vandann í hnotskurn vera tengdan fátækt, matvælaöryggi, fyrrnefndum loftslagsbreytingum, átökum og fólksflutningum sem eru samofin og hanga þétt saman. Þau valda því að enn fleiri flóttamenn sækjast eftir öruggu lífsviðurværi og tryggri tilveru.

Þrátt fyrir hinar miklu ferðatakmarkanir hefur fjöldi flóttamanna um allan heim aukist um kvartmilljón milli áranna 2019 og 2020, úr 20,4 milljónum manna í 20,7 milljónir. „Þetta eru vofveiflegar staðreyndir um það fólk sem deilir með okkur lífi hér á jörðinni nú á þessum erfiðu og átakamiklu tímum,“ segir Saga Emilía.

Og það sem sárast er, bendir hún á: „Mikill fjöldi barna er á meðal flóttamanna, eða um það bil 10,1 milljón.“

Og Saga Emilía segir enn fremur: „Heildartala flóttamanna árið 2020 var 82,4 milljónir manna en stefnir hraðbyri í það að verða meira en 100 milljónir flóttamanna í heiminum. Í þessum hópi er mikill fjöldi kvenna og barna og annars umkomulauss fólks.“ ■



Fólk kom saman í miðborg Kabúl, höfuðborgar Afganistan, til þess að halda upp á þjóðhátíðardag landsins í gær. Átök geisa í landinu þessa stundina og fólk freistar þess að komast frá landinu og í skjól annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**”**

**Mikill fjöldi barna er á meðal flóttamanna, eða um það bil 10,1 milljón.**

Saga Emilía Sigurðardóttir, kynningarfulltrúi SÞ.






Tveir krakkar horfa út á fljót í Bhola í Bangladesh. Húsið þeirra veðraðist burt vegna ágengni fljótsins í júlí 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tæpur helmingur allra barna í bráðri hættu af völdum loftslagsbreytinga

urduryrr@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Einn milljarður barna er í bráðri hættu af völdum loftslagsbreytinga, samkvæmt nýjum stuðli UNICEF. Af 2,2 milljörðum barna eru rúmlega 99 prósent í einhverri hættu af völdum loftslagsbreytinga.

Aðeins í fimm löndum er börnum talin stafa lítil hætta af loftslagsbreytingum en það eru Ísland, Nýja-Sjáland, Eistland, Finnland og Svíþjóð.

Í mestri hættu eru börn nokkurra þjóða í Mið-Afríku og Suður-Asíu. Efst á þeim lista eru Mið-Afríkulýðveldið, Tsjad, Nígería, Gínea og Gínea-Bissá.

Þau lönd sem búa við mesta hættu menga jafnframt minnst. Þau 33 lönd sem talin eru vera í bráðri hættu af loftslagsbreytingum bera ábyrgð á innan við tíu prósentum losunar gróðurhúsalofttegunda. Löndin tíu sem búa við mesta hættu bera aðeins ábyrgð á hálfu prósenti losunarinnar.

Um 90 prósent allra barna, tveir milljarðar, búa við hættulega loftmengun vegna brennslu jarðefnaeldsneytis. Mörg börn eru líka í hættu vegna vökvaskorts, hitabylgja, blýmengunar, smitsjúkdóma og fellibylja. ■

Sjá nánar á frettabladid.is

## Handbók Steve Jobs seld á væna fúlgu

kristinnpall@frettabladid.is

**APPLE** Handbók um Apple II tölvuna, árituð af Steve Jobs, fyrrum forstjóra Apple, seldist fyrir 630 þúsund dali á sérstöku uppboði með hlutum tengdum Jobs og Apple í vikunni. Alls seldust hlutir fyrir tvær milljónir dala.

Í útboðinu var að finna hluti á borð við nafnspjald Jobs sem hann notaði sem forstjóri Apple, föt úr einkasafni Jobs, hluti sem Jobs áritaði, bréf með áritun Jobs og nothæfa Apple 1, fyrstu tölvuna sem fyrirtækið setti í sölu.

Í fyrstu var talið að handbókin sem er frá 1980 myndi fara á 25 þúsund dali en að uppboðinu loknu var komið tilboð upp á tæplega 81 milljónir króna. Næst dýrasti huturinn var bréf sem Jobs sendi, þar sem hann hafnaði beiðni um eiginhandaráritun en lauk bréfinu á undirskrift. Bréfið fór á um 49 milljónir íslenskra króna. ■




ENNEMM / SÍA / NM007012

## BAYON færir þér yfirsýn og öryggi

Nýr Hyundai BAYON lyftir tilverunni á hærra plan með frábærum aksturseiginleikum, öryggisbúnaði og sparneytinni vél. Þú situr hærra í þessum laglega, lipra og rúmgóða bíl og hefur þannig betri yfirsýn og meiri öryggistilfinningu í umferðinni.
Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai BAYON sem er á hreint frábæru verði og tilbúinn í ævintýrin með þér.

**Hyundai BAYON. Verð frá: 3.890.000 kr.**

**www.hyundai.is**

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum Hyundai bílum er 7 ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Kynntu þér 7 ára ábyrgð á hyundai.is.

# Fákeppnin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Meginvandinn í íslensku viðskiptalífi er skortur á samkeppni. Fyrirtækjum á sviði verslunar og þjónustu líður heldur of vel í sínum ranni. Heimavöllurinn er hæfilega lítill og þægilegur – og leikmennirnir þurfa ekkert endilega að reyna mikið á sig.

Þetta er súrt í ljósi þess að fátt hefur meiri áhrif á efnahagslegar framfarir en frjáls samkeppni, sem skilar sér að lokum í meiri kaupmætti almennings.

En fákeppnin er söm við sig. Og henni er ef til vill ekki tekið jafn illa á Íslandi og í löndunum beggja vegna Atlantsála af því að heimóttarskapur er enn við lýði, altso hræðsla eyjaskeggja við það útlenska og óþekkta, en samkvæmt því á hin fullvalda þjóð að vera sjálfri sér nóg.

Örsjaldan fær íslensk verslun og þjónusta duglegt kjaftshögg að utan. Kannski er Costco eina raunverulega dæmið frá síðari árum. Þá vaknaði viðskiptalífið upp með andfælum. Tilkoma Costco setti innlenda smávöruverslun, þar á meðal bensínsölu, undir verðþrýsting sem neytendur hafa æ síðan notið góðs af.

En dæmi af þessu tagi eru alltof fátíð. Og ástæðan er augljós. Þrátt fyrir EES-samninginn og fjórfrelsi hans hafa nánast engin fyrirtæki innan hinna 29 ríkjanna á efnahagssvæðinu áhuga á viðskiptum hér á landi.

Ástæðan er auðvitað íslenska krónan. Það hefur vart nokkurt erlent fyrirtæki áhuga á að reka starfsemi hér á landi með gjaldmiðil sem er aðeins og eingöngu til heimabrúks.

Á bankamarkaði blasir þetta við. Íslensku viðskiptabankarnir eru þríburar, svo líkir sem þeir eru hver öðrum. Og þeim stafar engin ógn að utan. Þeir lifa í bómullarhagkerfi. Fastir húsnæðisvextir þeirra eru í kringum 4,5 prósent á meðan sambærilegir vextir evrópskra banka á meginlandinu eru vel innan við 1 prósent, raunar allt niður í 0,51 prósent.

> „Á bankamarkaði blasir þetta við. Íslensku viðskiptabankarnir eru þríburar, svo líkir sem þeir eru hver öðrum.

Bankafákeppnin á Íslandi – með krónuna að vopni – kostar landann formúu. Íslenskur kaupandi að 50 milljóna króna eign sem tekur hámarkslán til 40 ára greiðir hana 3,5 sinnum á endanum á meðan evrópskur kaupandi greiðir hana 1,5 sinnum á sama tíma.

Vextir á Íslandi, sem stjórnvöld og Seðlabankinn, fullyrða að séu lágir, eru að jafnaði minnst fimm sinnum hærri en í evrulöndum.

Og þetta sætta flestir landsmenn sig við – og líklega þar með talið stærstur hluti kjósenda í næsta mánuði. Hann vill borga meira fyrir hlutina en hann þarf. Og það er einbeittur vilji hans. ■




## Gunnar




## Mín skoðun

# Kæfandi þögn kanarífuglsins



Sif Sigmarsdóttir

Landsþing Miðflokksins sem fram fór um síðustu helgi var eins og pólitískur spennutryllir í anda Dan Brown, þar sem aðalsöguhetjan er maður sem finnur hinn heilaga kaleik og leggur sig í lífshásk a til að tryggja að veröldin fái að frétta af tilvist hans.

Í ræðu á Hilton hótelinu við Suðurlandsbraut sagðist formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hafa uppgötvað nýja nálgun í íslenskum stjórnmálum. „Ég er svo sannfærður um að lausnir okkar muni virka að þegar ég lagði af stað í ferðalag um landið fyrir tæpum tveimur vikum lét ég konuna mína hafa drögin, þannig að ef ég lenti í óhappi á leiðinni gæti hún komið þeim á framfæri og flokkurinn nýtt hugmyndirnar til hagsbóta fyrir landið,“ sagði Sigmundur.

Kosningabaráttan er hafin. Það er ekki aðeins Sigmundur Davíð sem fer um eins og frelsari sem boðar okkur mikinn fögnuð. Stjórnmálafólk sést nú úti um allt, stíft af staðfestu og fullt af fullvissu.

En þótt þrá kjósenda eftir vissu risti djúpt er ólíklegt að heit sannfæring frambjóðenda sem telja sig hafa fundið sannleikann leiði til þeirra „hagsbóta fyrir landið“ sem Sigmundur Davíð virðist telja.

**Hættuleg ásókn í fullvissu**

Larry Kudlow starfaði sem helsti efnahagsráðgjafi Donalds Trump. Kudlow var staðfastur í þeirri trú að skattalækkanir ykju skatttekjur og tryggðu góðæri.

Árið 1993 fullyrti Kudlow að skattahækkanir Bills Clinton myndu skaða hagkerfið. Þegar hagkerfið þvert á móti blómstraði rakti Kudlow uppganginn til skattalækkana Ronalds Reagan á níunda áratugnum.

Árið 2003 réðist George W. Bush í róttækar skattalækkanir. Kátur Kudlow kallaði þær „framsýni“. Þegar hagkerfið tók dýfu hélt Kudlow því fram að Bandaríkin væru víst í blússandi góðæri. Í desember árið 2007 skrifaði hann grein þar sem hann fullyrti „það er engin efnahagslægð á leiðinni“. Sama mánuð hófst fjármálakreppan, dýpsta efnahagslægð frá kreppunni miklu 1929.

> „Vissa í fari fólks er ekki kostur. Hún er löstur.

„Það eina sem ég veit er að ég veit ekki neitt,“ er haft eftir heimspekingnum Sókratesi. Vissa í fari fólks er ekki kostur. Hún er löstur. Í stjórnmálum er vissa viðvörunarbjalla, hún er kæfandi þögn kanarífuglsins í kolanámunni. Því það er ekki vissan sem fleytir okkur áfram. Það er þvert á móti óvissan.

Vísindin hafa verið okkur hugleikin í viðjum kórónaveirufaraldursins. Stjörnufræðingurinn Carl Sagan sagði vísindin vera einu vörnina gegn hættulegri ásókn okkar í fullvissu. „Mannkynið kann að þrá vissu, sækjast eftir henni, og – eins og fylgismenn sumra trúarbragða – þykjast búa yfir henni. En saga vísindanna ... kennir okkur að það eina sem við getum vonast eftir er að skilningur okkar aukist skref fyrir skref, að við lærum af mistökunum ... og að algerri fullvissu verður aldrei náð.“

Stjórnmálaflokkar landsins boða nú hver sinn sannleik, hugmyndafræðilegt kerfi sem á lausn við öllum uppákomum, svar við öllum spurningum. En hvort sem hinn heilagi kaleikur er skattahækkun, skattalækkun, frelsi eða jöfnuður, eru örlög kanarífuglsins þau sömu.

„Vísindafólk þröngvar ekki þörfum sínum og löngunum á veröld náttúrunnar heldur yfirheyrir það náttúruna og tekur til sín það sem hún hefur að segja,“ ritaði Carl Sagan. Larry Kudlow þröngvar „þörfum sínum og löngunum“ á veröldina. En sá sem veit allt lærir aldrei neitt nýtt. Sá sem býr nú þegar yfir sannleikanum er ekki móttækilegur fyrir nýjum upplýsingum.

Stjórnmálin mættu taka sér vísindin til fyrirmyndar. Við þörfnumst ekki stjórnmálafólks sem er blindað af eigin vissu. Við þörfnumst stjórnmálafólks sem veit að það veit ekki neitt. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Sigmundur Ernir Rúnarsson ser@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is


Veldu Volkswagen
Sjö frábærir tengiltvinnbílar fyrir þig
Veldu þinn uppáhalds tengiltvinnbíl á
www.hekla.is/volkswagensalur
Leiðin að núllinu
ZERO
Volkswagen býður breiða línu tengiltvinnbíla sem nota rafmagn og bensín sem aflgjafa. Allir hafa þeir um 50 km. drægni eingöngu á rafmagni (skv WLTP) en þá tekur bensínvélin við. Alla sjö má fá hjá okkur og ættu allir að geta fundið stærðarflokk við hæfi. Tengiltvinnbíll er frábært fyrsta skref í átt að vistvænni framtíð. Taktu þátt í orkuskiptunum.
Golf eHybrid Style 5.590.000 kr. Arteon eHybrid 7.790.000 kr. Tiguan eHybrid 5.690.000 kr. Passat GTE 6.990.000 kr. (sérpöntun) Golf GTE 6.390.000 kr. Touareg eHybrid Elegance 11.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Fylgdu okkur!
@volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Íslenska liðið fagnar marki í leik fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Upp fyrir Kína á heimslistanum

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu fór upp um eitt sæti á nýjasta heimslista FIFA sem gefinn var út í gær, þrátt fyrir að hafa ekki spilað á þeim mánuði sem er liðinn frá útgáfu síðasta lista. Ísland og Danmörk fara upp um eitt sæti hvort á kostnað Kína, sem fellur niður um tvö sæti eftir frammistöðu sína á Ólympíuleikunum. Stelpurnar okkar eru því í 16. sæti á nýjasta listanum en besti árangur liðsins frá upphafi er 15. sætið, sem náðist fyrst árið 2011 og síðast árið 2013. Næsta verkefni kvennalandsliðsins er undankeppni HM 2023 sem hefst í haust. Þar hefur Ísland leik gegn Evrópumeisturum Hollands á Laugardalsvelli þann 21. september næstkomandi. ■

## Blikar reyna að komast í umspil

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Breiðablik mætir í dag litáíska meistaraliðinu Gintra á heimavelli þeirra í Siualai, þar sem sigurliðið fer áfram í umspilið fyrir riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Takist Blikum að komast á næsta stig verða þær í efri styrkleikaflokknum þegar dregið verður í umspilið á sunnudaginn, þar sem sæti í riðlakeppninni bíður sigurvegaranna.

Blikar léku á als oddi gegn KÍ Klaksvík fyrr í vikunni þegar Breiðablik vann 7-0 sigur, en samdægurs vann Gintra 2-0 sigur á Flora frá Eistlandi.

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi Meistaradeildar Evrópu í kvennaflokki verða sextán lið í fjórum riðlum en takist Blikum að komast áfram í riðlakeppnina fá þær 400 þúsund evrur í sinn hlut eða um sextíu milljónir íslenskra króna. ■

# Frábært að ná þessu í Safamýrinni

kristinnpall@frettabladid.is

**Innan við ári eftir að Fram missti af sæti í efstu deild á markatölu eftir að mótinu var aflýst, er forna stórveldið komið aftur upp í efstu deild. Þjálfarinn segir leikmenn lítið hafa kveinkað sér vegna úrskurðar KSÍ og verið ákveðnir í að vinna deildina næsta ár þess í stað.**

**FÓTBOLTI** „Það var mikil gleði og um leið léttir þegar þetta var í höfn. Maður var þannig séð tiltölulega rólegur þegar lokaflautið gall, enda nægur tími til að ná þessu upp á eigin spýtur, en það var um leið mikið fagnaðarerindi þegar við fengum fréttirnar af Seltjarnarnesi og við vorum komnir upp,“ segir Jón Þórir Sveinsson, þjálfari Fram, aðspurður hvernig tilfinningin hafi verið að koma Fram upp í efstu deild að nýju eftir sjö ár í næstefstu deild.

Sigur Gróttu á Kórdrengjum á fimmtudaginn gerir það að verkum að aðeins ÍBV getur náð Fram að stigum þegar fimm umferðir eru eftir. Framarar hafa verið óstöðvandi í næst efstu deild það sem af er tímabils, unnið fimmtán leiki af sautján, gert tvö jafntefli, skorað flest mörk og fengið fæst á sig.

Undir lok síðasta árs fóru Framarar með mál fyrir dómstól KSÍ vegna þess sem þeir töldu galla á reglukerfi KSÍ eftir að ákvörðun var tekin um að flauta Íslandsmótið af. Leiknir og Fram voru með sama stigafjölda þegar ákvörðun var tekin í ljósi þess að ekki var talið að hægt yrði að leika síðustu umferðirnar vegna sóttvarnaaðgerða.

Stjórn Fram kærði ákvörðun KSÍ á grundvelli þess að ekkert stæði í regluverkinu um að beitt yrði markatölu ef lið yrðu jöfn að stigum en aga- og úrskurðarnefnd og síðar áfrýjunarnefnd KSÍ höfnuðu beiðni Framara. Aðspurður segir Jón að hópurinn hafi lítið velt sér upp úr því hvernig dómsmálið fór fram.

„Það var ekkert stórkostlegt vandamál að taka þessari ákvörðun þegar hún var tekin. Við ræddum það strax, þjálfarar og leikmenn, að við þyrftum að spila áfram í næst efstu deild og áttum ekki von á því að þessu yrði haggað. Um leið leyfðum við stjórn félagsins að leita réttar síns og kanna lögmæti ákvörðunarinnar sem var sjálfsagt,“ segir Jón og heldur áfram:



Jón Þ. Sveinsson, sem var á sínum tíma frábær í vörn Fram, hefur komið liðinu í efstu deild að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> ”
>
> **Það eru komin nokkur ár, alltof mörg að mati Framara, síðan við féllum og það voru margir stoltir í stúkunni að fylgjast með okkur. Þegar ég tók við var markmiðið að koma liðinu upp í efstu deild áður en nýr heimavöllur yrði tekinn í notkun og það tókst.**
>
> Jón Þórir Sveinsson, þjálfari Fram.

„Þegar litið er til baka er eina klúðrið í þessu í raun að það stóð ekkert í reglugerðinni um hvað skyldi gera ef lið væru jöfn að stigum. Það er ekkert óeðlilegt að þessi leið sé farin og hún er alla jafna notuð en það stóð ekkert um hana, bara að reiknað yrði út frá meðaltali stiga.“

Aðspurður hvort að það hafi skotið upp í kollinum þegar núverandi bylgja hófst hvort að sagan væri að endurtaka sig, sagði Jón að það hefði aldrei vakið ótta.

„Þessi umræða kom aldrei upp. Þessi hugmynd skaust upp í kollinn hjá mér á einum tímapunkti, hversu mikið þyrfti að spila til viðbótar til að mótið myndi standa, en þetta var ekkert að valda manni neinum áhyggjum.“

Karlalið Fram leikur því í deild þeirra bestu að nýju á næsta ári, átta árum eftir að félagið féll úr efstu deild. Jón sem er einn leikjahæsti leikmaður í sögu Fram með 312 leiki og tók við liðinu fyrir þremur árum, tekur undir að það sé léttir að koma félaginu aftur meðal þeirra bestu.

„Það eru komin nokkur ár, alltof mörg að mati Framara, síðan við féllum og það voru margir stoltir í stúkunni að fylgjast með okkur. Þegar ég tók við keflinu var markmiðið að koma liðinu upp í efstu deild áður en nýr heimavöllur yrði tekinn í notkun og það tókst. Um leið er ákveðið fagnaðarerindi að hafa náð þessu afreki í Safamýrinni. Við tókum ákvörðun að færa leiki okkar af Laugardalsvelli yfir í Safamýrina þegar ég tók við liðinu og það reyndist mikið heillaskref,“ segir Jón og heldur áfram:

„Nú tekur við nýtt upphaf, kaflaskil í sögu félagsins þegar við flytjumst upp í Úlfarsárdal. Félagið hefur verið með starfsemi þar undanfarin ár og stór hluti iðkenda félagsins er búsettur þar. Það verður gaman að reyna að mynda stemningu þar í efstu deild.“

Fram á enn möguleika á því að bæta stigametið í tólf liða 1. deild, 54 stig, í eigu Víkings frá Ólafsvík, en til þess þarf Fram átta stig eða meira úr síðustu fimm leikjum sínum. Þá gæti Fram leikið eftir afrek Breiðabliksliðsins frá 2005, sem tapaði ekki leik á tímabilinu.

„Fyrst og fremst er ég gríðarlega stoltur af strákunum. Þeir hafa fengið ýmis erfið verkefni en þeir hafa leyst þau öll með algjörum sóma. Við vorum alltaf ákveðnir að vinna deildina eftir vonbrigði síðasta árs, ekki láta annað sætið duga. Við þurfum einhver stig til viðbótar en um leið viljum við halda áfram á jákvæðu nótunum og ganga stoltir frá borði í lok tímabilsins,“ segir Jón. ■

## Cecilía Rán fer til Everton á nýju ári

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Everton gekk í gær frá kaupunum á Cecilíu Rán Rúnarsdóttur en hún leikur með Örebro í Svíþjóð það sem eftir lifir tímabilsins og heldur svo til Englands. Mosfellingurinn, sem varð átján ára á dögunum, skrifaði undir þriggja ára samning við enska félagið.

Cecilía fékk eldskírn sína með Aftureldingu þrettán ára gömul og lék sína fyrstu leiki í efstu deild fyrir Fylki stuttu fyrir sextán ára afmæli sitt. Hún lék í tvö ár með Fylki og kom sér í hóp íslenska landsliðsins.

Markvörðurinn lék fyrsta landsleik sinn sautján ára gömul en þjálfari Everton, Willie Kirk, sagði að félagið væri búið að vera með augastað á Cecilíu í átján mánuði þegar greint var frá kaupunum. ■

# Spánverjinn finnur fyrir pressu í Lundúnum

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Pressan eykst á Mikel Arteta, knattspyrnustjóra Arsenal, en fari svo að Arsenal verði án stiga þegar farið verður í fyrsta landsleikjahlé, verður ef til vill farið að hitna undir Spánverjanum. Hann hefur fengið úr digrum sjóði að ráða við að styrkja liðið í sumar, en Skytturnar hafa eytt mestum peningum allra liða í ensku úrvalsdeildinni í nýja leikmenn, eftir kaupin á Aaron Ramsdale og Martin Ødegaard. „Ég veit að það er fólk sem vill gera lítið úr okkur og gagnrýna en við hlustum ekki á slíkt. Þrátt fyrir það er jákvæður andi í hópnum og við ætlum til að efla andrúmsloftið og við erum vissir um að við getum unnið Chelsea,“ sagði Arteta á blaðamannafundi í gær, aðspurður hvort hann væri farinn að finna fyrir pressu eftir tap Arsenal í fyrstu umferð.




Mikel Arteta hefur fengið að opna veskið duglega í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Með kaupunum á Ødegaard og Ramsdale hefur Arsenal bætt leikmannahópinn fyrir tæplega 127 milljónir punda og keypt leikmenn í flestar stöður vallarins. Þrátt fyrir það stóð lið Arteta engan veginn undir væntingum í fyrstu umferð gegn Brentford, en óstöðugleiki hefur einkennt spilamennsku Arsenal þá tuttugu mánuði sem Arteta hefur verið við stjórn. Arsenal er með 1,8 stig að meðaltali í leik í þeim 87 leikjum sem Skytturnar hafa leikið undir stjórn Arteta og lent í áttunda sæti deildarinnar árin tvö, en unnið einn bikarmeistaratitil á þeim tíma.

Gera má ráð fyrir að koma Ramsdale, sem hefur verið á jaðri enska landsliðshópsins, komi niður á tækifærum Rúnars Alex Rúnarssonar hjá Skyttunum. Íslenski landsliðsmarkvörðurinn var orðaður frá félaginu fyrr í sumar en er þessa dagana að ná sér af kórónaveirunni. ■


ASKJA
Straumurinn er í Öskju!
Honda e
EQA
e-niro
Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla
Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.
Kíktu í heimsókn, opið í dag 12-16 – við tökum vel á móti þér.
Skoðaðu úrvalið á syningarsalur.askja.is
Sýningarsalur nýrra bíla Öskju á vefnum er alltaf opinn. Þar má sjá bíla sem eru til á lager eða eru væntanlegir.
Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is





## ROYBECK
Skemmtilegur viðarskápur Stærð: 86 x 41 x 92 cm

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



## INGEL
Sófaborðasett. Þrjú borð saman í setti.Viðarlit palat og svartir fætur.

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

## LANETT
Glæsilegt amerískt sófasett. Mjúkt Barley áklæði og umvefjandi bólstrun. Fallegir viðarfætur og útskorin viðarskeyting neðst á sæti og upp á arma. Hannaðir með þægindi efst í huga. Fæst sem 2ja og 3ja sæta. Skrautpúðar fylgja.

2ja sæta sófi: 170 x 93 cm
**149.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 225 x 93 cm
**169.990 kr.** ~~189.990 kr.~~



## JOHNELLE
Borðstofuborð. Dökkur viður.
Stærð: 137 x 101 x 46 cm

**161.492 kr.** ~~189.990 kr.~~



## HARBOUR TOWN
LZB hægindastóll. Brúnt áklæði.
Stærð: 76 x 91 x 104 cm

**110.492 kr.** ~~129.990 kr.~~







## HARBOUR TOWN RAFDRIFINN LYFTISTÓLL
RAFDRIFINN LZB lyftistóll með einfalda fjarstýringu. Sérlega mjúkt og slitsterkt, brúnt microfiber áklæði.. Armar eru úr bólstruðum viði, sem gerir Harbor Town léttari í útliti en hefðbundna La-z-boy stóla. Einn af nettari La-z-boy stólunum.

Stærð: 69 x 89 x 102 cm
**169.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



## CLARKSTON
LZB hægindastóll. Brúnt leður.
Stærð: 94 x 102 x 112 cm

**169.992 kr.** ~~199.990 kr.~~



## CLARKSTON
LZB hægindastóll. Svart áklæði.
Stærð: 94 x 102 x 112 cm

**118.992 kr.** ~~139.990 kr.~~



## STANLEY
LZB hægindastóll. Svart eða brúnt leður. Stærð: 81 x 99 x 104 cm

**152.992 kr.** ~~179.990 kr.~~



## PINNANCLE
LZB hægindastóll. Svart eða brúnt leður. Stærð: 97 x 86 x 109 cm

**161.492 kr.** ~~189.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# AMERÍSK

## TILBOÐSDAGAR HEFJAST Í DAG

# ÞÆGINDI



## LARKINHURST

Fallegt sófasett í ekta amerískum stíl. Úr jarðarlitu, þykku efni sem minnir á vintage leður, bólstraðir armar og útskornir fætur. Hannaður til að láta þér líða vel. Fæst sem 1-3ja sæta sófar en einnig sem (3ja sæta) svefnsófi. Skrautpúðar fylgja.

2ja sæta sófi: 99 x 168 x 96 cm
**159.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 99 x 226 x 96 cm
**179.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

Hægindastóll: 101 x 109 x 101 cm
**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta svefnsófi: 99 x 226 x 96 cm
**249.990 kr.** ~~269.990 kr.~~



## PINNACLE

Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niður-fellanlegu borði. Svart leður. Einn allra vinsælasti sjón-varpssófinn frá LZB.
Stærð: 201 × 95 × 105 cm.



**373.992 kr.** ~~439.990 kr.~~



## RIALTO



Hámark þægindanna er að leggjast í Rialto sófann. Sófinn er úr sterku áklæði í nokkrum tegundum. Hægt er að panta sjónvarpssófana í ótal útfærslum. Einnig eru þeir með leðri, með/án borð-einninga og með/án rafdrifinna stillinga. Stærð: 203 x 102 x 107 cm

**237.992 kr.** ~~279.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN



Anna María, Kristín og Valgerður eru saman með reikninginn Antirasistarnir, á Instagram. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

# Litlu atvikin safnast saman

Þær Valgerður Kehinde Reynisdóttir, Kristín Taiwo Reynisdóttir og Anna María Allawawi Sonde stofnuðu í febrúar á þessu ári reikninginn Antirasistarnir á Instagram, þar sem þær fræða fólk um rasisma á Íslandi og segja frá sinni upplifun af honum.



Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Vinkona okkar sendi okkur skilaboð í febrúar eftir að fyrirtæki á Íslandi var með mjög rasísk skilaboð í „story“ á Instagram. Við vorum allar búnar að bæði tala um það á samfélagsmiðlum og við vini okkar, og hún sendi á okkur í kjölfarið að hún hefði lengi verið með þá hugmynd í kollinum að opna Instagram-síðu þar sem hægt væri að fræða Íslendinga um rasisma,“ segir Anna María.

Eftir það stofnuðu þær hóp saman og hófu að vinna saman að efni til að birta á síðunni.

„Við vorum bara komnar með upp í kok af fólki að komast upp með alls konar skít,“ segir Anna María ákveðin.

Á síðunni má finna alls kyns efni, til dæmis um það hvernig foreldrar geta frætt börnin sín, hvað er viðeigandi á öskudag og hrekkjavöku, um forréttindablindu og hvernig fólk geti verið bandamenn.

## Litlu atvikin safnast saman

Þær segja að rasisminn geti oft verið falinn eða lítill einn og sér, en þegar atvikin safnast saman þá verði það erfitt, svokölluð öráreitni [e. Microaggression].

„Eins og þegar það er alltaf talað við mann fyrst á ensku. Maður heyrir sterka íslenska hreiminn og svarar á íslensku og þá verða allir svo hissa á því og skipta um umræðuefni með því að spyrja hvað maður hafi lengi verið hérna,“ segir Kristín.

Þær segja annað dæmi vera rasíska brandara, en þá heyra þær reglulega og þegar þær bregðast við því þá spyr fólk hvort ekkert megi lengur.

Stelpurnar segja mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að flestar upplýsingar sem fólk vill afla sér séu aðgengilegar á netinu, í bókum eða í sjónvarpi, og að það sé gott að byrja þar áður en leitað er til litaðs fólks til að fá það til að fræða sig um vandann. Það sé ekki þeirra hlutverk.

„Við fáum mikið af spurningum í skilaboðum sem fólk hefði auðveldlega getað fengið svar við með því að gúggla. Ég er þakklát að fólk komi til okkar að spyrja, en það er líka hægt að byrja annars staðar,“ segir Valgerður.

„Spurningar eru auðvitað velkomnar en vandamálið er þessi tilætlunarsemi,“ segir Anna María og á við það að svart, eða litað, fólk eigi að fræða hvíta um rasisma og af hverju hann sé slæmur.

## Tilnefndar til verðlauna

Stelpurnar eru annað hvort fæddar hér á landi eða ættleiddar aðeins nokkurra mánaða. Þær þekkja því ekkert annað en að vera Íslendingar og að tala íslensku. Tvær þeirra eru í menntaskóla og ein í grunnskóla.

Þær segja margt á döfinni hjá sér og segja að þær bíði núna svars um norræn verðlaun sem þær voru tilnefndar til í flokki ungra frumkvöðla. Verðlaunin eru hálf milljón króna og að halda fyrirlestra á öðrum Norðurlöndum um síðuna. Þær fengu nýlega að vita að þær komust áfram í topp tíu og fá að vita í september hvort þær vinna, en alls verða veitt fern verðlaun.

*Hvað mynduð þið gera við svona peninga og tækifæri?*

„Okkur langar mikið að halda fundi fyrir litað fólk, eða fólk af erlendum uppruna. Fólk gæti komið þangað og sagt sögur sínar og deilt reynslunni af því að vera litaður á Íslandi. Það er svo gott að tala við einhvern sem er að ganga í gegnum það sama og þú. Það geta verið svo margir sem eru að tengja við mann,“ segir Kristín.

Anna María tekur undir þetta. „Manni líður alltaf eins og maður sé einn, því maður er í svo miklum minnihlutahópi.“

## Dreymir um hlaðvarp

Þá dreymir þær einnig um að vera með hlaðvarp og sjá fyrir sér að bjóða gestum að spjalla við sig og geta þannig snert á ýmsum málefnum og náð til fleira fólks.

Þær telja að það þurfi verulegt átak í skólakerfinu til að ávarpa rasisma almennilega og að það þurfi að tryggja það að allir fái fræðslu, bæði nemendur og starfsfólk skólanna.

„Væri ekki betra að læra um það en víkinga á 13. öld?“ spyr Anna María og hlær.

## Íslenskur húmor oft vandamál

Stelpurnar segja að vandamálið í orðræðu og menningu sé að nokkru leyti hægt að rekja til húmors íslenskra, vinsælla grínista og segja að húmor þeirra sé að miklu leyti byggður á rasisma, kvenhatri, hómófóbíu og fitufordómum.

„Það er svo mikið grunnurinn hjá mjög stórum parti unglinga og það er erfitt að hlæja að því. Oft er kannski um að ræða einhverja satíru hjá grínistanum, en krakkarnir gera sér ekki grein fyrir því og taka gríninu bókstaflega. Eins og Næturvaktin, þar er verið að gera grín að því hversu heimskuleg svona mál eru en margir krakkar taka því bókstaflega,“ segir Anna María.

> Við vorum bara komnar með upp í kok af fólki að komast upp með alls konar skít.
>
> Anna María.

„Að það sé fyndið að svart fólk sé eitthvað skrítið,“ segir Kristín.

Þær segja að við aðstæður þar sem er gert grín að svörtum eða lituðum sé oft erfitt að bregðast ekki öðruvísi við en að hlæja með, af hræðslu við útskúfun, því þær tilheyri svo miklum minnihlutahópi.

„Við vorum tvær svartar í grunnskóla og reyndum að standa með okkur sjálfum en á endanum vorum við bara uppgefnar á þessu og nenntum þessu ekki. ,“ segir Kristín.

## Foreldrar og börn tali saman

*Haldið þið að fólki finnist almennt óþægilegt að ræða þessa hluti?*

„Já, ég held líka að mörgum líði eins og þetta sé ekki eitthvað sem þeir ættu að tala um, en þetta er eitthvað sem allir foreldrar eiga að ræða við börnin sín,“ segir Valgerður.

„Þetta er óþægileg umræða, en hún á líka að vera það. Við þurfum að upplifa þetta og stundum þarf fólk bara að taka þetta á kassann,“ segir Anna María.

Spurðar hvernig jafnaldrar þeirra hafi tekið í verkefnið segja þær viðbrögðin misjöfn, en að þær hafi tekið eftir því að þær séu að vekja athygli. Sumum finnist verkefnið óþarfi en öðrum finnist það flott.

„Það vantar hjá jafnöldrum okkar að gera eitthvað í þessu. Það er ekki nóg að setja eitthvað í story og gera svo ekkert. Það eru svo margir sem settu svartan kassa á Instagram og svo hefur ekkert meira heyrst í þeim,“ segir Kristín.

„En þetta er ekki búið. Svo langt frá því,“ segir Anna María.

Hægt er að bóka þær til að halda fyrirlestra í skólum eða í frístundamiðstöðvum á antirasistarnir@gmail.com eða með því að senda þeim skilaboð á Instagram. ■

# Heilbrigðiskerfið á krossgötum



- ✔ Styttum biðlista
- ✔ Bætum þjónustu
- ✔ Eflum nýsköpun

**Það eru til lausnir!**

Opinn fundur um heilbrigðiskerfið á vegum SA og SVÞ

## Grand Hótel
## 25. ágúst
## kl. 16:00

Fundinum verður streymt

Skráðu þig á vef Samtaka atvinnulífsins www.sa.is

- **Heilbrigðisþjónusta á tímamótum. Ný nálgun, nýjar áherslur**
  Halldór Benjamín Þorbergsson – framkvæmdastjóri SA
- **Að horfa heim á íslenskt heilbrigðiskerfi**
  Björn Zoëga – forstjóri Karolinska sjúkrahússins í Svíþjóð
- **Reynsla heilsugæslunnar af fjölbreyttum rekstrarformum, árangur og áskoranir**
  Gunnlaugur Sigurjónsson – læknir og stofnandi Heilsugæslunnar Höfða
- **Samningagerð í heilbrigðisþjónustu**
  Þórarinn Guðnason – hjartalæknir
- **Nýsköpun í heilbrigðisþjónustu**
  Þorbjörg Helga – stofnandi og framkvæmdastjóri Köru Connect
- **Reynsla notanda, saga úr íslensku heilbrigðiskerfi**
  Guðmundur Grétar Bjarnason – eftirlaunaþegi

**Fundarstjóri:**
Dagný Jónsdóttir – formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu



Tómas bjóst við að lífið yrði einn langur rauður dregill eftir Nóa albínóa . En það var rangt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sama um hvað fólki finnst

**Líf Tómasar Lemarquis breyttist þegar hann missti hárið þrettán ára. Hann myndi þó ekki breyta neinu í dag. Tómas leikur í bíómyndum um allan heim, ræktar andann og býr í rútu.**



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Leikarinn Tómas Lemarquis varð þjóðþekktur á einni nóttu árið 2003 þegar hann fór með hlutverk Nóa albínóa í samnefndri kvikmynd. Hann hafði þó komist í kastljós allra fjölmiðla landsins áratugum fyrr, þegar hann var aðeins nokkurra mánaða gamall. Faðir hans Gerard var einn af þeim sem fóru fyrir mótmælum gegn niðurrifi Grjótaþorpsins árið 1977 og á frægri fréttaljósmynd stöðvaði hann gröfurnar með Tómas litla í fanginu.

„Sem útlendingur sá pabbi hversu mikil verðmæti voru í þessum húsum sem átti að rífa,“ segir Tómas á miklum blíðviðrisdegi í garðinum við Landakotskirkju. „Í öðrum stórborgum myndi engum detta það í hug að fara að rífa niður söguna.“ Ekki hafi tekist að koma í veg fyrir stórslys á borð við niðurrif Fjalakattarins, við Aðalstræti 8, elsta kvikmyndahúss Norðurlanda.

Tómas segir að þegar hann var að alast upp hafi ekki þótt sérlega fínt að búa í Grjótaþorpinu. Þar hafi verið mikið af útlendingum og hippum, nokkuð einkennandi fyrir hans eigin fjölskyldu, enda er faðir Tómasar, Gerard, franskur.

Foreldrar hans skildu þegar Tómas var sex ára og eftir það ólst hann meira upp hjá móður sinni. En hann hefur þó ávallt haldið miklu sambandi við föðurfjölskylduna, bæði hér á landi og í Frakklandi, og við þau talar hann alltaf frönsku.

„Mér er eðlislægra að tala íslensku en ég hef alltaf verið mjög meðvitaður um að vera tvítyngdur,“ segir Tómas. „Það skiptir mig miklu máli að vera bæði frá Íslandi og Frakklandi. En þetta þýddi líka að ég var hálfgerður útlendingur á báðum stöðum. Í seinni tíð hef ég teflt Íslendingnum meira fram, því það þykir kannski meira sérstakt að vera héðan en frá Frakklandi.“

**Útlitið gjörbreyttist**

„Ég missti hárið þegar ég var þrettán ára,“ segir Tómas. Þá var hann í Hagaskóla. „Þetta var erfitt því að á þessum aldri vill maður vera eins og allir hinir. Á þessum tíma fór ég svolítið inn í skel.“

Ástæðan var þekkt nokkuð snemma, það er ættgengur sjálfsofnæmissjúkdómur er nefnist alopecia universalis. Að undanskildu hárleysinu segir Tómas að sjúkdómurinn hafi ekki önnur áhrif á hann nema að neglurnar séu viðkvæmar.

„Á þessum árum, í kringum 1990, var mikil eineltisstemning í Hagaskóla. Það var harka og krakkarnir sýndu ekki skilning á því að neinn væri öðruvísi,“ segir Tómas. „Ég var látinn finna fyrir því, því að fram að þessu hafði verið svolítill kjaftur á mér og ég verið nokkuð frakkur. Þetta hafði mikil áhrif á sjálfsmyndina og sjálfsöryggið. Á aðeins tveimur mánuðum breyttist útlitið algerlega og það tók mig tíma að venjast því.“

Þrátt fyrir þessi erfiðu ár segist Tómas þakklátur fyrir þá lífsreynslu að ganga með alopeciu. Hann væri ekki sami maður annars. „Ég trúi ekki á tilviljanir og ef mér væri boðið hár í dag myndi ég ekki taka því,“ segir hann og brosir. „Ég er búinn að vera svona meirihluta ævinnar og finnst það mjög fínt.“

Aðspurður um útlitið og ferilinn segir Tómas að það hafi bæði unnið með sér og á móti. „Það er kannski ekki pláss í hverri bíómynd fyrir mann með mitt útlit. Ég er ekki endilega fenginn til þess að leika meðaljóninn og fæ því kannski aðeins færri prufur en „venjulega útlítandi“ maður,“ segir hann. „Á móti kemur að útlitið býður upp á alls konar skemmtileg hlutverk. Hlutverk sem eru út fyrir normið og hlutverk sem ég hef mun meiri áhuga á. Þau hefði ég ekki fengið nema fyrir útlitið.“

**Brotnaði niður í París**

Tómas hefur hrifist af bíómyndum frá því hann var smápolli, og sá áhugi er í blóðinu. Bæði faðir hans og afi voru með kvikmyndaklúbb. Á heimilinu var Charlie Chaplin, Buster Keaton og fleiri hetjum þöglu myndanna gjarnan varpað upp á vegg á átta millimetra filmu.

„Pabbi byrjaði að fara með mig í bíó nokkurra mánaða,“ segir Tómas. „Við sáum bæði listrænar franskar myndir en líka James Bond og amerískar gaman- og hasarmyndir. Að komast á hvíta tjaldið var draumurinn,“ segir hann.

Tómas gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð og tók þar þátt í uppfærslum á nemendaleikritum. Hann kláraði skólann önn fyrr og fór rakleitt út til Parísar í leiklistarskóla. Þar náði hann komast strax inn á þriðja ár, sem reyndist ekki jafn mikil blessun og ætla mætti.

„Ég var með uppblásið egó og hélt að mér væru allar leiðir færar. Mér fannst ég tilbúinn sem leikari og þyrfti ekkert að vera eyða of miklum tíma í að vera í skóla,“ segir Tómas um þennan tíma. Honum hafi þó fljótt verið kippt niður á jörðina því að aginn var mikill í skólanum og samkeppnin hörð. Tómas segir að það hafi jafnvel hægt á sér að fara svona hratt.

„Á fyrstu tveimur árunum eru nemendur að læra inn á kerfið og læra að gera mistök. Ég mæli ekki með því að sleppa því eins og ég gerði,“ segir hann. „Hér á Íslandi þekkti ég ekkert annað en að vera klappað á bakið en úti var gagnrýnin óvægin. Mér var hent út í djúpu laugina án þess að hafa neinn skráp og þegar ég lauk náminu eftir eitt og hálft ár var ég niðurbrotinn maður.“

Sjálfsálitið og sjálfstraustið hrundi og Tómas sagðist varla hafa getað litið í augun á nokkrum manni. Áhuginn á leiklistinni sökk til botns. „Mér fannst leiklistin ekki lengur vera fyrir mig. Að ég gæti ekki unnið við þetta.“ Flaug Tómas því aftur heim til Íslands og fór í myndlistarnám.

**Nói breytti öllu**

Víkur nú sögunni aftur til ársins 1988 en það var í fyrsta skipti sem Tómas var fyrir framan kvikmyndatökuvélina. Hann var þá smágutti að leika sér í Fischersundi þar sem hafnfirska sveitin Kátir piltar var að taka upp myndband fyrir lagið Feitar konur, leikstýrt af Ásgrími Sverrissyni. Tómas suðaði um að fá að vera með og fékk það á endanum.

Þrettán árum seinna mundi Ásgrímur eftir Tómasi úr þessu myndbandi og fékk honum hlutverk í kvikmyndinni Villiljós sem var í nokkrum hlutum og var Dagur Kári meðal leikstjóra. Tveimur árum síðar lék Tómas aðalhlutverkið í bíómynd Dags, Nói albínói.

„Nói breytti öllu og ég tók kvikmyndagerðina í sátt,“ segir Tómas og undanskilur sviðið. Ólíkt langflestum íslenskum leikurum hefur Tómas afar lítið stigið á svið, ef undanskilin eru árin í MH og tvær uppfærslur í Hafnarfjarðarleikhúsinu. „Leikhúsið hentar mér einfaldlega ekki. Mér finnst of mikil þjáning að stíga á svið. Þetta eru svo ólíkir heimar og ég hef margfalt meiri áhuga á kvikmyndagerðinni allri, ekki aðeins leiknum sjálfum.“

Þegar Nói albínói kom út vildi öll þjóðin vita hver þessi aðalleikari, Tómas Lemarquis, væri og ekki nóg með það heldur vakti kvikmyndin athygli langt út fyrir landsteinana.

„Ég tengdist Nóa mjög sterkt og mér þykir mjög vænt um hann,“ segir Tómas. „Þetta verkefni gerðist þó ekkert af sjálfu sér því að myndinni var hafnað á hátíðum til að byrja með. En allt í einu opnuðust dyr og boltinn fór að rúlla.“

Myndin rúllaði upp Edduverðlaunahátíðinni hér heima og vann einnig verðlaun víða um Evrópu og Norður-Ameríku. Sjálfur var Tómas meðal annars tilnefndur til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna og fór á alls þrettán kvikmyndahátíðir.

„Ég hélt að þetta yrði alltaf svona. Að lífið yrði einn langur rauður dregill upp frá þessu,“ segir Tómas og brosir. „En það var rangt.“

**Safnar upplifunum**

Tómas segir það hafa komið sér verulega á óvart að hlutverkin skyldu ekki hafa hrannast inn í bílförmum eftir velgengi Nóa albínóa. En þá áttaði hann sig á því að það væri ekki sjálfgefið fyrir íslenskan leikara að fá stór tækifæri úti í heimi og að margir framleiðendur hafi talið að Nói albínói væri nokkurs konar heimildamynd um Tómas sjálfan. Framhaldið var ekki í augsýn.

„Ég flutti til Frakklands og lék í einni bíómynd þar árið 2005. En fyrir utan það var ekki mikið af tækifærum fyrir mig þá,“ segir Tómas. Í París bjó hann í þrjú ár en ákvað þá að söðla um og halda til Berlínar, þar sem honum bauðst að leika í bíómyndinni Luftbusiness. Boltinn fór að rúlla á ný. „Ég hafði níu mánuði til að læra þýsku og tók þeim slag. Mér líkaði svo vel í Berlín að ég bjó þar næstu tíu árin.“

Tómas lék meðal annars í Tatort, einhverjum vinsælustu lögguþáttum Þjóðverja, og fór að fá sín fyrstu hlutverk í amerískum stórmyndum. Meðal mynda sem hann hefur leikið í eru Snowpiercer, X-Men: Apocalypse, 3 Days to Kill og Blade Runner 2049. En hann hefur einnig leikið í listrænum bíómyndum, íslenskum myndum, stuttmyndum og fleiru.

„Þegar ég var að byrja í þessum bransa var ég með svolítinn hroka gagnvart Hollywood og ætlaði aðeins að leika í listrænum myndum,“ segir Tómas. „Eftir því sem maður eldist minnkar dómharkan. Í dag er ég að safna upplifunum. Þetta er allt saman reynsla. Það sem mér finnst samt best að gera eru myndir sem snerta fólk djúpt, eins og Nói. Tuttugu árum síðar er fólk að segja við mig að sú mynd hafi breytt lífi sínu. Það sama má segja um til dæmis Touch me not, mynd sem vann Gullbjörninn árið 2018. Fólk annað hvort elskar hana eða hatar en hún hreyfir við fólki. En mér þykir vænt um allar myndir sem ég hef leikið í.“

> „Ég er búinn að vera svona meirihluta ævinnar og finnst það mjög fínt.

# EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í VERSLUNUM NETTÓ!

**TILBOÐ GILDA 19.–22. ÁGÚST**




## GRILLTVENNA

KJÖTSEL

**LAMBAMJÖÐM OG NAUTARUMPSTEIK**

40% AFSLÁTTUR

**2.099** KR/KG

**ÁÐUR:** 3.499 KR/KG



KJÖTSEL

30% AFSLÁTTUR

**Kengúru-fille**
Í smokey pepper

**3.919** KR/KG

**ÁÐUR:** 5.599 KR/KG



40% AFSLÁTTUR

**Grillsneiðar**
Fjallalamb

**1.133** KR/KG

**ÁÐUR:** 1.889 KR/KG



32% AFSLÁTTUR

KJÖTBORÐ

**Grísakótilettur á beini**
Kjötborð

**1.359** KR/KG

**ÁÐUR:** 1.999 KR/KG

Heilsuvara vikunnar!




25% AFSLÁTTUR

**Collagen Peptides Powder**
NOW - 227 g

**2.549** KR/STK

**ÁÐUR:** 3.399 KR/STK

GOÐI



30% AFSLÁTTUR

**Pítubuff**
6x60 g - með brauði

**1.469** KR/PK

**ÁÐUR:** 2.099 KR/PK



25% AFSLÁTTUR

**Korean Corn Dog**
Deighjúpaðar pylsur

KJÖTSEL

**1.199** KR/PK

**ÁÐUR:** 1.599 KR/PK

**Vínber rauð**

**249** KR/ASKJAN

ÁÐUR: 498 KR/ASKJAN



50% AFSLÁTTUR




## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

nettó

**Lægra verð – léttari innkaup**

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*



Tómas keypti gömlu Austfjarðaleiðina af Ístravel og er að gera hana upp sjálfur.

**„Ég get búið eina viku á Ísafirði og þá næstu á Seyðisfirði. Svo get ég farið með Norrænu og keyrt til Mongólíu ef mig langar.**



Húsbíllinn hentar vel fyrir leikara því hann getur keyrt suður til Evrópu í tökur.

**Tímakaupið hátt en dagar fáir**

Tómas segist þó ekki taka hverju sem er og fari vandlega yfir öll tilboð sem berast. „Maður er ekki að gera neinum greiða með því að taka hlutverki sem á ekki við. Ég verð að vera spenntur fyrir hlutverkinu,“ segir hann.

Aðspurður um peningahliðina segir Tómas dagkaupið geta verið mjög hátt í samanburði við mörg störf. Vandinn sé hins vegar að vinnudagarnir séu ekkert endilega mjög margir. „Þetta hefur oft verið algjört hark,“ segir hann. „Lengi vel var ég að halda mér alveg fríum til að geta hoppað í verkefni. Berlín bauð upp á þetta því að þar er leigan ódýr og verðlagið hagstætt.“

Tómas flutti frá Berlín til Los Angeles árið 2016 en síðan 2019 hefur hann búið hér á landi.

Í seinni tíð hefur Tómas tekið að sér önnur störf yfir sumartímann, einkum í leiðsögn. „Ég er mikið náttúrubarn og hef verið það síðan ég var barn. Ég fór með pabba í langar göngur í Pýreneafjöllunum og með mömmu hér á Íslandi,“ segir hann.

**Býr í rútu**

Nýlega keypti Tómas tuttugu manna rútu og hefur gert hana upp sem húsbíl til að búa í að hluta til, vinnutæki og skrifstofu fyrir fyrirtæki sitt Puma Punku Productions. Verkinu er nánast lokið, en hann hefur breytt henni allri sjálfur.

„Ég keypti hana á Reyðarfirði, þetta er gamla Austfjarðaleiðin hjá Ístravel,“ segir Tómas um nýju híbýlin. „Hún er fjórhjóladrifin þannig að ég kemst upp á hálendið. Hún er með sturtu, eldhúsi og öllu sem ég þarf.“

Tómas segist hafa hugsað vel og vandlega um hvað hann ætlaði að gera þegar hann flutti aftur til Íslands. Hvort hann ætlaði að leigja áfram, kaupa íbúð eða jafnvel bústað úti á landi. Sígaunablóðið í honum hafi hins vegar knúið hann til að fara þessa leið því hann vissi að hann yrði óþreyjufullur eftir nokkra mánuði.

„Þetta býður upp á svo mikla möguleika. Ég get búið eina viku á Ísafirði og þá næstu á Seyðisfirði,“ segir hann. „Svo get ég farið með Norrænu og keyrt til Mongólíu ef mig langar. Þetta getur hentað mjög vel ef ég er í tökum í Evrópu.“

Aðspurður um hvað fólki finnist segir Tómas að sumum finnist þetta virkilega flott hjá honum.

„Aðrir halda að ég sé eitthvað klikkaður,“ segir hann og brosir. „Mér er þó alveg sama um hvað fólki finnst.“

**Endurtengir heilann**

Á undanförnum árum hefur Tómas verið í andlegri vegferð. Hann ólst upp á heimili kommúnista, hvorki skírður né fermdur. En eftir andlega upplifun nítján ára hefur hann haft þörf fyrir einhvers konar andlegt líf.

Tómas lærði perúsk shamanafræði í Þýskalandi og hugleiðir á hverjum degi. Þetta segir hann hafa hjálpað sér mikið til að takast á við sín vandamál úr fortíðinni.

„Shamanismi er forveri allra trúarbragða og finnst meðal allra frumbyggjaþjóða jarðarinnar,“ segir Tómas. „Sumar þjóðir eða ættbálkar hafa notað lyf en ekki í þessari tilteknu perúsku tækni, heldur aðeins öndun og trommur. Heilinn fer á annars konar bylgjulengd og þú hefur aðgang að annars konar vitneskju. Getur heimsótt gömul áföll og endurforritað heilann til að takast á við þau.“

Tómas segir að allir hafi lent í einhvers konar áföllum og þegar við hugsum um þau förum við ávallt hinn sama stíg sem við höfum búið til. Sá stígur getur verið ótti, reiði, biturð eða annars konar óheilbrigðar tilfinningar. Shamanisminn geti troðið nýjan og heilbrigðari stíg.

„Shamanismi hefur gjörbreytt lífi mínu, bæði sýn minni á það og hvernig mér líður. Þetta hefur leyst úr svo mörgum flækjum og hjálpað mér að líta ekki á sjálfan mig sem fórnarlamb heldur við stjórnvölinn í eigin lífi,“ segir Tómas.

**Þurfti að massa sig upp**

Nýjasta verkefni Tómasar er franska míní serían Gone for Good sem frumsýnd var á Netflix um liðna helgi. Serían er á frönsku en gerð eftir bók ameríska spennusagnahöfundinn Harlan Coben og tekin upp í Nice síðastliðið haust.

Tómas vill ekki gefa of mikið upp um þættina eða hlutverk sitt en hann segist hafa þurft að bæta á sig tíu kílóum af vöðvum fyrir það. „Ég leik mann sem hafði verið í frönsku útlendingahersveitinni þannig að það hefði ekki verið trúverðugt með mig sem einhverja renglu,“ segir hann og brosir. „Þetta var ekki auðvelt í miðjum heimsfaraldri því að allar líkamsræktarstöðvar voru lokaðar. Ég byggði mig því upp með einni ketilbjöllu og upphífingarstöng. MMA þjálfarinn Jón Viðar Arnþórsson hjálpaði mér einnig með æfingaprógram.“

Tómas er ánægður með að hafa fengið verkefni í miðjum faraldri. Mörgum kvikmynda- og sjónvarpsþáttaverkefnum hafi annað hvort verið frestað eða þau stoppuð.

„Þegar faraldurinn skall fyrst á var ekkert í gangi og ég gat heldur ekki unnið í leiðsögn.

Þá var annað hvort að sitja og væla eða gera eitthvað annað,“ segir Tómas. Ákvað hann þá að rifja upp gamlan draum og skrifa barnabók. Móðir hans, Kristín Unnsteinsdóttir, hafði rekið litla útgáfu, Bjölluna, með vinkonum sínum í Grjótaþorpinu.

Bók Tómasar er nú næstum tilbúin en Tómas bæði skrifaði og myndskreytti hana.

„Ég vonast til þess að geta komið henni út fyrr en síðar. Það er shamanískur undirtónn í sögunni. Hún fjallar um að takast á við skuggann sinn,“ segir Tómas. ■







VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

**6.499.000 KR.***

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.662.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **JEEP.IS**

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

# Rússar vilja bæta mannréttindi á Íslandi



Þorvarður Pálsson
thorvardur
@frettabladid.is

**Mannréttindamál á Íslandi er efni úttektar rússneska utanríkisráðuneytisins sem birt var í júlí.**

Í upphafi úttektarinnar segir: „Ísland heldur þeirri ímynd á lofti að landið sé einn mesti málsvari mannréttinda í heiminum. Yfirvöld leggja sömuleiðis mikla áherslu á málaflokkinn innanlands.“. Ráðuneytið telur þó ekki allt með felldu og bendir á ýmislegt sem megi bæta úr, að þess mati. Íslensk stjórnvöld aðhyllist hugmyndafræði nýfrjálshyggju og í þeim anda hafi löggjöf varðandi kynrænt hlutleysi verið tekin upp, þar sem lögfestur er réttur til kynhlutleysis og regluverki breytt varðandi nafngiftir.

Þau sem séu annarrar skoðunar varðandi málefni hinsegin fólks sæti hins vegar oft og tíðum ofsóknum og er nefnt dæmi um eitt slíkt mál, er Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu lét frá sér „óhefðbundin“ ummæli um hinsegin fólk í beinni útsendingu árið 2016. Fyrir það var hann kærður af Samtökunum '78 en sýknaður af Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2017 þar sem ekki var talið að um hatursummæli væri að ræða.




Frá Hinsegin dögum í Reykjavík árið 2013 þar sem gengið var með skilti til stuðnings mannréttindum hinsegin fólks. Rússneska utanríkisráðuneytið segir áhyggjuefni að andstæðingar baráttunnar sæti ofsóknum og nefna sem dæmi kæru á hendur Pétri Gunnlaugssyni fyrir ummæli hans um hinsegin fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR EYJÓLFSSON

### Nýnasistar gert sig gildandi

Í úttektinni er einnig fjallað um hatursorðræðu á Íslandi. Þar segir að baráttufólk fyrir mannréttindum hér hafi bent á vaxandi hatursorðræðu, einkum í garð múslima. Í stjórnmálabaráttu hafi borið á kynþáttahatri, sem og einnig í fjölmiðlum og á netinu. Múslimar og innflytjendur hafi verið sakaðir um tengsl við hryðjuverkahópa og nýnasistum vaxið fiskur um hrygg. Aðgerðir stjórnvalda gegn því eru ekki fullnægjandi, að mati Rússa.

Í skýrslu nefndar Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu kynþáttamismununar frá 2019 kom fram að hatursglæpir komi oft ekki á borð yfirvalda. Sömuleiðis hefur Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi nefnt að hér fari andúð í garð múslima vaxandi. Á sama tíma hefði nýnasistum vaxið fiskur um hrygg.

Leiðtogi nýnasistasamtakanna Nordic Resistance Movement (NRM), sem voru bönnuð í Finnlandi árið 2017, kom hingað til lands árið 2019. Um tíu til fimmtán stuðningsmenn hreyfingarinnar komu saman á Lækjartorgi í Reykjavík og mótmæltu því að erlendir ríkisborgarar fengju að setjast að hér. Mótmælin voru haldin í samstarfi við íslensku nýnasistasamtökin Norðurvígi. Mótmælt var einnig víðar um landið.

Alþjóðleg samtök sem berjast gegn gyðingahatri sendu Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra bréf í fyrra þar sem áhyggjum var lýst af uppgangi nýnasista. Þess var farið á leit við forsætisráðherra að hún beitti sér fyrir því að grípa til aðgerða vegna vaxandi gyðingahaturs og fylgdi fordæmi Finna og bannaði NRM-samtökin. Bréf voru auk þess send til stjórnvalda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í úttekt rússneska utanríkisráðuneytisins er vakin athygli á ástandi trúfrelsis á Íslandi, meðal annars þar sem ekki væri skilið milli ríkis og kirkju. Andstöðu hefur gætt í garð byggingu mosku í Reykjavík en árið 2013 var svínshausum dreift þar sem moskan mun rísa. Mansal á Íslandi er einnig til umfjöllunar og segir að erlendar konur séu helst þolendur þess. Lögregla fái ekki nægt fjármagn til að rannsaka slíkt og í fáum tilfellum sé ákært. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu mismunar gegn konum sagði í skýrslu árið 2016 að úrbóta væri þörf í málaflokknum.

### Há tíðni heimilisofbeldis

Ísland hefur síðustu tólf ár vermt topplista Alþjóðaefnahagsráðsins um kynjajafnrétti en Rússland er nú í 81. sæti. Þrátt fyrir að Ísland státaði af einu jafnasta samfélagi heims er kemur að málefnum kynjanna segir í úttektinni að tíðni heimilis- og kynferðisofbeldis sé há og erfitt fyrir þolendur að leita réttar síns, meðal annars vegna vantrausts dómstóla á þolendum. Mörg slík mál falli niður í meðferð saksóknara og fátítt sé að dómar falli í þeim, samkvæmt nefnd Sameinuðu þjóðanna. Þess utan leituðu þolendur oft og tíðum ekki til lögreglu vegna heimilisofbeldis, meðal annars vegna vantrausts á lögreglu. Á heimsvísu séu 38 prósent morða á konum framin af karlkyns maka en á Íslandi sé hlutfallið 50 prósent samkvæmt gögnum frá lögreglu.



Starfsmenn Reykjavíkurborgar fjarlægja svínshaus af lóð fyrirhugaðrar mosku í Safamýri í Reykjavík í nóvember árið 2013. Þar dreifðu andstæðingar hennar þremur svínshausum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynferðisofbeldi er landlægt á Íslandi að því er segir í úttektinni. Vísað er í rannsókn Háskóla Íslands frá 2018 þar sem kom fram að einni af hverjum fjórum konum á Íslandi hefði verið nauðgað eða þær beittar annars konar kynferðisofbeldi á ævinni. Samkvæmt Stígamótum séu einungis lagðar fram kærur í um tólf prósentum tilfella. Heimilisofbeldi hérlendis hafi aukist í COVID-faraldrinum, líkt og í mörgum öðrum Evrópuríkjum.

### Rússnesk stjórnvöld gagnrýnd

Rússar eru líkt og Íslendingar bundnir mörgum alþjóðasamningum um mannréttindamál, þar á meðal samningi um verndun mannréttinda og málfrelsis, samningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og fleirum. Skrifstofa erindreka Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum gerði árið 2017 úttekt á stöðu mannréttinda í Rússlandi. Þar segir meðal annars að þar sé misnotkun á erlendu verkafólki mikið vandamál, það búi margt við lág laun og takmarkaðan aðgang að velferðarkerfinu.

> **”**
> **Rússnesk yfirvöld telja uppgang nýnasista hér á landi áhyggjuefni og gagnrýna stjórnvöld fyrir að grípa ekki til harðari aðgerða vegna þess.**



Baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks mótmælir aðgerðum rússneskra stjórnvalda gegn þeim árið 2017. Lögregla hefur tekið hart á slíkum mótmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í Rússlandi eru hvorki samkynja hjónabönd né óvígð sambönd fólks af sama kyni leyfð. Í lögum um fjölskyldumál sé hjónaband í reynd skilgreint sem hjónaband karls og konu. Mannréttindasamtök segja að í reynd sé bannað að tala máli hinsegin fólks opinberlega. Erindreki SÞ í mannréttindamálum hefur hvatt stjórnvöld til að gera úrbætur á löggjöf um kynþáttamismunun öfgahópa og grípa til aðgerða gegn þeim.

Mansal er algengt í Rússland, einkum í vændi. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd af mannréttindasamtökum fyrir að grípa ekki til aðgerða gegn því. Heimilisofbeldi er mikið vandamál í Rússlandi og samkvæmt úttekt þings landsins er slíku ofbeldi beitt í einni af hverjum tíu fjölskyldum. Þá leita 35 prósent þolenda ekki til lögreglu. Konur eru um 80 prósent þolenda og þar á eftir koma börn og aldraðir.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ræddi mannréttindamál við rússneskan starfsbróður sinn Sergei Lavrov í maí. Guðlaugur undirstrikaði mikilvægi þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar í mannréttindum.

### Ýmislegt vekur furðu

Jón Ólafsson, prófessor við hugvísindasvið Háskóla Íslands, segir ýmislegt koma sér undarlega fyrir sjónir við lestur skýrslunnar. Hann segir vinnubrögðin vekja upp spurningar – en einnig sé munur á stöku stað á hugtökum milli rússneskrar og enskrar útgáfu skýrslunnar. Til að mynda sé Pétur Gunnlaugsson í rússneska textanum sagður hafa talað „frjálslega“ um hinsegin fólk, en í þeim enska sé hann sagður hafa haldið fram óhefðbundnum sjónarmiðum. Samkvæmt vef utanríkisráðuneytis Rússlands er um óopinbera þýðingu að ræða.

Jón segir að rússnesk stjórnvöld leggi mjög víðan skilning í hugtakið öfgar (e. extremism), en upp á síðkastið hefur hver stjórnarandstöðuhópurinn á fætur öðrum verið sakaður um öfgaskoðanir vegna málflutnings sem í vestrænum skilningi er í mesta lagi róttækur. Þetta á ekki síst við um hreyfingu stjórnarandstæðingsins Alekseis Navalní.

Það má tengja vaxandi hörku gegn stjórnarandstöðunni í Rússlandi við þingkosningarnar 17. september – stjórnvöldum er mjög í mun að tryggja Sameinuðu Rússlandi áframhaldandi þingmeirihluta. Þótt þessi skýrsla sé ekki í neinu beinu samhengi við kosningarnar, er nærtækast að tengja hana við andrúmsloft vænisýki sem einkennir pólitískt ástand í Rússlandi nú, að því er Jón telur.

Svipað má segja um skilninginn á „nýfrjálshyggju“ (e. neoliberalism). Vaxandi menningarleg íhaldssemi meðal ríkjandi afla í Rússlandi á síðustu árum birtist meðal annars í þeirri afstöðu að viðtekin frjálslynd viðhorf séu til marks um hrörnun vestrænnar siðmenningar. Þessu er svo gjarnan lýst sem nýfrjálshyggju – þótt slík notkun hugtaksins sé í litlu samræmi við fræðilegan eða pólitískan skilning á því á Vesturlöndum. ■

# STYRKTU ÞITT FÉLAG!

Fáðu góða þjónustu hjá rótgróinni fasteignasölu og þú styrkir þitt félag um **100.000 kr.** í leiðinni




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/breidablik**
Þegar eignin selst fær Breiðablik
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/hk**
Þegar eignin selst fær HK
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/vikingur**
Þegar eignin selst fær Víkingur
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/kr**
Þegar eignin selst fær KR
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/grotta**
Þegar eignin selst fær Grótta
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/fh**
Þegar eignin selst fær FH
**100.000 kr.**




Skráðu eignina þína í sölu á
**fastlind.is/valur**
Þegar eignin selst fær Valur
**100.000 kr.**

LIND
FASTEIGNASALA
**Bæjarlind 4 | fastlind.is | nyjaribudir.is**

**510 7900**

# Hið óvinnanlega stríð



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

**Eftir tuttugu ára hernám Bandaríkjanna og NATO í Afganistan er landið nú aftur komið á sama stað og það var fyrir, í klær talíbana.**

Joe Biden er fjórði Bandaríkjaforsetinn í stríðinu en hann liggur undir miklu ámæli fyrir að hafa dregið allt herlið í burtu. Þegar litið er til baka virðist hins vegar eins og stríðið hafi verið óvinnanlegt og þau illa þokkuðu stjórnvöld sem komið var fyrir aðeins haft yfirráð yfir stærstu borgunum. Á meðan hafi talíbanar lúrt í fjöllunum, viðhaldið þrýstingnum og beðið færis. ■



Íslenskir friðargæsluliðar hafa starfað í Afganistan á vegum ISAF. MYND/ÍSLENSKA-FRIÐARGÆSLAN

## 1994

### Talíbanar verða til

Íslamska furstadæmið í Afganistan, betur þekkt sem Talíbanahreyfingin, stofnað í miðri borgarastyrjöld. Hún er bæði stjórnmála- og trúarhreyfing sem fylgir sjaría-lögum til hins ítrasta. Fylgismennirnir koma flestir úr suður- og austurhéruðum landsins og höfðu margir barist, með stuðningi Bandaríkjanna, gegn Sovétmönnum á níunda áratugnum.

## 1996

### Valdataka

Talíbanar ná völdum í mestöllu landinu, utan norðurhéraðanna. Leiðtogi talíbana, Mohammed Omar, verður hæstráðandi í landinu. Aðeins þrjú lönd viðurkenna stjórn þeirra, Pakistan, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin, og norðurhéruðin berjast enn gegn þeim með stuðningi Rússa, Írana og Indverja. Ógnaröld tekur við fyrir alla sem talíbanar telja ógn við sig og réttindum kvenna hrakar áratugum aftur.

## 11. september 2001

### Turnarnir falla



Hryðjuverkasamtökin Al-Kaída, undir stjórn Sádans Osama bin Laden, framkvæma hryðjuverkaárás á Bandaríkin. Farþegaflugvélum er flogið inn í World Trade Center og Pentagon og 3 þúsund manns látast. George W. Bush forseti krefur stjórn talíbana um að afhenda bin Laden, sem hún gerir ekki.

## Haustið 2001

### Innrás

Bandaríkjamenn og Bretar hefja loftárásir á afgönsk skotmörk 7. október. Ellefu dögum síðar senda þeir landherinn inn. Hver borgin fellur á fætur annarri og þann 12. nóvember flýja talíbanar frá Kabúl. Lokahnykkurinn var yfirtaka Kandahar í suðri, höfuðstaðar talíbanahreyfingarinnar, í byrjun desember. Þann 17. desember lýkur innrásinni og talíbanar hrekjast til fjalla.

## 2002

### Uppbygging

Bandaríkjamenn og ríki Atlantshafsbandalagsins koma sér saman um friðargæslu, uppbyggingu innviða og öryggissveita í Afganistan. Íslendingar taka þátt. Stjórnkerfi er byggt upp og á samkundu héraðsleiðtoga er Hamid Karzai kjörinn forseti landsins.

## 2003

### Ekki búið

Talíbanar snúa aftur af krafti og úr felum hvetur Mohammed Omar alla Afgana til þess að hrekja Vesturveldin úr landi. Skæruhernaður í fjallahéruðum einkennir næstu ár.

## 2004

### Stöðug ógn

Tveir íslenskir friðargæsluliðar særast í sprengjuárás í Kabúl þar sem ellefu ára stúlka og fullorðin kona létust, auk árásarmannsins. Sjálfsmorðssprengjuárásir eru orðnar daglegt brauð í landinu.

## 2007

### Fjölgað í liðinu



Bardagar aukast og bæði Bush og Obama senda sífellt fleiri hermenn til landsins. Margir vígamenn talíbana falla í hernaðaraðgerðum en fjöldi þeirra eykst samt jafnt og þétt. Fjöldi bandarískra hermanna er orðinn 100 þúsund árið 2010, en talíbanar eru í kringum 25 þúsund.

## 2009

### Drónastríð



Barack Obama, nýr Bandaríkjaforseti, notar drónaárásir í mun meiri mæli en forveri hans. Obama neitar að semja við talíbana þrátt fyrir beiðni Karzai. Svindl kemur upp í kosningasigri Karzai.

## 2011

### „Við náðum honum“



Obama tilkynnir að sérsveitarmenn bandaríska sjóhersins hafi ráðið Osama bin Laden af dögum í Pakistan. Rúmum mánuði síðar byrja Bandaríkjamenn að fækka í herliði sínu. Í lok árs 2014 eru hermenn orðnir 10 þúsund. Önnur NATO-ríki fækka einnig hermönnum.

## 2014

### Búið og gert

Bandaríkin, Bretland og NATO tilkynna með viðhöfn að formlegum hernaðaraðgerðum í Afganistan sé lokið. Fámennur hópur hermanna verði þó áfram í landinu til að aðstoða stjórnvöld að berjast gegn hryðjuverkum. Árásir talíbana halda þó áfram. Ashraf Ghani er kjörinn forseti.

## 2017

### Fjölgað á ný



Nýkjörinn forseti Donald Trump fjölgar lítillega í herliðinu á ný. Það dregur þó ekki úr talíbönum, sem stjórna stórum hluta af fjallahéruðum landsins en fáum borgum.

## 2019

### Stefnuleysi

Talíbanar hafa ekki verið sterkari síðan árið 2001. Trump nálægt því að semja um frið við talíbana, en hættir skyndilega við viðræðurnar.

## 2021

### Öngþveiti



Joe Biden, fjórði Bandaríkjaforsetinn í stríðinu, tilkynnir að allt herlið verði dregið til baka frá Afganistan fyrir 11. september. Talíbanar ganga á lagið og taka hverja borgina á fætur annarri. Í ágúst fellur Kabúl og Ghani flýr land.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**LAUGARDAGUR** 21. ágúst 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Reykjavíkurljóð verða lesin upp í kvöld í Hjarta Reykjavíkur.
MYND/AÐSEND

## Reykjavíkurljóð lesin upp

starri@frettabladid.is

Í dag, laugardag, munu nokkur skáld lesa upp Reykjavíkurljóð í versluninni Hjarta Reykjavíkur, sem staðsett er á Laugavegi 12b í Reykjavík. Fyrsta skáldið stígur á stokk kl. 18.00 og verður lesið með hléum fram undir níu um kvöldið. Aðgangur er ókeypis.

Hjarta Reykjavíkur er gjafavöruverslun og verkstæði sem sérhæfir sig í hönnun vöru með teikningum af húsum í miðborg Reykjavíkur.

Í versluninni hafa nú þegar verið nokkrir viðburðir í tengslum við sýningar en þessi kom til vegna menningarnætur sem borgin svo sló af en verslunareigendurnir ákváðu að halda sínu striki, halda viðburðinn og gæta vel að sóttvörnum.

Skáldin lesa í þessari röð: kl. 18 Óskar Árni Óskarsson, kl. 18.30 Linda Vilhjálmsdóttir, kl. 19 Kristrún Guðmundsdóttir, kl. 19.30 Sigurlín Bjarney Gísladóttir, kl. 20 Anton Helgi Jónsson og Reykjavíkurskáldið Margrét Lóa Jónsdóttir endar dagskrána kl. 20.30 með borgarljóðum sínum. Hvert skáld les í fimm til tíu mínútur og lengur ef þörf krefur.

Allar nánari upplýsingar á Facebook undir Hjarta Reykjavíkur. ■

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu




EYLÍF
Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is



Sigga kann á því lagið að láta fólki líða vel. Hún segist snortin af viðtökum hlustenda, en ekki síst sögum þeirra og ástarkveðjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

# Rómantíker af bestu gerð

Útvarpskonan Sigga Lund var skírð eftir bát afa síns. Hún hefur sigrað hjörtu þjóðarinnar með hjartnæmum sunnudagsþætti á Bylgjunni og segist loks hafa lært að hún sé nóg. 2



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Ég er ósköp venjuleg - en í sömu andrá óvenjuleg kona. Ég hef farið mínar eigin leiðir í lífinu, kannski oft synt á móti straumnum og stundum verið á undan minni samtíð. Ég reyni eftir fremsta megni að lifa eftir hjartanu og innsæinu, og ég hef alltaf trúað að draumar geti ræst. Lífið hefur þó kennt mér að það gerist svo sannarlega ekki af sjálfu sér.“

Þetta segir Sigga Lund, útvarpskonan sem dregur hlustendur að viðtækjum eins og segull með sinni seiðandi röddu í sunnudagsþættinum Með kærri kveðju á Bylgjunni.

„Ég tel mig vera góða manneskju, ég elska fólk og vil öllum vel. Í útvarpinu vil ég að þeir sem hlusta líði vel. Mig langar að gera daginn þeirra aðeins betri og senda út góða strauma. Ég lít á hlustendur mína sem félaga og vini, og deili með þeim alls kyns pælingum sem ég er að velta fyrir mér hverju sinni. Ég vona svo innilega að þeir líti mig sömu augum. Sem félaga sinn og vin á öldum ljósvakans. Það eru áhrifin sem ég vil hafa á hlustendur mína.“

**Langar í sjónvarpið**

Sigga Lund var skírð í höfuð afa síns, en einnig bát hans.

„Afi minn hét Sigurgeir Ólafsson, alltaf kallaður Siggi Vídó, og báturinn hét Lundi. Ég hef alltaf verið stolt af því að bera nafnið hans afa,“ segir Sigga hreykin.

Á æskuárunum dreymdi Siggu um að verða innanhússarkitekt eða myndhöggvari, jafnvel bæði.

„En í dag væri plan B að komast í sjónvarp í allri sinni dýrð. Bæði til að framleiða efni og stýra þáttum,“ segir Sigga. „Annars hefði ég sennilega átt að verða leikkona miðað við hvað ég gerði mikið af því að koma fram sem barn og unglingur. Ég var alltaf að leika og syngja, en hef sungið lítið undanfarin tuttugu ár. Ég er þó aðeins farin að dusta rykið af röddinni aftur, sem er gott,“ segir Sigga sem er ófeimin að taka lagið fyrir hlustendur, bæði til að glöggva sig á lagavali þeirra en líka því að lagið er í dálæti.

„Ég set mig aldrei í stellingar þegar ég er í loftinu. Þar er bara ég, persónuleg og einlæg, og ætli það einkenni mig ekki sem útvarpskonu að hafa hæfileika til að tengjast hlustendum. Ég hef gaman af fólki, gef mér tíma til að hlusta og kalla jafnvel fleiri til í símtólið, en þannig er ég í hnotskurn og þetta kemur algjörlega frá hjartanu,“ segir Sigga í einlægni og hún virðist alltaf í góðu skapi.

„Já, ég er geðgóð í dag, en ég hef ekki alltaf verið það.“

**Saknar lambsins Sætubaunar**

Sigga hefur lengst af starfað í útvarpi, nú á Bylgjunni og áður á Léttbylgjunni, FM 957 og K100.



Sigga Lund er lífsglöð og hláturmild. Hún segist með eindæmum geðgóð í dag, en að hún hafi ekki alltaf verið það. FRÉTTABLAÐIÐ/ ÓTTAR GEIRSSON

„Í útvarpi á ég mér enga fyrirmynd en hef auðvitað lært ótrúlega mikið af öllum reynsluboltunum sem ég hef unnið með, bæði nú og á árum áður,“ segir Sigga.

Um tíma var hún fjárbóndi austur í Jökuldal, með um 300 fjár.

„Það var gífurleg reynsla fyrir borgarbarnið mig að flytja í sveit og gerast bóndi. Ég hefði aldrei viljað missa af því. Sveitin tengdi mig við náttúruna og það að búa í svo mikilli nánd við hana breytti mér. Í ljós kom að ég er mikið náttúrubarn; miklu frekar en borgarbarn. Ég get samt ekki sagt að ég sakni sveitalífsins, en ég sakna friðarins, náttúrunnar og Sætubaunar sem er lamb sem ég gekk í móðurstað í sauðburðinum 2015 og átti einstakt samband við. Hún lifir enn.“

**Komst yfir erfiða ástarsorg**

Sigga lenti í djúpri ástarsorg þegar hún skildi við sambýlismann sinn á bóndabænum fyrir austan. Það var árið 2017.

„Það var hræðilega erfiður tími. Ég var uppfull af kvíða og streitu og löngu komin í þrot með sjálfa mig. Svo kom skilnaðurinn og ástarsorgin ofan í það. Það tók mig mjög langan tíma að vinna úr því öllu saman, en mér tókst það með góðri hjálp,“ greinir Sigga frá.

Í leit að sjálfri sér hélt Sigga utan til pardísareyjunnar Balí.

„Leitin hófst á Balí en ég fann mig löngu síðar, eða kom heim til mín, eins og ég orða það. Á Balí var lagður grunnur að vegferð sem ég hélt áfram á þegar ég kom aftur til Íslands og hef verið á æ síðan. Ég hef lært að elska sjálfa mig, sem er undirstaða alls í lífinu. Ég er lent í sjálfri mér og ég er bara nóg. Ég þarf ekki lengur viðurkenningu utan frá. Í dag finnst mér ég heil; ég er sterk og styrkur minn kemur innan frá. Öll mín tilvera breyttist til hins betra, en þetta er að sjálfsögðu eilífðarverkefni því maður er alltaf að vaxa, þroskast og læra, og um leið að efla hugrekkið í að vera allt sem maður er. Að vera maður sjálfur.“

Sigga segir ástarsorg flókið fyrirbæri og geta fylgt fólki lengi.

„Lykillinn er að fara í gegnum sorgarferlið og finna sáttina. Að taka sér tímann sem þarf og leyfa öllum tilfinningum að koma í gegn, en alls ekki bæla þær niður eða deyfa. Annars held ég að enginn upplifi ástarsorg eins og þar spilar margt inn í. Góðu fréttirnar eru þó að velflestir komast yfir hana og finna ástina á ný,“ segir Sigga sem er rómantísk að upplagi.

> „Ég held að enginn upplifi ástarsorg eins og þar spilar margt inn í. Góðu fréttirnar eru þó að velflestir komast yfir hana og finna ástina á ný.
>
> Sigga Lund

„Ég er rómantíker af bestu gerð en er ég ástfangin í dag? Ekki nema af lífinu mínu og öllu því góða sem í því er. Það er enginn sérstakur maður í lífi mínu núna, ég er kona einstök eins og er.“

**Í óvissuferð á sunnudögum**

Það kom Siggu Lund á óvart hversu vinsæll sunnudagsþátturinn hennar, Með kærri kveðju, varð.

„Þessi tími, sunnudagar á milli fjögur og sjö, er yfirleitt dauður tími í útvarpi, en okkur tókst svo sannarlega að snúa því við á Bylgjunni,“ segir Sigga kát.

Henni þykir undurvænt um þáttinn.

„Þó svo að komi fyrir að ég sé ekki í stuði til að rífa mig í vinnuna á sunnudegi er það þotið út um gluggann um leið og ég opna fyrir hljóðnemann. Því fylgir æðisleg tilfinning að vera í beinum tengslum við hlustendur; svo gott og svo gefandi. Hver þáttur er eins og óvissuferð, maður veit aldrei hvað gerist. Þetta er eins konar gjörningur í þráðbeinni útsendingu á milli mín og hlustenda. Það eru fyrst og fremst þeir sem skapa þessa skemmtilegu stemningu; með sögum sínum, kveðjum og óskalögum. Ég fæ svo heiðurinn af því að líma þetta allt saman og þátturinn væri ekki til án þeirra,“ segir Sigga, full lotningar og þakklætis.

Hún segist ekki gera sér almennilega grein fyrir þeim þúsundum sem taka tíma frá til að hlusta á kærar kveðjur, ástarsögur og undurfalleg lög.

„En auðvitað hef ég fundið fyrir viðbrögðum hlustenda, hversu mikið þeir kunna að meta þáttinn og hafa gaman af honum. Ég hef líka fengið ótal pósta með hrósi og þakklæti, sem er æðislegt. Og ef það er raunin að þeir sem leggja við hlustir komist við, hlæi, dansi og syngi með; þá er tilganginum náð.“

Ástarkveðjur og sögur hlustenda hreyfa líka við Siggu Lund í beinni útsendingu.

„Mér líður vel undir hjartnæmum kveðjum og ég hlusta með athygli. Allir eiga sína sögu og margir segja svo skemmtilega frá. Sumir eru opnari en aðrir, en það snertir mig sérstaklega þegar hlustendur deila með mér erfiðleikum, svo sem veikindum og ástvinamissi. Þá skortir mig stundum orð.“

**Kærasta kveðjan**

Í dag á Sigga Lund frí en hún stendur líka vaktina á Bylgjunni eftir hádegi á virkum dögum.

„Laugardagar eru einu frídagarnir og ég nota þá oftast í að hvíla mig og gera eitthvað skemmtilegt en uppáhaldið mitt er að fara út í náttúruna. Um þessa helgi stefni ég á að hvíla mig og það verður kærkomið. Þetta var annasöm vika og ég hlakka til þess að eiga kósíkvöld á náttfötunum, með sængina uppi í sófa yfir góðri bíómynd og kruðiríi,“ segir Sigga, full tilhlökkunar.

Hennar bestu stundir eru í faðmi fjölskyldu og vina.

„Lífið er fyrst og fremst til að njóta þess, en ég held að margir gerir alltof lítið af því. Lífið er alls konar, upp og niður, út og suður. Ég veit að ég þarf að vinna minna og njóta meira, og mitt lífsmottó er að hafa hugrekki til að fylgja hjartanu og vera ég sjálf.“

*En hvert væri óskalag Siggu Lund og hver fengi hennar kæru kveðju?*

„Það er lagið „What the world needs now“ í flutningi Rumer. Mín kærasta kveðja væri til minna yndislegu hlustenda.“

Hægt er að fylgjast með ævintýrum Siggu Lund á Instagram @sigga_lund ■






GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100





# Ástarbrú á milli Íslands og Grikklands



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

**Ingibjörg Lárusdóttir bjó í Grikklandi á sínum uppvaxtarárum og hefur síðan þá dreymt um að byggja brú milli sinna uppáhalds landa, Íslands og Grikklands. Hún hefur um árabil leitt íslenska ferðamenn um leyndardóma Grikklands auk þess að taka á móti grískum ferðamönnum hér á landi og kynnt þá fyrir landi og þjóð.**

Brúin styrktist enn frekar þegar draumur um að flytja inn grískar vörur varð að veruleika. Ingibjörg og grískur maður hennar, Evangelos Kyrou, höfu nýverið innflutning á grískum gæðavörum, þar á meðal ólífuolíu, eðalvíni og hunangi.

Ingibjörg er með mörg járn í eldinum. Hún er fjögurra barna móðir, og ásamt því að reka fyrrnefnt innflutningsfyrirtæki starfar hún sem lögfræðingur hjá Landspítala og skipuleggur lúxusferðir til Grikklands fyrir ferðaþyrsta Íslendinga í gegnum ferðaskrifstofuna Avetravel. Ingibjörg veit ekkert betra en að eyða frítíma sínum með stórfjölskyldunni og eru uppáhalds samverustundirnar þegar þau ferðast saman jafnt innanlands sem utan. Þá eru gæðastundir við kvöldverðarborðið, þar sem allir níu fjölskyldumeðlimirnir eru samankomnir, ómissandi hlutur í hversdagslífi fjölskyldunnar.

**Mikið fjör í eldhúsinu**

Oftar en ekki er mikið fjör við matarundirbúninginn í eldhúsinu á heimili Ingibjargar.

„Við fjölskyldan erum samrýmd og höfum öll mikinn áhuga á matargerð. Að sjálfsögðu ratar eitthvað sem á rætur að rekja til Grikklands á veisluborðið við mikla lukku bæði fjölskyldu og vina,“ segir Ingibjörg og bætir við að fjölskyldan noti að sjálfsögðu eingöngu eðal ólífuolíu frá Kyklopas og vín frá Domain Costa Lazaridi í flesta rétti.

Vörurnar sem fjölskyldan flytur inn hafa slegið í gegn og eru fáanlegar meðal annars í Hagkaup, Melabúðinni og eru vínin fáanleg í vefverslun Vínbúðarinnar og á veitingastöðunum Caruso og Apótek.



Hjónin Ingibjörg Lárusdóttir og Evangelos Kyrou eru sannir heimsborgarar sem elska að ferðast jafnt innanlands sem utan og njóta þess sem lífið hefur að bjóða, ekki síst grísks góðgætis sem er annálað á heimsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ingibjörg nýtur þess að kynna landsmenn fyrir grískum vínum og olíum.

**Perla norðursins í dálæti**

Aðspurð segist Ingibjörg dugleg að ferðast um landið á sumrin.

„Við fjölskyldan elskum að ferðast innanlands og þá er ég svona dæmigerður Íslendingur með mörg járn í eldinum og eitt af mínum járnum er að fara um okkar dásamlega fallega land með ferðamenn. Ég þekki landið vel og nýt þess að skoða fallega staði með mínum nánustu. Við leggjum reglulega land undir fót og heimsækjum nýja staði, auk þess sem við eigum okkar uppáhalds perlur sem við heimsækjum reglulega,“ segir Ingibjörg.

„Einn okkar nýjasti uppáhalds áfangastaður er perla norðursins, Hrísey. Þar sem við höfum svo gaman af því að tengja Ísland og Grikkland saman erum við með kenningu um þá dásemdar eyju. Sagan segir að grísku eyjarnar hafi myndast þegar forláta hálsmen ástargyðjunnar Afródítu slitnaði og dreifðust perlur af festi hennar um allt Eyja- og Jónahafið. Grísku eyjarnar eru samkvæmt sögunni perlur Afródítu og í gamni segjum við að við séum sannfærð um að Hrísey sé ein af hennar perlum sem á óskiljanlegan máta hafi skotist hingað norður og lent í Eyjafirðinum.“



Þegar Ingibjörg fer í lautarferð fyllir hún nestiskörfuna af öllu því besta.

**Ekki hjólhýsa- eða tjaldkona**

Þegar Ingibjörg er spurð hvaða gisting heilli hana mest á ferðalögum er svarið á hreinu.

„Ég er sennilega kamelljón þegar kemur að ferðalögum. Þegar við Evan erum tvö í rómantísku ferðalagi finnst mér dásamlegt að láta dekra við okkur á huggulegu hóteli í bland við að skoða fallega landið okkar. Þegar stórfjölskyldan fer saman er sumarbústaður toppurinn. Þá er prógrammið að skoða áhugaverða staði, fara í göngu, golf, sund, að elda góðan mat, spila, syngja saman og hlæja fram á nótt. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki hjólhýsa- eða tjaldkona. Sem ung ævintýrakona bjó ég í tjaldi um margra vikna skeið á Grikklandi og það var ógleymanlega skemmtilegt ævintýri, en þar fyllti ég sennilega tjaldkvótann,“segir Ingibjörg og hlær.

**Sveitastíllinn kallar á köflótt**

Nú er liðið á sumarið en síðsumars getur oft verið mikil veðursæld. Því er um að gera að skella sér í stutta dagsferð eða helgarferð úr bænum og það finnst Ingibjörgu og fjölskyldu ávallt gaman að gera.

*Áttu pikknikk-körfu og -tösku?*

„Að sjálfsögðu, og hef alltaf átt. Standard-búnaður að mínu mati. Í dag á ég tvær, eða í raun á dóttir mín aðra körfuna sem er í minni vörslu þar sem hún er búsett í Svíþjóð, en þetta sumsé er genetískt. Pikknikk-körfur þurfa hvorki að vera dýrar né af ákveðinni gerð. Það má þess vegna taka bastkörfu eða hvers kyns körfu, setja klút í hana og huggulegt nesti og fara út í náttúruna eða bara út í garð. Matur bragðast öðruvísi undir beru lofti og stemningin er önnur.“

Ingibjörg segir jafnframt skyldu að hafa pikknikk-teppi með í för.

„Af skynsemisástæðum er gott að hafa það með því hér á landi veit maður aldrei hvort undirlagið sé rakt. Svo er það líka fagurkerinn í manni sem vill hafa huggulegt teppi því það er svo lekkert og setur pikknikk-stemninguna á hærra plan. Svo er alltaf huggulegt að hafa fallegar servíettur, og dúk ef lítið borð er til staðar. Klassíski sveitastíllinn kallar á köflóttan dúk og teppi, og körfu með svipuðum litatónum, og ef við viljum hafa enn meiri elegans er tilvalið að fara á stað þar sem hægt er að dúka borð með hvítum dúk og verður þá hátíðlegra yfirbragð yfir ævintýraferðinni. Slíka staði er að finna um allt land og höfum við verið dugleg að nýta til að mynda þá dásamlegu aðstöðu sem Skógræktin býður upp á.“

**Fyllir körfuna af því besta**

*Ef þú værir að setja saman pikknikk í körfu, hvað væri á óskalistanum?*

„Yfirleitt finnst mér skemmtilegast að hafa snittustemningu í nestisþemanu þannig að allir geti smakkað mismunandi bita. Að okkar mati er markmiðið bara að fylla pikknikk körfuna af því sem okkur finnst best og raða því fallega upp þegar áfangastað er náð.

Framsetning skiptir miklu máli. Í uppáhaldi er að taka með geitaost og sérstaka leyniblöndu sem alltaf slær í gegn ofan á snittubrauð og dásamlega Early Harvest-ólífuolíu að sjálfsögðu. Parmaskinka stendur alltaf fyrir sínu, mozzarella-ostur og basilíka, melóna, grískt pítubrauð, smáskornir kjúklingastrimlar og svo þrenns konar grískar ídýfur sem eru afar vinsælar á heimilinu, tzatziki, tyrokafteri (bragðsterk fetaostblanda) og melitzanosalata (eggplöntusalat). Svo er afar huggulegt að hafa sætan bita og í uppáhaldi nú er portokalopita (grísk appelsínukaka).

Drykkjarföng væru grísk eðalvín frá Domain Costa Lazaridi, ef heitt væri í veðri þá sennilega Asyrtiko-hvítvín sem er eðalþrúga ættuð frá Santorini, eða Domain Costa Lazaridi Rosé, ósætt rósavín sem er hreinlega eins og sumar í glasi. Ef farið er aðeins að kólna væri það Agiorgitiko-rauðvín eða Amethystos Cava frá sama framleiðanda, sem eru alger dásemd með snittum, ostum og hvers kyns Miðjarðarhafsgóðgæti.

Hafa þarf þó í huga að pikknikk þarf ekki alltaf að vera flókið og það þarf ekki heldur að vera bongóblíða til að njóta lífsins á þennan máta. Við fjölskyldan höfum til dæmis þá hefð, þegar ljós Friðarsúlunnar eru tendruð 9. október, að fara út með pikknikk körfu, kakó í hitabrúsa og pönnukökur. Þá komum við okkur kappklædd fyrir á fallegum stað þar sem við vitum að súlan verði sjáanleg, spilum fallega Lennon tónlist og eigum saman gæðastund.“ ■

Líttu við á belladonna.is



YEST/YESTA Opin hettupeysa
Fæst líka í dökkbláu
Stærðir 36-56
**Verð kr. 12.980**



YEST/YESTA Gallajakki
Stærðir 38-58
**Verð kr. 15.980**



STUDIO Laila Tunica
Stærðir 40-56
**Verð 12.980**

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Skólar og námskeið

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 21. ágúst 2021

**Kynningar:** Keilir, Dáleiðsluskólinn, Hringsjá




Keilir býr yfir gríðarmikilli þekkingu og reynslu þegar kemur að fjarkennslu, sem nýttist Vinnuverndarskólanum vel í upphafi heimsfaraldurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

# Þjónar enn fleirum eftir faraldur

Vinnuverndarskóli Íslands tók til starfa í upphafi árs 2020 og hefur úrval námskeiða farið stöðugt vaxandi síðan. Skólinn sérhæfir sig í sveigjanlegri og skilvirkri vinnuverndarfræðslu sem lagar sig að þörfum hvers fyrirtækis. 2

Leiðbeinendur skólans búa yfir áralangri reynslu af vinnuverndarfræðslu og byggja námskeið skólans á nýstárlegum kennsluháttum Keilis.

„Núna eru í boði tæplega 30 námskeið en þeim fjölgar í haust. Hvert námskeið er allt frá einni klukkustund upp í nokkra daga,“ segir Guðmundur Kjerúlf, forstöðumaður Vinnuverndarskólans.

**Fræðsla miðar að þörfum nemandans**

Námskeið skólans eru í boði bæði í fjar- og staðnámi. „Vinnuverndarnámskeið og vinnuvélanámskeið sem eru til dæmis bæði í fullu fjarnámi eða að hluta í fjarnámi með kennslu í gegnum Teams. Nemendur fá aðgang að öllu námsefni og kennslustundum rafrænt áður en námskeið hefst og koma undirbúnir í vinnustofur. Það gerir námið skilvirkara og hagkvæmara.

Nemendur fá þannig að njóta fyrsta flokks fræðslu sem mótuð er innan formlegs skólakerfis í nýstárlegu og notendavænu umhverfi. Með þessu er komið til móts við þarfir fyrirtækja og fjarvera starfsfólks frá vinnustað verður minni. Fyrirtæki eru þá ánægð að missa starfsfólk ekki úr húsi, sérstaklega þegar Covid 19 hefur verið sem verst.“



Frá vinstri: Magdalena Maria Poslednik, verkefnastjóri nýrra menntatækifæra; Eggert Björgvinsson og Guðmundur Kjerúlf, forstöðumaður Vinnuverndarskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

**Heimsfaraldur dregur dilk á eftir sér**

Stuttu eftir að Vinnuverndarskólinn tók til starfa 2020 mætti óboðinn gestur, sjálfur heimsfaraldurinn.

„Við vorum búin að halda þrjú námskeið í kennslustofu og var nokkur fjöldi námskeiða á dagskrá. Út af breyttum reglum urðum við að fella niður öll námskeið í kennslustofu í mars, apríl og maí 2020. Við héldum eins og aðrir að þetta ástand myndi ganga yfir á tveimur til þremur mánuðum og í byrjun notuðum við tímann og bjuggum til ný námskeið eins og Grunnámskeið vinnuvéla. Svo vorum við hvött til að prófa að halda námskeið í fjarnámi í apríl og létum slag standa og fengum um tuttugu manns á það. Út frá því sáum við að fólk og fyrirtæki voru opin fyrir svona námskeiðum.

Við þurftum í raun ekki að breyta miklu til að aðlaga námskeiðin að samkomutakmörkunum, en urðum að aðlaga efnið fjarkennslu. Keilir hefur lengi verið í fremstu röð í fjarkennslu og vendinámi og þar er gríðarleg þekking á þörfum nemenda sem stunda fjarnám. Við nutum reynslu kennara, tölvusérfræðinga og kvikmyndagerðarmanna sem starfa hjá Keili við að laga okkar efni að fjarnámi.

Vendinámssetur Keilis hóf einmitt í vor að leiða samevrópskt samstarfsverkefni um góðar starfsvenjur í evrópskum skólum. Markmið verkefnisins er að draga saman þær breytingar sem hafa átt sér stað í skólum á undanförnum misserum, hvernig Covid hefur aðlagað skólastarf að breyttu námsumhverfi og hvernig snemmtæk íhlutun og aðlögunarfærni hefur haft jákvæð áhrif á framvindu náms í evrópskum skólum.“

**Námskeið þjóna enn fleirum**

Nemendur voru að sögn Guðmundar tilbúnir að mæta breyttum veruleika. „Þeir voru örugglega betur tilbúnir en við í byrjun. Það hafa opnast ný tækifæri og nýir markaðir með fjarnáminu. Við fáum mikið af fólki á landsbyggðinni á námskeið hjá okkur. Hefðbundin kennsla í kennslustofu krefst ferðalaga á milli landshluta til að miðla efni, en með fjarkennslu getum við sinnt þessum hópi enn betur.

Í vor tók Magdalena Maria Poslednik til starfa hjá Keili sem verkefnastjóri nýrra menntatækifæra. Eitt af verkefnum hennar er að þýða námskeið Vinnuverndarskólans yfir á ensku og pólsku svo sem víðastur hópur geti notað þau til fræðslu. „Við getum haldið öll okkar námskeið á ensku og pólsku eftir samkomulagi. Við eigum til dæmis námskeið sem heitir Vinnuvernd 101 á ensku og nota nokkrir aðilar það reglulega. Þar er farið yfir það sem skiptir mestu máli í vinnuverndinni á klukkutíma og námskeiðinu lýkur með prófi.

Við erum að þýða Grunnnámskeið vinnuvéla á ensku og pólsku en það veitir réttindi á allar gerðir og stærðir vinnuvéla. Þetta er stórt og viðamikið námskeið og vonandi náum við að hefja kennslu í lok september eða byrjun október.“

**Komið til að vera**

Aðspurður hvort 100% fjarnám og kennsla, sem fer að hluta fram í fjarnámi og útsendingu, sé komið til að vera í Vinnuverndarskólanum jánkar Guðmundur því. „Þegar Covid gengur yfir mun auðvitað koma einhver kennsla í kennslustofum í fyrirlestrarformi eins og áður, en það verður undantekning frekar en hitt held ég.

Fyrirtæki vilja líka í auknum mæli láta sérsníða fyrir sig efni um vinnuverndar- og öryggismál sem þau geta notað að vild. Nú erum við að búa til kennsluefni í samstarfi við fyrirtæki sem þau svo keyra á sínum tölvukerfum og nota í sínu fræðslustarfi. Nokkur fyrirtæki sem við þjónustum láta starfsfólk taka námskeiðin þegar það er dauður tími í vinnunni. Starfsmaðurinn fer í næstu tölvu, horfir, hlustar og svarar spurningum. Nýliðafræðsla og endurmenntun færist sömuleiðis æ meira í fullt fjarnám. Fjarkennsla gerir nemendum kleyft að búa erlendis eða starfa á sjó þegar þeir eru á námskeiðum hjá okkur.

**Þarf að gera þetta rétt**

„Í dag eru öll okkar námskeið að fullu í fjarnámi eða við sendum fólki efni til að undirbúa sig og svo er námskeiðið tekið í gegnum Teams. Allt efni sem við erum með í fullu fjarnámi er sett saman úr þriggja til sjö mínútna bútum og svo svara nemendur spurningum úr efninu. Þar er mikilvægt að það sem fólk horfir á sé ekki lengra en sjö mínútur í einu. Eftir það minnkar einbeitingin. Oftast eru girðingar í efninu svo þú kemst ekki áfram nema standa þig vel í verkefnunum.

Öll okkar námskeið eru bókleg svo það er ekki nauðsynlegt að vera á staðnum. Grunnnámskeiði vinnuvéla lýkur með skriflegu krossaprófi og þá verða menn að mæta á staðinn, annað hvort hjá okkur í Keili eða hjá Rafmennt í Reykjavík. Slík próf má líka taka hjá fræðslumiðstöðvum úti á landi.

Það er samt eitt námskeið sem ég vil helst kenna í kennslustofu en við höfum þurft að kenna í fjarnámi. Það er námskeið um áhættumat starfa. Þar er best að láta fólk vinna saman í þriggja til sex manna hópum. Við ætluðum að vera með slík námskeið í kennslustofu í haust en verðum að breyta því í fjarnám og útsendingu í Teams, það gengur alveg upp og við erum að þróa það áfram.“

*Hver eru næstu námskeið?*

„Við erum alltaf með námskeið í gangi í fullu fjarnámi, t.d. vinnuvélanámskeið. Dagskrá haustannar hefst annars 25. ágúst. Þá er útsending á námskeiði fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði og hafa þátttakendur fengið mikið af gögnum til að undirbúa sig þegar útsendingin fer fram. Svo verðum við með mörg mismunandi námskeið í fjarnámi og Teams fram að jólum, til dæmis um vinnuslys, fallvarnir, verkstjóranámskeið, vinnu í lokuðu rými, öryggismenningu og fleira. Fljótlega koma svo inn námskeið um öryggi í vöruhúsum og námskeið um lyftitæki sem eru ekki réttindaskyld.“

Nánari upplýsingar má nálgast á keilir.is.

GRUNNNÁMSKEIÐ VINNUVÉLA

Grunnnámskeið Vinnuvéla hjá **Vinnuverndarskóla Íslands** veitir réttindi á allar stærðir og gerðir réttindaskyldra vinnuvéla auk brúkrana. Nemendur geta hafið nám þegar þeim hentar og stundað það á eigin hraða. Bókleg próf eru haldin reglulega í Keili og Rafmennt.

Skráning og frekari upplýsingar á **vinnuverndarskoli.is**

Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs | vinnuverndarskoli.is | 578 4000 | Vinnuverndarskóli Íslands

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# ERT ÞÚ Á LEIÐ Í NÁM?

## Þrjár leiðir í starfsmenntasjóði VR/LÍV

Veldu eina leið









## Leið 1

### Einstaklingur sækir um styrk

**UMSÓKN**
Sótt er um á Mínum síðum á vr.is.

**REIKNINGUR**
Greiddur reikningur verður að vera á nafni þess sem sækir um og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

**UPPLÝSINGAR**
Lýsing á námi skal fylgja með umsókn ef óljóst er hvers konar nám/námskeið sótt er um.

**GREIÐSLA**
Styrkur greiddur inn á reikning félagsmanns að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er 130.000 kr. og 390.000 kr. þegar félagsmaður á rétt á uppsöfnun.

Veittur styrkur af tómstundanámskeiði er 50% að hámarki 30.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.
ATH: tómstundastyrkur hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Veittur ferðastyrkur vegna náms/starfstengdra námskeiða er 50% að hámarki 40.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

## Leið 2

### Fyrirtæki sækir um styrk

**UMSÓKN**
Sótt er um á attin.is

**REIKNINGUR**
Greiddur reikningur verður að vera á nafni fyrirtækis og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

**UPPLÝSINGAR**
Lýsing á námi skal fylgja með umsókn og listi starfsmanna sem sóttu námið/námskeiðið (nafn-kennitala-stéttarfélagsaðild).

**GREIÐSLA**
Styrkur greiddur inn á reikning fyrirtækis að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er 130.000 kr. fyrir hvern starfsmann.

Hámarksstyrkur til fyrirtækja er kr. 3 milljónir á ári.

## Leið 3

### Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis

**KOSTNAÐUR**
Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

**REIKNINGUR**
Það skiptir ekki máli á hvoru nafni greiddur reikningur er, hvort það er fyrirtækið eða félagsmaður.

**UMSÓKN**
Félagsmaður sækir um styrkinn á Mínum síðum á vr.is og gildir sú umsókn einnig vegna styrks fyrirtækisins og þarf því ekki að senda inn sér umsókn fyrir fyrirtækið. Yfirlýsing frá fyrirtækinu verður að fylgja með þar sem fram kemur að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun félagsmannsins.

**AFGREIÐSLA**
Við samþykkt umsóknar dregst styrkupphæðin af rétti beggja. Miðað er við 50/50 en ef félagsmaður á rétt á uppsöfnun þá er uppsöfnunin nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.

**ÚTBORGUN**
Styrkupphæð greiðist inn á reikning beggja.

**UPPHÆÐ STYRKS**
Samanlagður styrkur er 90% af námsgjaldi – hámark 260.000 kr. eða 520.000 kr. þegar félagsmaður á rétt á uppsöfnun.

STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS | VR | LÍV Landssamband íslenzkra verzlunarmanna

**www.vr.is | www.attin.is**

# Efla sköpunargleði í Snillismiðjunni



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

**Í Hólabrekkuskóla er svokölluð Snillismiðja, sem gengur út á að kenna nemendum að hugsa út fyrir boxið þegar kemur að sköpun og nýta tækni og vísindi í list- og verkgreinum. Markmiðið er námssamfélag þar sem sköpunargleði nemenda fær að njóta sín.**

> Allir nemendur kynnast Snillismiðjunni.



Heiða Berta Guðmundsdóttir, Snillismiðjukennari og deildarstjóri eldra stigs í Hólabrekkuskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Snillismiðja Hólabrekkuskóla hóf starfsemi haustið 2017. Hún byggir á hugmyndafræði sem kallast Fab Lab (Fabrication Laboratory) og gefur öllum nemendum í 1.-8. bekk aðgang að sérhæfðu rými sem inniheldur fjölbreyttan búnað fyrir nýsköpun. Snillismiðjan er hluti af samstarfsverkefninu Skapandi námsfélag í Breiðholti og í góðu samstarfi við Fab Lab Reykjavík.

„Snillismiðjan vinnur markvisst að því að virkja nemendur í að hugsa út fyrir boxið í tengslum við sköpun og nýta tækni og vísindi ásamt list- og verkgreinum til að þróa og skapa í skólastarfi,“ segir Heiða Berta Guðmundsdóttir, Snillismiðjukennari og deildarstjóri eldra stigs í Hólabrekkuskóla. „Markmið okkar er skapandi námssamfélag þar sem sköpunargleði nemenda fær að njóta sín og þeir fá verkfæri til að koma hugmynd í framkvæmd.“

**Samþætta ólíkar greinar**

„Snillismiðjan varð til vegna þess að kennarar hérna innan skólans höfðu mikinn áhuga á að þróa skapandi námsumhverfi og prófa og innleiða kennsluhætti 21. aldar,“ segir Heiða Berta. „Við búum líka svo vel að hafa frumkvöðla innanhúss sem hafa tekið þátt í að þróa starf Snillismiðjunnar síðustu ár, svo verkefnin sem eru í gangi núna voru öll þróuð innanhúss og í samstarfi við Fab Lab.

Við leggjum áherslu á samþættingu skapandi greina og reynum einnig að samþætta upplýsinga- og tæknimenntun öðrum námsgreinum í gegnum þemavinnu,“ segir Heiða Berta. „Snillismiðjan var áður aðskilin frá öðrum list- og verkgreinum en er núna hluti af þeim og hún kemur líka við sögu í námi í öðrum greinum sökum samþættingar, svo hlutverk hennar er tvíþætt.“

**Í stöðugri þróun**

„Allir nemendur í 1.-8. bekk eru í list- og verkgreinatímum þar sem þeir kynnast Snillismiðjunni og hún er líka hluti af þematímum fyrir nemendur í 8.-10. bekk en þá geta nemendur valið að læra flug í flughermi, akstur í akstursshermi og margt fleira,“ segir Heiða Berta. „Flestallir nemendur skólans hafa því farið í gegnum starfið, eða hafa í það minnsta val um það.

Yngstu bekkirnir byrja rólega í afmörkuðum viðfangsefnum en svo þegar börnin verða eldri fá þau að nota önnur tæki og gera flóknari hluti, svo það getur verið mikill munur milli ára,“ segir Heiða Berta. „Við erum líka alltaf að finna eitthvað nýtt til að bæta við og nemendur eru sífellt að benda okkur á eitthvað nýtt. Það er alltaf eitthvað nýtt í þessu, ný forrit, nýjar viðbætur og ný tæki. Þetta er í sífelldri þróun.“




Þessi skýringarmynd frá Hólabrekkuskóla gefur ágætis hugmynd um hvernig skipulagið er hjá Snillismiðjunni. MYND/AÐSEND

> Yngstu bekkirnir byrja rólega í afmörkuðum viðfangsefnum en svo þegar börnin verða eldri fá þau að nota önnur tæki og gera flóknari hluti.
>
> Heiða Berta Guðmundsdóttir.

**Fjölbreyttur tækjabúnaður**

„Hólabrekkuskóli býr yfir fjölbreyttum tækjabúnaði til kennslu og mannauði með mikla þekkingu. Í Nýsköpunarveri Snillismiðju erum við með hefðbundinn Fab Lab búnað, til dæmis þrívíddarprentara, vínylskera og hitapressu,“ segir Heiða Berta. „Það er líka sérhannað rými fyrir margmiðlun sem kallast Draumaland. Þar hafa nemendur aðgang að stóru upptökurými með „green screen“ svæði, upptökubúnaði, hljóðupptökuklefa, sýndarveruleika og tölvum til myndvinnslu.

Svo erum við einnig með vélmenni og alls konar fleiri tæki og tól, meðal annars flug- og akstursshermi,“ útskýrir Heiða Berta. „Hermarnir eru meðal annars hugsaðir til undirbúnings fyrir bílpróf og flugnám fyrir krakkana í unglingadeild og flughermirinn kennir meðal annars nemendum á áttirnar og getur samfléttast við stærðfræði og samfélagsfræði. Með sýndarveruleikanum er hægt að samþætta námsefni sem tengist himingeimnum og geta nemendur þá til dæmis skroppið til Mars, sem þeir hafa gaman af. Þetta er mjög fjölbreytt, en ástæðan fyrir því að við höfum svona mikið af frábærum tækjabúnaði er að við vinnum í samstarfi við Fab Lab og höfum hlotið Hvatningarverðlaun og styrki.“

**Gæti nýst í fleiri skólum**

„Innleiðing á einhverju svona nýju tekur alltaf tíma en það hefur gengið vel, sérstaklega eftir að þetta kom markvisst undir list- og verkgreinar,“ segir Heiða Berta. „Nemendur eru áhugasamir og þetta hentar mörgum þeirra sem passa ekki inn í hefðbundna námsboxið.“

Heiða Berta segir að Snillismiðjan sé verkefni sem aðrir skólar gætu tekið til fyrirmyndar.

„Algjörlega, en það er kannski helst tvennt sem kemur í veg fyrir að það séu sambærileg verkefni í öllum grunnskólum. Í fyrsta lagi er það fjármagn sem þarf að vera til staðar en það getur til dæmis verið mikill kostnaður við tækjabúnað og þá kemur sér vel að fá styrki eins og við höfum fengið,“ segir hún. „Svo þarf fræðsla og stuðningur fyrir kennara að vera til staðar ásamt því að kennarar hafi opinn huga og séu í stöðugri starfsþróun og tilbúnir að fara út fyrir kassann. Flestir kennarar eru opnir fyrir þessu en þróunin getur verið hæg, enda taka allar breytingar tíma. Innleiðingin þarf að vera markviss og heildstæð.

Þetta er langtímaverkefni. Við viljum vera skapandi skóli og hafa kennsluhættina í takt við tímann,“ segir Heiða Berta.

„Vonandi heldur þetta bara áfram að þróast og vonandi verður enn meiri samþætting við þessar almennu greinar.“ ■

The INFACT School
www.infact.is

Alþjóðlegt nám í greiningum og meðferðum fyrir sykur/matarfíkn sem fíknivanda

Námið sem hefur alþjóðlega vottun er sniðið að fagfólki í heilbrigðis- og félagsgreinum, íþróttakennurum, einkaþjálfum, markþjálfum og fíkniráðgjöfum.

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 1. september kl. 17-18 á eftirfarandi link: https://us02web.zoom.us/j/3233214137

Nánari upplýsingar hjá stjórnanda náms, Esther Helgu; 699-2676, esther@infact.is, www.infact.is



Kennarar við skólann eru þverfaglegur hópur sérfræðinga í efnaskiptameðferðum, vísindarannsóknum og meðferðum við matarfíkn og át- og þyngdarröskunum.

- Dr. Marty Learner, USA.
- Dr. Guttorm Toverud, USA/Noregi
- Robert Lustig MD, USA
- Dr. Nicole Avena, USA
- Dr. Ashely Gearhardt, USA
- Vera Tarman MD, M.Sc., FCFP, CASAM, ABAM, Kanada.
- Theresa Wright MS, RD, LDN, USA

Ný meðferðarnámskeið við matarfíkn hefjast í september: www.matarfikn.is

MFM MIÐSTÖÐIN

NÁMSKEIÐ Í MYNDLIST OG LISTHANDVERKI FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA. SKRÁNING Á MIR.IS.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

# PROBI:MAGE®

## söluhæstir í Svíþjóð, frábærar móttökur á Íslandi!




**Við notum PROBI:MAGE® mjólkursýrugerla fyrir þarmaflóruna og meltinguna.**



**Sigríður Ríta** Ragnarsdóttir

**Þorbjörg** Hafsteinsdóttir

**Birgir** Þórðarson

**Þórunn** Kristjónsdóttir

**PROBI®** vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.

# Finnst hann hafa fjölfaldað sig

Ingibergur Þorkelsson er klínískur dáleiðandi, skólastjóri Dáleiðsluskóla Íslands og höfundur bókarinnar Hugræn endurforritun. Flestir útskriftarnemar verða meðferðaraðilar.

„Ég gat engan veginn annað eftirspurn eftir meðferðum," segir Ingibergur Þorkelsson. „Eftir að ég kom fram í þættinum Undir yfirborðið þar sem sagt var frá árangrinum bókuðu svo margir hjá mér að ég varð að loka fyrir bókanir og var lengi að vinna úr biðlistanum."

Ingibergi þótti þungbært að geta ekki hjálpað fleirum. „Til þess að leysa þennan vanda ákvað ég að flýta útgáfu bókarinnar sem ég hafði fyrir löngu ákveðið að skrifa og fékk nafnið Hugræn endurforritun." Bókin er kennslubók framhaldsnáms Dáleiðsluskóla Íslands. „Ég hef síðan kennt tvö framhaldsnámskeið samkvæmt bókinni og hún er nú komin út í 2. útgáfu þar sem ég bætti því við sem mér fannst vanta að fenginni reynslu."

**Frábærir nemendur**

„Ég hef verið svo heppinn að fá frábæra nemendur á námskeiðin," segir Ingibergur. „Þau hafa mörg staðið sig svo vel í meðferðarstarfinu að mér finnst að ég hafi fjölfaldað mig. Flestir útskriftarnemar hafa snúið sér að meðferðarstarfi eftir námskeiðið. Sum finnst mér vera komin lengra en ég sjálfur og árangurinn er eftir því."

Ingibergur er því næst spurður hverjir geti lært Hugræna endurforritun. „Þau sem ná bestum árangri er fólk með mikla lífsreynslu, fólk sem hefur þroskast í lífinu sjálfu og er opið," segir hann.

**Út fyrir kassann**

„Hugræn endurforritun er meira en bara dáleiðsla, þótt dáleiðsluinnleiðingin sé vissulega lykillinn að undirvitundinni og þar með lækningunni," segir Ingibergur. „Hugræn endurforritun byggir að miklu leyti á brautryðjendastarfi sálfræðinga og geðlækna sem hafa farið óhefðbundnar leiðir. Helstir þeirra eru sálfræðiprófessorinn Dr. Edwin Yager og geðlæknarnir John G. Watkins og Colin A. Ross. Þeir eru höfundar Subliminal Therapy, Ego State Therapy og The Trauma Model."

**Kraftaverk eftir pöntun**

Ingibergur heldur áfram: „Dáleiðandinn Charles Tebbetts skrifaði bókina Miracles on Demand, eða Kraftaverk eftir pöntun, en Tebbetts var upphafsmaður þáttameðferðar. Ég hef einmitt upplifað í mínu starfi að þar verði oft kraftaverk þegar meðferðarþeginn losnar undan því fargi sem hefur gert líf hans óbærilegt árum eða áratugum saman. Þetta gerist svo oft að með tímanum verða kraftaverkin hversdagsleg."

**Dáleiðslan síðasta stopp**

*Hverjir leita til klínískra dáleiðenda og með hvaða vandamál?*

Um það hverjir leiti helst til dáleiðenda segir Ingibergur að flestir komi í dáleiðslumeðferð eftir að hafa reynt flest annað. „Þegar læknar, sálfræðingar, hugleiðsla og aðrar meðferðir hafa ekki getað leyst málin þá er dáleiðslumeðferðin oftast síðasta stopp.

Alvarleikinn er oft í samræmi við það, afleiðingar áfalla eru oft mikill kvíði og þunglyndi og hvers konar fíkn, til dæmis spilafíkn, ástar- og kynlífsfíkn, sykurfíkn og svo framvegis. Það koma líka margir til að losna við fælni en meðferðin virkar mjög vel á hvers konar fælni, til dæmis flughræðslu, prófhræðslu, félagsfælni, ótta við að tala opinberlega og fjölmargt annað."

**Kvíðinn afleiðing áfalla**

*Hvers vegna er svona mikil eftirspurn eftir dáleiðslumeðferð?*

Ingibergur segir helstu ástæðu kvíða og vanlíðunar vera afleiðingar áfalla. „Tilfinningar sem verða til við áföll eyðast ekki og valda stöðugt vanlíðan, árum og áratugum saman. Ef við viljum bæta líf fólksins í landinu þarf að hugsa betur um börn og ungmenni og forða þeim frá áföllum sem uppeldi og umhverfi valda. Desmond Tutu, erkibiskup í Suður Afríku, varpaði fram þeirri spurningu hvers vegna við séum alltaf að draga fólk upp úr ánni í stað þess að ganga upp með henni og athuga hvers vegna það dettur ofan í. Þangað til við bætum forvarnirnar verður alltaf biðröð eftir meðferð."

*Hvernig er hægt að komast í dáleiðslunám?*

Aðspurður um möguleika á dáleiðslunámi segir Ingibergur að Dáleiðsluskóli Íslands haldi að jafnaði tvö grunnnámskeið og eitt framhaldsnámskeið á ári. „Námskeiðin eru afar krefjandi og fólk upplifir miklar breytingar á sjálfu sér og kynnist sér miklu betur. Kennararnir eru líka frábærir."

Næsta grunnnámskeið hefst 15. október og næsta framhaldsnámskeið hefst 8. apríl 2022. Hægt er að bóka á síðunni daleidsla.is. ■



Ingibergur Þorkelsson, skólastjóri Dáleiðsluskóla Íslands.

Dáleiðsluskóli Íslands

**Það verða oft ótrúlegar breytingar á fólki þegar það losnar við orsakir vandamálanna.**




Næsta grunnnámskeið hefst **15. október, 2021**
Næsta framhaldsnámskeið hefst **8. apríl, 2022**

dáleidsla.is

STARF

## Forstöðumaður fjárstýringar fyrir nýja og spennandi tíma

Við leitum að einstaklingi til að leiða stjórnun og stefnumótun fjárstýringar fyrirtækisins í alþjóðlegu umhverfi. Helstu verkefni fjárstýringar eru fjármögnun, lausafjárstýring og stýring fjármálaáhættu.

**Fjárstýring Landsvirkjunar hefur verið framarlega í nýjum áherslum sem styðja við stefnu fyrirtækisins. Má þar nefna útgáfu á erlendum mörkuðum; jafnt grænna skuldabréfa sem og skuldabréfa sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Mikil samskipti eru við lánveitendur og lánshæfismats-fyrirtæki, í samvinnu með öðru starfsfólki, til að mynda í tengslum við umhverfis- og jafnréttismál. Fram undan er að tengja fjárstýringu enn frekar við umhverfismál, nýsköpun og aukna græna endurnýjanlega orkuvinnslu.**

Í starfinu felst meðal annars að leiða skemmtilega úrbótavinnu í teymum, þar sem verkefnið verður að einfalda ferla og ýta undir framsækni í stafrænni vegferð. Forstöðumaður fjárstýringar fær það hlutverk að vísa leiðina fram á við í takti við nýja og spennandi tíma.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu er kostur
- Samskiptahæfni og frumkvæði
- Breytingastjórnun, hvetjandi og drífandi
- Þekking á fjárstýringu og fjármálamörkuðum
- Áhugi á stafrænni þróun og einföldun ferla

STARF

## Viðskiptaþróunarstjóri fyrir græna framtíð

Við leitum að viðskiptaþróunarstjóra sem hefur brennandi áhuga á grænni framtíð og orkuskiptum í samgöngum og nýtur þess að eiga í samskiptum við hagaðila, innanlands sem utan.

Nýjum viðskiptaþróunarstjóra er ætlað að horfa sérstaklega til fjögurra sviða, í samræmi við áherslur okkar: Gagnavera, rafhlöðuframleiðslu, hátækni matvælaframleiðslu og vinnslu rafeldsneytis og vetnis.

**Helstu verkefni**

- Greining, leit að og þróun nýrra viðskiptatækifæra í samræmi við áherslur viðskiptaþróunar og söludeildar
- Samskipti, þ.m.t. kynningar, fundir og tölvupóstsamskipti, við nýja viðskiptavini
- Tengiliður við utanaðkomandi samstarfsaðila
- Möguleg þátttaka í undirbúningi og gerð nýrra eða uppfærðra viðskiptasamninga við núverandi og mögulega nýja viðskiptavini
- Samstarf við starfsfólk í öðrum deildum og sviðum
- Önnur störf og verkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns

**Umsóknarfrestur er til og með 1. september**
**fylla skal út umsókn á vef vinnvinn.is**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni.
Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is
og Jensína K. Böðvarsdóttir, jensina@vinnvinn.is

Landsvirkjun



STARF

# Við leitum að tæknimenntuðum og skipulögðum einstaklingi til starfa á Sogssvæði

Starfið felur í sér tæknilega aðstoð við rekstur, viðhald og bilanagreiningu búnaðar á Sogssvæði.

Viðkomandi annast einnig áætlanagerð og kostnaðargreiningu við innkaup á búnaði, er tengiliður við framkvæmda- og endurbótaverkefni og hefur umsjón með tæknigagnasafni og teikningum á svæðinu.

**Æskileg menntun/reynsla/hæfni**

– Framhaldsmenntun á véla- eða rafmagnssviði
– Þekking og reynsla af rekstri, viðhaldi og hönnun á sviði raf-, og eða vélbúnaðar og tengdra kerfa
– Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
– Þekking á gæðastjórnun og áhættustjórnun
– Samskiptafærni og metnaður til að vera hluti af öflugri liðsheild
– Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
– Tölvu- og hugbúnaðarfærni
– Góð íslensku- og enskukunnátta. Norðurlandatungumál er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 2. september**
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
Landsvirkjun.is

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Landsvirkjun



Fjarskiptastofa

# Hagfræðingur

*Fjarskiptastofa er eftirlitsstofnun á fjarskiptamarkaði. Er stofnuninni m.a. ætlað það hlutverk að vinna gegn röskun eða takmörkunum á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Stofnunin vinnur að framgangi þessara verkefna m.a. á grundvelli markaðsgreininga þar sem fer fram samkeppnislegt og viðskipta- og hagfræðilegt mat á markaðsaðstæðum í fjarskiptum og líklega þróun á aðstæðum á þeim markaði til næstu framtíðar.*

*Hjá Fjarskiptastofu starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga á sviði fjarskipta og netöryggis. Fjarskiptastofa leggur áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að sinna áhugaverðum verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.*

Fjarskiptastofa lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).**

**Fjarskiptastofa** leitar að öflugum hagfræðingi til starfa á stjórnsýslusviði. Um er að ræða nýtt starf tengt eftirliti með fjarskiptamarkaði og fær viðkomandi aðili tækifæri til að móta og þróa starfið.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem viðkomandi hagfræðingur mun í starfi sínu jafnframt vinna náið með sérfræðingum á öðrum sviðum stofnunarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Greiningarvinna og þátttaka í skrifum á skýrslum og ákvörðunum.
- Frumkvæði að gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Söfnun gagna og tölfræðileg úrvinnsla.
- Miðlun hagfræðilegrar þekkingar við rannsókn mála.
- Samskipti við hagaðila.
- Möguleiki á þátttöku í erlendu samstarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í hagfræði er skilyrði.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Þekking á atvinnuvegahagfræði er kostur.
- Reynsla af greiningarvinnu og samkeppnismálum er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þverfaglegri samvinnu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og rituðu máli. Þekking á einu Norðurlandamáli kostur.

Um er að ræða nýtt starf á stjórnsýslusviði stofnunarinnar og er starfshlutfall 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. september nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Fjarskiptastofa hvetur áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Guide to Iceland

# Rekstrarstjóri (COO)

*Guide to Iceland er eitt hraðast vaxandi sprotafyrirtæki landsins og hefur verið leiðandi ferðaskrifstofa Íslands 3 ár í röð á World travel awards. Guide to Iceland er stærsta markaðstorgið í íslenskri ferðaþjónustu og sameinar yfir 1000 íslenska ferðaþjónustuaðila á einum stað.*

*Fyrirtækið hefur vakið mikla athygli og umfjöllun erlendis og hlaut m.a. þriðja sætið sem hraðast vaxandi fyrirtækið í Deloitte Tech 500 í allri Evrópu, Afríku og Miðausturlöndum. Auk þess er fyrirtækið leiðandi í framsækinni hugbúnaðargerð og sjálfvirknivæðingu.*

Vinsælasta ferðaheimasíða landsins, **Guide to Iceland**, leitar að framúrskarandi rekstrarstjóra til að taka þátt í ferðalaginu framundan. Fyrirtækið er fjársterkt og með öfluga ameríska fjárfesta á bak við sig.

Viðkomandi þarf að búa yfir forystuhæfni, samskiptafærni, styrk til að taka ákvarðanir og frumkvæði til að ná árangri í starfi.

**Helstu verkefni:**

- Samskipti við helstu ferðaþjónustufyrirtæki landsins.
- Viðskipta- og vöruþróun með núverandi ferðaþjónustufyrirtækjum.
- Uppbygging nýrra viðskiptatengsla við ferðaþjónustufyrirtæki.
- Samræming sölu, markaðssetningar og vöruúrvals.
- Samræming hugbúnaðarteymis við þarfir reksturs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af viðskiptaþróun, sölu- og markaðsmálum.
- Ástríða fyrir ferðaþjónustu og notendaupplifun.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og áhugi fyrir nýjungum og straumum og stefnu í þjónustu.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

ICELANDIC GLACIAL

# Innkaupastjóri

*Icelandic Glacial er framsækið framleiðslufyrirtæki sem flytur út hágæða íslenska náttúruafurð til fjölda markaða á heimsvísu. Fyrirtækið er með skrifstofur í Bandaríkjunum og á Íslandi en öll framleiðsla fer fram í verksmiðju fyrirtækisins að Hlíðarenda í Ölfusi. Mikil sókn er í sölu og dreifingu. Icelandic Glacial hefur hlotið fjölda verðlauna á heimsvísu, ásamt því að vera valið sem opinber samstarfsaðili fjölda heimsþekktra vörumerkja svo sem Golden Globe verðlaunahátíðarinnar og Christian Dior. Fyrirtækið átappar tæru lindarvatni, með og án kolsýru. Fyrirtækið var fyrsti drykkjavöruframleiðandinn á heimsvísu til að vera með alla starfsemi sína Carbon Neutral vottaða.*

**Icelandic Water Holdings** leitar að öflugum einstaklingi í starf innkaupastjóra.

Félagið tappar lindarvatni á flöskur undir vörumerkinu Icelandic Glacial. Stærstur hluti framleiðslunnar er til útflutnings og er Icelandic Glacial nú selt í yfir 25 löndum um allan heim. Við leitum að nákvæmum og drífandi aðila til að slást í hóp framúrskarandi starfsfólks.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í alþjóðlegu starfsumhverfi í verksmiðju fyrirtækisins í Ölfusi.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Samskipti við innlenda og erlenda birgja.
- Áætlanagerð og innkaupastýring.
- Gerð og eftirfylgni innkaupasamninga.
- Aðkoma að vöruþróun.
- Aðkoma að skipulagningu framleiðslu.
- Viðhald vörutengdra upplýsinga í birgðakerfi.
- Greiningarvinna og skýrslugjöf.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla og þekking á sviði vörustýringar og innkaupa.
- Þekking á Axapta framleiðslu- og birgðakerfi, eða sambærilegu kerfi.
- Talnagleggni.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í samskiptum og samningagerð.
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta, sérstaklega í Microsoft Office tengdum forritum eins og Excel.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

## Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Í boði eru vaktir bæði fyrir og eftir hádegi,
einnig eitthvað um helgar. Framtíðarstarf.
Íslenskukunnátta skilyrði

Áhugasamir sæki um á netfangið
***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

---

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða aðstoðarmann í mötuneyti. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang.
**Vinnutími er kl. 8:00 – 16:00, en við bætast vetrarfrí og páskaleyfi og lækkuð vinnuskylda milli jóla og nýárs.**
Áríðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti, sé þjónustulipur og jákvæður.

Menntaskólinn í Kópavogi er frábær vinnustaður, þar er starfsandi góður og aðstaða til fyrirmyndar.

Laun eru skv. sérstökum samningi Sameykis og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000.

Skólameistari

---

LANDSPÍTALI

Gjörgæsludeildir Landspítala

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR ÓSKAST

Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingum til starfa á gjörgæsludeildir Landspítala. Í boði eru áhugaverð störf með góðu samstarfsfólki þar sem unnið er í vaktavinnu samkvæmt vaktskipulagi deildar. Störfin eru laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi. Einstakt tækifæri er til að þróa með sér mikla faglega þekkingu og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum í frábæru starfsumhverfi. Boðið verður upp á einstaklingshæfða aðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um störfin og ráðningarferlið veitir Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, elfahg@landspitali.is, 691 7823.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landspitali.is/mannaudur**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst 2021**

---

# Sérfræðingur í upplýsingatækni

Auðkenni leitar að sérfræðingi sem hefur góða þekkingu á rekstri kerfa og býr yfir frumkvæði til að finna nýjar lausnir og leiðir. Viðkomandi tekur þátt í rekstrarteymi Auðkennis og kemur að innleiðingu nýrra kerfa. Kerfi Auðkennis eru mörg og keyra á mismunandi stýrikerfum og gagnagrunnum. Undirliggjandi vélbúnaður keyrir VMware og keyra flest kerfi í tveimur vélarsölum. Stýrikerfi sem eru í rekstri eru Linux (Debian), Windows netþjónar og HSM frá Safenet/Thales Group.

**Verkefni tengjast m.a. eftirfarandi kerfum**

- Skilríkjakerfi notuð af meirihluta Íslendinga
- CA Pki kerfi (skilríkjakerfi)
- Skráningarkerfi notað af yfir 700 fulltrúum
- Eftirlitskerfi
- Ýmsir vefþjónar og vefþjónustur
- Rekstur rafrænna skilríkja á símum

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærilegt
- Þekking á Windows / Linux
- Þekking á gagnagrunnum SQL
- Þekking á PKI, SAML, Oauth og VMware er kostur
- Þekking á LOG málum er kostur (elastic search, Kibana, syslog o.s.frv.)
- Góð samskiptafærni
- Frumkvæði og drifkraftur

**Hjá okkur er:**
Góður liðsandi
Sveigjanlegur vinnutími
Möguleiki á fjarvinnu
Pool, píla og Playstation
Sturtuaðstaða

AUÐKENNI

Auðkenni var stofnað árið 2000 vegna vaxandi krafna fjármála- og fjarskiptafyrirtækja um aukið öryggi í rafrænum viðskiptum. Félagið er með ISO 27001 vottun og virka stjórnun upplýsingaöryggis. Öryggislausnir Auðkennis eru bæði íslenskar lausnir, þróaðar af fyrirtækinu sjálfu, og alþjóðlegar lausnir sem sniðnar eru að íslenskum aðstæðum. Þjónusta Auðkennis hefur undanfarin ár sannað sig sem grundvallar þjónusta fyrir íslenskt samfélag en rafræn skilríki spila lykilhlutverk í að auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum samskipti sín á milli.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Spennandi störf í boði hjá íslensku nýsköpunarfyrirtæki

CORIPHARMA

Til að fylgja eftir nýjum og spennandi viðskiptatækifærum leitum við nú að nýjum liðsmönnum sem eru tilbúnir að taka þátt í frekari uppbyggingu fyrirtækisins með okkur.

**Störf í boði**

- Sérfræðingur í þróun lyfjaforma
- Verkefnastjóri í viðskiptaþróun
- Portfolio Manager
- Starfsmaður í tæknideild
- Starfsmaður í lyfjablöndun
- Starfsmaður í lyfjapökkun
- Starfsmaður í mötuneyti

Coripharma er nýsköpunarfyrirtæki sem þróar og framleiðir lyf og lyfjatengt hugvit fyrir viðskiptavini á erlendum mörkuðum. Frá því að félagið hóf starfsemi árið 2018 hefur það hafið framleiðslu á 15 vörum og er með 16 ný lyf í þróun. Í dag starfa rúmlega 130 manns hjá Coripharma. Nánari upplýsingar um Coripharma má finna á **coripharma.is**.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á **hagvangur.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **5. september nk**.

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar veita Stefanía Ásmundsdóttir, **stefania@hagvangur.is**, og Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

## Hæstiréttur Íslands

**Við Hæstarétt er laust til umsóknar starf aðstoðarmanns dómara. Um er að ræða fullt starf en aðstoðarmenn heyra undir skrifstofustjóra réttarins. Starfskjör fara eftir kjarasamningi.**

Leitað er eftir hæfileikaríkum og kraftmiklum lögfræðingi sem hefur öðlast nokkra starfsreynslu. Starfið krefst færni við að greina lögfræðileg álitaefni og sjálfstæðis og nákvæmni í vinnubrögðum. Framundan í starfi réttarins er aukin áhersla á stafræna vinnslu og breytingar er lúta að tæknimálum en aðstoðarmenn réttarins munu taka þátt í þeirri þróun.

**Helstu verkefni:**
- Aðstoð við meðferð mála sem skotið er til réttarins
- Birting dóma og tilkynningar til aðila
- Aðstoð við meðferð beiðna um heimild til að skjóta málum til réttarins
- Samskipti við lögmenn
- Móttaka gesta og kynning á starfsemi og húsakynnum réttarins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Grunn- og meistaranám í lögfræði
- Að lágmarki tveggja ára starfsreynsla á sviði lögfræði
- Haldgóð þekking í réttarfari
- Mjög góð færni í að tala og rita íslensku
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tækniþekking

Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi fullnægir fyrrgreindum hæfniskröfum.

Nánari upplýsingar veitir Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri Hæstaréttar, olof.finnsdottir@haestirettur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2021** og skulu umsóknir berast á netfangið haestirettur@haestirettur.is. Stefnt er að því að ráða í starfið frá 1. október 2021.

Umsóknir um starfið gilda í sex mánuði frá birtingu auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.




# Starfsfólk í framleiðslu

Trefjar ehf. óskar eftir starfsmönnum við smíði og frágang á bátum og öðrum vörum sem fyrirtækið framleiðir. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og geta unnið sjálfstætt.

**Við leggjum áherslu á nákvæmni og snyrtimennsku.**

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið. Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: atvinna@trefjar.is

**Sendu okkur umsókn!**

Óseyrarbraut 29 • 220 Hafnarfirði
s: 550 0100 • cleopatra@trefjar.is
**trefjar.is**

**TREFJAR EHF.**

**job**
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður

## Mannauðs- og gæðastjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust starf mannauðs- og gæðastjóra. Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannauðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu. Starfsfólk sveitarfélagsins telur um 230 og í sveitarfélaginu búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

**Helstu verkefni:**
- Fagleg forysta á sviði mannauðs- og gæðamála, þ.m.t. mótun og framkvæmd mannauðsstefnu
- Ábyrgð á starfsþróunar-, fræðslu og þjálfunarmálum
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Umsjón með gæðamálum
- Umsjón með launasetningu og viðhald jafnlaunakerfis
**Starfssvið:**
- Upplýsingagjöf og sala
- Þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við erlenda birgja
- Vörupantanir og innkaup
- Móttaka vörusendinga og útgáfa reikninga

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikill áhugi á fatnaði
- Talandi og skrifandi á ensku og íslensku
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og skipulagshæfileikar

Northwear er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu og sölu á einkennis- og starfsmannfatnaði
auk þess að reka öfluga heildsöludeild sem flytur inn og selur m.a. Lee og Wrangler.

**Umsóknir sendist á godi@northwear.is fyrir 30. ágúst.**

Northwear ehf, Sundaborg 7-9 | 104 Reykjavík | Sími 511 4747 | www.northwear.is

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Hornafjörður vellíðan fyrir alla

# Mannauðs- og gæðastjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust starf mannauðs- og gæðastjóra. Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannauðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu. Starfsfólk sveitarfélagsins telur um 230 og í sveitarfélaginu búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

**Helstu verkefni:**
- Fagleg forysta á sviði mannauðs- og gæðamála, þ.m.t. mótun og framkvæmd mannauðsstefnu
- Ábyrgð á starfsþróunar-, fræðslu og þjálfunarmálum
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Umsjón með gæðamálum
- Umsjón með launasetningu og viðhald jafnlaunakerfis
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög
- Ráðningar og ráðningaferli
- Árangursmælingar og greiningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða sambærilegu er skilyrði. Framhaldmenntun kostur
- Haldbær reynsla af mannauðsmálum er skilyrði, kostur ef innan opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun og stefnumótunarvinnu skilyrði
- Reynsla og þekking á H3 og Vinnustund kostur
- Lipurð, samstarfsvilji og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.
Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri tekur á móti umsóknum á nertfanginu matthildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnframt nánari upplýsinar um starfið í síma 470-8000. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

**Umsóknarfrestur er til og með 27.08.2021.**



**Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is**

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
**að þér?**




*Trefjar var stofnað árið 1978. Helsta framleiðsla fyrirtækisins eru bátar fyrir alþjóðlegan markað, heitir pottar fyrir innanlandsmarkað og ýmsar aðrar vörur úr trefjaplasti. Alls starfa um 50 manns hjá Trefjum í nýlegu húsnæði í Hafnarfirði.*

# Starfsfólk í framleiðslu

Trefjar ehf. óskar eftir starfsmönnum við smíði og frágang á bátum og öðrum vörum sem fyrirtækið framleiðir. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og geta unnið sjálfstætt.

**Við leggjum áherslu á nákvæmni og snyrtimennsku.**

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið. Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: atvinna@trefjar.is

**Sendu okkur umsókn!**

Óseyrarbraut 29 • 220 Hafnarfirði
s: 550 0100 • cleopatra@trefjar.is
trefjar.is

**TREFJAR EHF.**



Sérfræðingar í ráðningum

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

# ÚTBOÐ

NÝR LANDSPÍTALI

## GRENSÁSDEILD
## ENDURHÆFINGARDEILD LANDSPÍTALA

## FORVAL FYRIR HÖNNUN
### ÚTBOÐ NR. 21527

Ríkiskaup, fyrir hönd NLSH ohf. óskar eftir umsóknum um þátttökurétt í lokuðu útboði á hönnun nýs húsnæðis fyrir Grensásdeild, endurhæfingardeild Landspítala við Álmgerði í Reykjavík.

Nýbygging á að rísa vestanvert við núverandi aðalbyggingu endurhæfingardeildarinnar þar sem heimild er fyrir 3.800 m2 byggingu.

Forvalið er opið öllum hæfum umsækjendum og er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Að loknu forvali mun verkkaupi velja fimm (5) fyrirtæki úr hópi hæfra umsækjenda til þátttöku í lokuðu útboði.

Tilboðum skal skila inn í gegnum Tendsign, rafrænt útboðskerfi Ríkiskaupa fyrir **kl. 10.00 þann 14.09.2021.**

Nánari upplýsingar má finna á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Akraneskaupstaður

# ÚTBOÐ

## LEIKSKÓLI ASPARSKÓGUM 25
### Innanhússfrágangur

Batteríið arkitektar ehf., fyrir hönd Fasteignafélags Akraness, óska eftir tilboðum í framkvæmdir við innanhússfrágang í nýjum leikskóla við Asparskóga 25, Akranesi.

Verkið nær til innanhússfrágangs, smíði og uppsetningar innréttinga, ásamt lögnum og raflögnum sem tengjast innanhússfrágangi.

Verktaki skal setja upp innveggi, smíða og koma fyrir innihurðum og innigluggum, sjá um frágang gólfa, lofta, handriða, lyftu og málningarvinnu. Hann skal annast smíði og uppsetningu fastra innréttinga og búnaðar. Ennfremur skal verktaki leggja hita- og fráveitu- og neysluvatnslagnir í bygginguna, annast uppsetningu og frágang rafkerfa og lýsingar.

**Helstu stærðir:**
- 1. hæð 966,6 m2
- 2. hæð 552,4 m2
- 3. hæð 46,3 m2

Heildarstærð byggingar 1565,3 m2 og 5607 m3

Verktaki tekur við byggingarsvæði frá verktaka sem annast uppsteypu og utanhússfrágang. Byggingarsvæðið er afgirt og með hliði inn á vinnusvæðið.

Verklok á útboðsáfanga er 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 16. ágúst 2021 með því að senda tölvupóst á netfangið **batteriid@arkitekt.is** þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda, netfang og símanúmer tengiliðs bjóðanda.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18 Akranesi í síðasta lagi 20. september 2021 kl. 14:00.

VERKÍS
BATTERÍIÐ ARKITEKTAR

Akraneskaupstaður

# ÚTBOÐ

## LEIKSKÓLI ASPARSKÓGUM 25
### Lóðafrágangur

Landslag ehf., fyrir hönd Fasteignafélags Akraness, óska eftir tilboðum í framkvæmdir við lóðarfrágang á nýjum leikskóla við Asparskóga 25, Akranesi.

Verkið nær til heildarfrágangs lóðar.

Verktaki skal setja upp girðingar, koma fyrir frárennsliskerfi á lóð, koma fyrir snjóbræðslukerfi, ganga frá rafkerfi og raflýsingu lóðar, helluleggja gönguleiðir og stéttar, malbika bílastæði, ganga frá djúpgámum, aðstoða við uppsetningu leiktækja, ganga frá fallvarnarefnum, þökuleggja grassvæði, ganga frá gróðurbeðum, gróðursetja tré og runna.

Helstu stærðir:

| | |
|---|---|
| Hellulögn | 2.400 m2 |
| Malbik | 1.055 m2 |
| Fallvarnarefni | 1.500 m2 |

Heildarstærð lóðar um 8.000 m2 brúttó.

Verktaki tekur við byggingarsvæði frá verktaka sem annast uppsteypu og utanhússfrágang. Byggingarsvæðið er afgirt og með hliði inn á vinnusvæðið.

Verklok á útboðsáfanga er 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 25. ágúst 2021 með því að senda tölvupóst á netfangið landslag@landslag.is þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda, netfang og símanúmer tengiliðs bjóðanda.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18 Akranesi í síðasta lagi **28. september 2021 kl. 14:00.**

VERKÍS LANDSLAG

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:
- **Endurnýjun umferðarljósa í Reykjavík 2021,** útboð nr. 15289.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is



## Þekkt og rótgróið þjónustufyrirtæki í Reykjanesbæ til sölu.

Til sölu er Efnalaugin Vík sem hefur verið starfrækt í 20 ár og er mjög vel rekið og hefur frá upphafi skilað hagnaði og góðri EBITU.

Fyrirtækið er vel tækjum búið sem þvottahús og efnalaug og hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár og framtíðarhorfur eru góðar og miklir möguleikar framundan. Kaupunum getur fylgt 715m2 húsnæði sem núverandi starfsemi er í og er í eigu félagsins. Starfsmenn eru að meðaltali 7-9.

Um er að ræða gott fyrirtæki með góða afkomu sem hefur byggt upp traust viðskiptasambönd við einstaklinga og fjölda fyrirtækja til margra ára.

***Gott tækifæri fyrir fjárfesta eða dugmikla einstaklinga.***

**Nánari upplýsingar gefur Einar í síma 6964490**

Efnalaugin Vík

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna kosninga til Alþingis sem fram fara 25. september 2021 fer eingöngu fram í **Kringlunni** á 3. hæð, bíógangi og **Smáralind** á 1. hæð, nálægt inngangi í norðausturhluta frá og með **mánudeginum 23. ágúst 2021**. Þar verður opið alla daga frá **kl. 10:00-22:00**

Á kjördag laugardaginn 25. september nk. verður eingöngu opið í Smáralind frá kl. 10:00-17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

***Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu***
***Sigríður Kristinsdóttir***

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

KRAFTUR | TRAUST | ÁRANGUR



**Elka**
Löggiltur fasteignasali og viðskiptafræðingur
**863 8813**
elka@fstorg.is

**Hnoðravellir 50** | 221 Hafnarfjörður — **99.500.000 kr**







**OPIÐ HÚS lau. 21. ágú. kl. 16:00-16:30**

Raðhús | Herbergi: 5 | Stærð: 179,7 m²

Glæsilegt endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á frábærum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Íbúðin er skráð 149,1 m² og bílskúrinn 30,6 m².

Húsið er einstaklega vel skipulagt og bjart með mikilli lofthæð. Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö baðherbergi. Góður sólpallur með heitum potti.

**Unnarstígur 2** | 220 Hfj. — **32.9 mkr**



**OPIÐ HÚS lau. 21. ágú. kl. 15.00 – 15.30**

Tvíbýli | Herbergi: 2ja | Stærð: 44 m²

Vinaleg kjallaraíbúð við miðbæ Hafnarfjarðar í fallegu húsi með sér inngangi og bílastæði inn í botnlanga.

Íbúðin er staðsett á eftirsóttum stað í Hafnarfirði þar sem m.a miðbærinn, sjórinn, veitingastaðir og öll þjónusta er í göngufæri.

Íbúðin er laus til afhendingar við undirritun kaupsamnings.




# Til leigu veitingastaður á besta stað í miðborg Reykjavíkur

Veitingastaðurinn stendur við Amtmannsstíg 1 á Bernhöftstorfu ( Humarhúsið )

Húsið er 390 m² að stærð, þar af 75 m² turnhús, möguleiki á góðu útisvæði

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 0900 eða netfanginu **fifasteignir@fifasteignir.is**

FÍ

**FÍ fasteignafélag slhf. – Katrínartúni 2 – 105 Reykjavík**

## EIGNAMIÐLUN



**Brekkutröð 1** 220 Hafnarfjörður

Atvinnuhúsnæði ⟷ 143,6 fm

**40.900.000**



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

---

## ÁRBORGIR FASTEIGNASALA



**Þórir Ólafsson**
Lögg. fast.
S. 865 9774



**Þorsteinn Magnússon**
Lögg. fast.
S. 894 2045

Austurvegi 6 - Sími 482 4800 - www.arborgir.is

### Skeljagrandi 15, 107 Reykjavík.



287,4m2 3ja hæða reisulegt einbýlishúsvið Skeljagranda 15, 107 Reykjavík. Auka Íbúð í kjallara! Góð staðsetning.

**Upplýsingar veita: Þorsteinn: 894-2045, Þórir 865-9774**
**arborgir@arborgir.is - s. 482 4800 - arborgir.is**

Þorsteinn Magnússon lögg. fasteignasali

---

## EIGNAMIÐLUN

**STAÐGREIÐSLA Í BOÐI**



**Einbýlishús í Vesturborginni óskast**

Viðskiptavinur okkar leitar að 250-350 fm einbýlishúsi í Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8514

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

---

## EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

**TIL SÖLU**







# Fischersund

Fallegt og reisulegt hús sem búið er að endurbyggja í Grjótaþorpinu. Húsið er í dag fullbúið gistiheimili með öll tilskilin langtímaleyfi en getur hæglega orðið fallegur bústaður fjölskyldu. Alls eru 6 herbergi með sérbaðherbergjum og ein stúdíóíbúð. Rúmgóð stofa og stórt eldhús með útgengi á svalir.

Um frábært tækifæri er að ræða sem felur í sér kaup kaup á stóru og myndarlegu einbýlishúsi sem var endurbyggt að fullu 1992 og er í mjög góðu ástandi. Einnig allur borðbúnaður, húsgögn, tól og tæki ásamt rekstrinum, þar með talið nafnið “Reykjavik Treasure B&B” sem hefur afburða góða einkunn á Booking og TripAdvisor.

Húsið hefur fengið mjög gott viðhald og hefur því verið sinnt af alúð af núverandi eigendum.

**Hafið samband við fasteignasala varðandi verð og rekstrartölur.**



**Elvar Árni Lund**
Löggiltur fasteignasali
693 3518
elvar@eignamidlun.is

---



**vinnvinn**

**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

# FOLD FASTEIGNASALA

## Traust og rótgróin fasteignasala

**Sími 552 1400 fold.is**



**Viðar Böðvarsson**
Eigandi og framkvæmdastjóri
Viðskiptaf. og lg.f.
vidar@fold.is
S: 694 1401

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
Eigandi
BA í bókmenntafræði
og íslensku
anna@fold.is

**Einar Marteinsson**
Löggiltur fasteignasali
einarm@fold.is
S: 893 9132

**Gústaf Adolf Björnsson**
Löggiltur fasteignasali
og íþróttafræðingur
gustaf@fold.is
S: 895 7205

**Rakel Viðarsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
og viðskiptalögfræðingur
rakel@fold.is

**Hlynur Ragnarsson**
Sölumaður og
löggildingarnemi.
hlynur@fold.is
S: 624 8080

### Hálasel 22, 109 Reykjavík
**ENDARAÐHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM + INNB. BÍLSK.**




Mikið endurnýjað og vel skipulagt endaraðhús á frábærum, skjólgóðum stað í Seljahverfi. Á efri hæð er forstofuherbergi, gestasnyrting, eldhús og stofur með útgengi á suðursvalir. Á neðri hæð er baðherbergi, fjögur svefnherbergi, þvottahús og fataherbergi. Útgengt á hellulagða verönd. **Verð 86,9 millj. Vinsamlegast bókið skoðun á fold@fold.is / gustaf@fold.is / 895-7205.**

### Lækjarberg 50, 220 Hfj.
**EINBÝLI Á FRÁBÆRUM STAÐ + BÍLSKÚR.**




Ca. 177 fm. einbýlishús á frábærum, skjólgóðum stað í Hafnarfirði. Húsið skiptist í stórar stofur, þrjú svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Fallegur garður og frábært umhverfi. **Verð 99,9 millj. Vinsamlegast bókið skoðun á fold@fold.is / hlynur@fold.is / 624-8080.**

### Kleppsvegur 62, 104 Rvk.
**3JA HERB. Á 5.HÆÐ FYRIR ELDRI BORGARA.**




Góða þriggja herb. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi, með frábæru útsýni fyrir 60 ára og eldri. Laus við kaupsamning. Íbúðin er 98,2 fm. og skiptist í forstofu/hol, opna og rúmgóða stofu, eldhús með borðstofu, tvö herb., baðh., þvottahús og sér geymslu í sameign. Yfirbyggðar svalir. Eigninni fylgir hlutur í vel viðhaldinni sameign sem er meðal annars með veislusal. Göngufæri – stígur er að Hrafnistu og þeirri þjónustu sem þar er í boði. **Verð 64,9 millj. Sýnum samdægurs.**

### Hróllfsskálamelur 6, 170 Seltjarnarnes
**2JA HERBERGJA M/BÍLGEYMSLU.**




Ca. 93,3 fm. glæsileg íbúð í vönduðu húsi við Hrólfsskálamel. Íbúðin mælist um 82 fm. og geymslan rúmlega 11 fm. Rúmgott svefnherbergi. Eldhús með glæsilegri innréttingu og vel búið tækjum. Stór stofa, útgengt á suðursvalir, baðherbergi og þvottaherbergi inn af því. Eignin fæst einungis í skiptum fyrir stærri íbúð eða sérbýli á Seltjarnarnesi. **Verð 68 millj. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

### Melabraut 3, 170 Seltjarnarnesi
**NEÐRI SÉRHÆÐ Í 2-BÝLI.**




Melabraut 3, rúmlega 103 fm. neðri sérhæð m/sérinngangi og verönd. Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi og eitt minna herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Þvottaaðstaða og geymsla á hæðinni. Óskráður vinnuskúr með rafmagni er á lóðinni. Bílskúrsplata fylgir. Eignin þarfnast lagfæringar. **Verð 49,9 millj. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun, fold@fold.is / 552-1400.**

### Sumarhús á eignarlóð
**Á BAKKA HAFRAVATNS.**



65,3 fm. sumarhús á frábærum stað á bakka Hafravatns. Húsið er byggt 1976 og þarfnast endurbóta. Lóðin er tæplega 0,7 ha. eignarlóð á frábærum stað. Þetta er einstakt tækifæri til að eignast lóð á þessum frábæra stað á höfuðborgarsvæðinu. **Verð 39,5 millj. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

### Akralind 3, 201 Kóp.
**ATVINNU- OG LAGERHÚSNÆÐI TIL SÖLU/LEIGU.**




Glæsilegt og vandað fullfrágengið ca. 640 fm atvinnu- og lagerhúsnæði til sölu/leigu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Skiptist í lagerhúsnæði með góðu aðgengi, tvær rúmgóðar skrifstofur, opið skrifstofurými, tæknirými, fundarherb. eldhús og tvær snyrtingar. Opið skrifstofurými á efri hæð með kaffikrók og útgengi á svalir. 23 bílastæði. **Tilboð. Nánari uppl. hlynur@fold.is / 624-8080.**

## Óskum eftir

**- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila**

**- húseign með nokkrum íbúðum.**

**- traustar greiðslur**

**- langur leigutími**

**- nánari upplýsingar á skrifstofu**

## Sumarhúsin seljast á Fold

**Mikil eftirspurn er eftir sumarhúsum.**

**Áratuga reynsla í sölu sumarhúsa.**

**Erum að skoða eignir á vestur og suðurlandi án kostnaðar eða skilyrða.**

**Hafið samband.**

## Hvað kostar eignin mín?

**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**





## Haðarstígur 6

101 Reykjavík

Parhús · 133 fm · 6 herbergi

**84.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

**OPIÐ HÚS** 22 ÁGÚST 14:00-14:30



## Baugatangi 1

102 Reykjavík

Einbýli með aukaíbúð · 217,3 fm · 6-7 herb.



**Magnea Sverrisdóttir**
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511

**119.000.000**



## Hlíðarhjalli 70

200 Kópavogur

Einbýlishús - Aukaíbúð · 268 fm · 8 herb.



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

**134.900.000**




## Urðarstekkur 12

108 Reykjavík

Einbýli · 271,0 fm · 9 herb.

**106.900.000**



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882




## Langagerði 114

108 Reykjavík

Einbýli · 288,4 fm · 9-10 herb.

**92.900.000**



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882




## Njálsgata 90

105 Reykjavík

Fjölbýli · 75,7 fm · 3 herb.

**45.900.000**



**Elvar Árni Lund**
Löggiltur fasteignasali
elvar@eignamidlun.is
693 3518

RÍKISKAUP

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:

**SÆLINGSDALUR 2, 371 BÚÐARDALUR**
**EINBÝLISHÚS Á LEIGULÓÐ**



Óskað er eftir tilboði í fyrrum íbúðarhús ríkisjarðarinnar, Sælingsdalur í Dalabyggð, sem boðið er til sölu á sér 10.856 m2 leigulóð, og fengið hefur nafnið, Sælingsdalur 2.
Nánar tiltekið er um að ræða 192 m2 einbýlishús, með sambyggðum 33 m2 bílskúr, samtals 225,7 m2, byggt árið 2007.
**Eignin verður sýnd fimmtudaginn 2. september á milli 13:00-17:00.**

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: **www.rikiskaup.is**
**Verð: Tilboð**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP




Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
**að þér?**

# NÝJAR ÍBÚÐIR Í ÚLFARSÁRDAL
## LOFNARBRUNNUR 1-3



**Sölusýning sunnudaginn 22.ágúst frá kl. 14:00 - 15:00 Verið velkomin**

Fjögurra herbergja íbúðir
Stærðir frá 107 fm. – 168 fm.Verð frá 62.9 millj.
Aðeins þrjár íbúðir eftir, stutt í afhendingu, útsýni, vandaðar innréttingar og tæki.



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@manalind.is
sími: 860 4700

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is


FRÉTTABLAÐIÐ
37% LANDSMANNA*
ERU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM
49% LESA**
FRÉTTABLAÐIÐ
ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og
á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.
FRÉTTABLAÐIÐ
* Skv. Neyslukönnun Gallup. ** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35–65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.

# Margt hægt að bæta með dáleiðslu

Boðið er upp á meðferð í Reykjanesbæ og Reykjavík, á Egilsstöðum og Akureyri.

Á síðunni www.daleidsla.is er hægt að bóka Hugræna endurforritun og klíníska dáleiðslu hjá fjölda dáleiðenda.

Þau vinna með margs konar vandamál, svo sem:

**Afleiðingar áfalla**
Við áföll virkjast kerfi í huganum sem valda því að minningar geymast á annan hátt en aðrar minningar. Mandlan (amgydala) stjórnar því að slíkar minningar verða skírar og varanlegar.

Þetta veldur því að áhrifin eru alltaf til staðar og valda m.a. kvíða. #MeToo byltingin hefur orðið til þess að margir hafa stigið fram og sagt frá reynslu sinni. Átakanlegt er að heyra sögurnar og ekki síður að afleiðingarnar séu langvarandi og hafi mikil áhrif á lífið löngu eftir atburðinn.

Aðrar afleiðingar áfalla eru m.a. kvíði, þunglyndi, fíkn, svefnleysi og vefjagigt.

Með Hugrænni endurforritun er hægt að eyða þessum tilfinningum og leysa fólk undan farginu sem á því hvílir.

**Fælni**
Flughræðsla, lofthræðsla, félagsfælni, geitungafælni og önnur fælni hverf oftast alveg með þessari meðferð. Fælni lýsir sér þannig að fólk veit vel að fælnin er órökrétt. Það veit t.d. að það er öruggara að ferðast í flugvél en í bíl. Þessi vitneskja breytir því hins vegar ekki að óttinn við að fljúga getur verið lamandi.

**Ofnæmi**
Reynsla er komin á meðferð við ofnæmi fyrir köttum, hundum og öðrum dýrum og fyrir frjóofnæmi og hefur meðferðin skilað mjög góðum árangri. Hugur og líkami hafa ákveðið að eitthvað, t.d. dýr, sé hættulegt og að því sé rétt að viðkomandi fælist þau í öryggis-Skyni. Uphafs þessa ótta er þá eitthvert atvik, oftast gleymt, sem hefur valdið því að þessi ákvörðun er tekin. Með því að finna upplýsingar um atvikið í undirvitundinni og leiðrétta þessa ákvörðun hverfur þessi ótti.

**Astmi**
Þegar lungun og lungnapípurnar eru heil og óskemmd en fólk hefur samt astma er hann nær alltaf af hugrænum toga. Börn læra ósjálfrátt að hafa astma þegar þau upplifa að astmakast verður til þess að fullorðna fólkið veitir þeim umhyggju sem sjaldan er í boði. Lærdómurinn styrkist við endurtekin atvik og hugurinn lærir þannig að nota þessa aðferð til þess að afla umhyggju frá öðrum. Þótt viðkomandi sé orðinn fullorðinn veit sá þáttur í huganum sem stjórnar ferlinu ekki af því að aðstæður hafa breyst og heldur áfram að valda astma. ■




Þú getur kynnt þér dáleiðendurna betur og bókað tíma á síðunni dáleiðsla.is

# Mun líklega aldrei hætta að læra

Erla Þórdís Traustadóttir er meðal annars lærður gönguleiðsögumaður frá MK og hefur tekið námskeið í fjallamennsku hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Hún segir um að gera að fara á námskeið vilji fólk verða öruggt í útivist.

sandragudrun@frettabladid.is

Erla hefur tekið eftir auknum gönguáhuga undanfarið og er hún ánægð með það enda hefur hún lengi mælt með og talað um ágæti þess að ganga á fjöll.

„Þessi hreyfing veitir manni svo miklu meira en aukinn styrk og úthald. Vellíðan eftir góða göngu stendur með manni í marga daga eftir á. Mjög góð þreyta,“ segir hún.

Erla er í dag leiðsögumaður og forstjóri Fjallhalla Adventures en þau bjóða upp á ýmis námskeið í göngum og útivist. Erla segir að þegar sundlaugar og líkamsræktarstöðvar lokuðust hafi fólk neyðst til að fara út að hreyfa sig og þá hafi mikill fjöldi fólks úr Reykjavík og af Suðurlandi farið í göngur með Fjallhalla.

„Það eru þó aðallega konur sem sækja í göngurnar hjá okkur og við spyrjum okkur oft: Hvar eru menn-irnir,“ segir hún og hlær.

„Þetta er auðvitað mjög góð leið til að finna ástina og kynnast framtíðarmaka. Maður verður svo spjallglaður og léttur í lundu við hreyfingu undir berum himni þegar maður reynir á sig og stígur út fyrir þægindasviðið.“



Erla ráðleggur þeim sem vilja byrja að stunda útivist að drífa sig af stað. Það sé gott að fara í skipulagða ferð eða á á námskeið.

Erla segir að það sé ekki spurning að Covid spili sinn þátt í auknum gönguáhuga Íslendinga og að gosið í Geldingadal hafi komið Íslend-ingum í form.

„Það fór af stað á mjög hentugum tíma,“ segir hún. „Við í þessum bransa höfum sannarlega þurft að bretta upp ermarnar og reynt að búa til efni sem virkar fyrir þennan markhóp. Við héldum til dæmis vetrarferðamennskunámskeið síðasta vetur og þurftum þá einmitt að skipta hópunum í tvennt, með níu manns í hverjum hóp, þegar það takmarkaðist við að tíu kæmu saman. Það gekk allt saman upp og hafa engin smit verið rakin til okkar. Það námskeið fór fram úr björtustu væntingum og var ákveðið að halda það aftur og búa til framhaldsnámskeið sem er að bókast vel í.“

**Nauðsynlegt að kunna réttu tæknina**

Erla segir nauðsynlegt þegar fólk stundar fjallamennsku og göngur í náttúrunni að kunna réttu tæknina og vita hvaða búnaður er bestur.

„Það þarf að finna hvað virkar fyrir hvern og einn. Fólki verður til dæmis misheitt og -kalt. Margir drífa sig af stað í göngur en fara ekki aftur því þau voru síðust eða leið ekki nógu vel. Þess vegna er mikilvægt að fara á námskeið til að veita fólki það öryggi og sjálfstraust sem þarf til að hafa virkilega gaman af þessu,“ segir hún.

„Varðandi búnað þá er ullin alltaf góður grunnur sama hversu heitt eða kalt verður. Ég var til dæmis í ullarhjólabuxum og hlýrabol allan daginn á Grænahrygg og var eiginlega of heitt. Ullarhjólabux-urnar voru að gera gott mót þegar við fórum að vaða jökulárnar. Við hverja gönguferð sem er farin lærist eitthvað nýtt, þannig að það er um að gera að drífa sig eins oft og maður kemst. Alls ekki að láta veður eða vind eða myrkrið stoppa sig, bara vera með réttan útbúnað til að láta sér líða vel. Svo lærir maður inn á sjálfan sig smám saman líka, til dæmis hvaða göngu-hraði virkar og hvaða nesti hentar manni.“

**Það er smali í hverri ferð**

Erla ráðleggur þeim sem vilja byrja að stunda útivist að drífa sig af stað. Þá sé gott að fara í skipulagða ferð eða á námskeið.

„Það er sérstaklega mikilvægt að einangrast ekki í COVID ástandinu. Þú þarft ekki að eiga dýrasta búnaðinn til að láta þér líða vel. Farðu í fötin sem þú átt og farðu á Úlfarsfell, Helgafell eða jafnvel einhvers staðar á jafnsléttu eins og Heiðmörk eða í hverfinu þínu. Svo áttar þú þig á því smám saman hvaða búnað þig vantar og kaupir eina og eina græju. Það verður líka alltaf einhver að vera aftastur og það er allt í lagi því það er alltaf smali í hverri ferð sem sér til þess að allir komist heilir heim,“ segir hún og bætir við að ef fólk hefur áhuga þá bjóði Fjallhalla upp á góð námskeið fyrir byrjendur í haust, vetur og vor.

Erla hefur sjálf farið á fjölda námskeiða í útivist sem hún segist hafa lært helling af.

„Ég fór á 52 fjalla námskeiðið hjá Ferðafélagi Íslands 2012 og gerði það mig öruggari hvað búnað varðar og hvað ég get. Þá var farið í öllum veðrum og það var allt í lagi því við vorum með mjög örugga og færa fararstjóra. Ég hef líka tekið auka fjallamennskunámskeið hjá íslenskum fjallaleiðsögumönnum til að dýpka kunnáttu mína. Svo er ég útlærður gönguleiðsögu-maður frá MK, en svo má alltaf á sig blómum bæta og mun ég líklega aldrei hætta að læra.“ ■








NEMAKORT STRÆTÓ
STRÆTÓ Í SKÓLANN
4.542 KR. / MÁN.
FULLT VERÐ 54.500 KR.
STRÆTÓ.IS

# Nesti á líka að vera gómsætt

Haustið er mætt og það vita allir hvað það þýðir. Nesti. Skólanesti, nasl fyrir tómstundirnar, nesti í haustferðir og berjamó, hádegismatur í vinnuna og svo framvegis.

johannamaria@frettabladid.is

Við dettum flest í þá gildru að útbúa sama nestið á hverjum einasta degi, fyrir okkur sjálf í vinnuna eða fyrir börnin í skólann eða tómstundirnar.

Tilhugsunin um enn eina kæfusamlokuna getur verið þrúgandi og því freistast margir til þess að „gleyma“ nestinu heima og splæsa í hádegismat hjá einhverri mishollri búllunni. Það má auðvitað gera sér dagamun og leyfa sér endrum og eins en ef markmiðið er að spara peninga, þá er hægt að stórgræða á því að taka með sér nesti á hverjum degi.



Góður hummus er gulli betri. Niðurskorið tómatsalat með salti og pipar passar svo vel með á samlokuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Afgangar eru lífsbjörg**
Kvöldmaturinn er oft tilvalinn til þess að taka með sér í nesti. En mann langar ekkert endilega í sama hádegismat og var í matinn kvöldið áður. Því er um að gera að geyma afgangana í tvær nætur og taka með í hádegismat einum degi síðar.

**Búðu til salat**
Margir afgangar eru þannig að hægt er að skella þeim í vefjur eða búa til salat úr þeim. Kjúklinganaggar eru til dæmis frábærir til þess að taka holla salatblöndu yfir heilsustrikið og gera að gómsætu hádegisnesti. Skvettu smá sesardressingu yfir og þú ert komin með sesarsalat!



Kjúklinganaggaafgangar þurfa ekki að fara til spillis. Þeir eru fínir í salatið. Ekki gleyma að taka smá dressingu með. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pítsusneiðar eru dásamlegar í nestisboxið og á flestum stöðum er hægt að verma þær í örbylgjuofninum eða í samlokugrillinu. Passaðu bara að taka strax frá tvær-þrjár sneiðar úr pítsukassanum svo flatbakan sporðrennist ekki öll yfir línulegri kvölddagskránni.

Tilvalið er að smella smá klettasalati með í nestisboxið og gúrkubitum. Kokteiltómatar eru svo frábært og næringarríkt snarl með hádegismatnum. Húðin ver þá gegn hvers kyns vætu og þeir haldast stökkir og frískir í nestisboxinu.

**Kraftur kjúklingabaunanna**
Hummus er afar seðjandi og hollur og til eru óramargar tegundir. Jalapeno-hummus, með rauðrófum, með lárperum og margt fleira. Hann getur ýmist verið frábær smyrja eða ídýfa. Hann passar jafnt með flatkökum, samlokubrauði, niðurskornu rótargrænmeti, í salatið og hvað eina. Svo er hann frábær viðbót í súpur og eykur virkni þeirra til að seðja um heilan helling. ■


STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

RITLISTARNÁMSKEIÐ
STÍLVOPNSINS Á HAUSTÖNN 2021

| | |
|---|---|
| **2. – 13. sept.** | Hetjuferðin (Akureyri) |
| **17. – 19. sept.** | Sköpunarsmiðja (Reykjavík) |
| **27. sept. – 21. okt.** | Hetjuferðin (fjarkennsla) |
| **13. okt. – 3. nóv.** | Endurminningaskrif (Reykjavík) |
| **22. – 24. okt.** | Skapandi skrif (Vestmannaeyjar) |
| **5. – 7. nóv.** | Skapandi skrif (Reykjavík) |
| **8. nóv. – 2. des.** | Skoðana- og þekkingarskrif (fjarkennsla) |
| **12. – 14. nóv.** | Skoðana- og þekkingarskrif (Reykjavík) |

***„Skemmtileg, fróðleg, frumleg og hvetjandi námskeið“***
Elín Eyfjörð



**Björg Árnadóttir,**
rithöfundur, blaðamaður
og ritlistarkennari

**Hvers kyns aðstoð og ráðgjöf við ritun og útgáfu.**

*www.stilvopnid.is*

# Stærðfræði varð leikur einn og sjálfstraustið óx

**Þegar Elísabet María Garðarsdóttir stóð á tímamótum vegna veikinda sá hún ný tækifæri blasa við í námi hjá Hringsjá. Hún segir námið hafa breytt lífi sínu og að þar starfi englar í mannsmynd.**



Elísabet María segist ævinlega þakklát fyrir að hafa uppgötvað Hringsjá og lokið þar námi sem færði henni starf á nýjum vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Ég datt út af vinnumarkaðnum árið 2009 þegar ég smitaðist af nautgripaberklum og varð óvinnufær út af lungnasjúkdómi sem ég fékk í kjölfarið. Í framhaldinu reyndi ég af og til að vinna en gekk það illa út af lungunum og læknirinn bað mig lengstra orða að vinna framvegis innivinnu, til dæmis á skrifstofu, en ekki í leikskóla eins og ég hafði gert í sextán ár áður en ég veiktist,“ segir Elísabet María Garðarsdóttir leikskólaliði sem haslaði sér nýjan völl eftir að hún lauk námi hjá Hringsjá.

„Þar sem ég stóð á krossgötum með líf mitt sá ég auglýsingu um nám hjá Hringsjá sem er almennur skóli með öllum fögum. Ég dreif mig strax í heimsókn og fylltist vellíðan um leið og ég kom inn fyrir dyrnar. Ég sótti því um og fékk samþykki læknisins sem skrifaði upp á svo ég kæmist í námið. Það var mikið gæfuspor. Mér finnst það hafa bjargað lífi mínu að fara í Hringsjá eftir að hafa dottið úr mínu fagi eftir veikindin. Ég hafði áður verið í starfsendurhæfingu sem náði ekki að hjálpa mér þá, en í Hringsjá var önnur nálgun og allir svo ljúfir og góðir að manni fannst hreinlega að maður væri komin heim.“

**Einstaklingsmiðuð kennsla**

Námið sem Elísabet María lauk hjá Hringsjá tekur þrjár annir.

„Meðan á náminu stóð lenti ég aftur í alvarlegum veikindum og þurfti að fresta einni önn út af spítalavist og endurhæfingu. Það reyndist sjálfsagt mál af hálfu Hringsjár og ríkti mikill skilningur á aðstæðum mínum. Ég mátti alltaf koma og vera með í tímum á meðan ég var í endurhæfingunni og mætti alls staðar alúð og mikilli fagmennsku,“ greinir Elísabet frá.

Hún kveðst aldrei hafa verið sterk í stærðfræði.

„Ég hélt að slök stærðfræðikunnáttan stæði mér fyrir þrifum í náminu en það var nú aldeilis ekki. Í Hringsjá mætti ég miklum skilningi á getu minni og í dag finnst mér stærðfræði leikur einn. Kennslan er einstaklingsmiðuð og þegar ég meðtók ekki aðferðir stærðfræðikennarans kom hann bara með aðra aðferð sem ég náði strax betur. Í Hringsjá er nefnilega komið til móts við þarfir og getustig hvers og eins með úrlausnum og aðferðum sem duga.“

**Gefandi og skemmtilegt nám**

Hjá Hringsjá starfa náms- og starfsráðgjafi, markþjálfi, sálfræðingur og félagsráðgjafi sem nemendur geta leitað til.

„Alls staðar er mikið utanumhald um nemendur. Þar starfa englar í mannsmynd og ég verð ævinlega þakklát fyrir að hafa uppgötvað Hringsjá og lokið þaðan námi,“ segir Elísabet.

Í dag starfar hún sem móttökuritari á Húðlæknastöðinni.

„Þar nýtist námið mjög vel eins og tölvukunnáttan sem ég lærði hjá Hringsjá. Ég hef alltaf verið lesblind en les og svara nú tölvupóstum eins og ekkert sé. Ég nýt mín í vinnunni sem er einstaklega skemmtileg. Ég hafði áður verið föst í að leita að vinnu sem ég vissi að ég fengi ekki, og sennilega hefði ég aldrei sótt um þetta tiltekna starf. Það er Hringsjá að þakka að sjálfsmynd mín styrktist mikið og ég fékk trú á að ég gæti miklu meira en ég áður hélt,“ segir Elísabet.

Hún er þakklát fyrir tímann í Hringsjá.

„Námið var í heild sinni frábært og þetta var skemmtilegur tími. Í Hringsjá sækir breiður hópur fólks nám og þótt ég sé fimmtug var ég í tímum með jafnöldrum dóttur minnar. Það breytti engu því okkur var mætt þar sem við stóðum, þrátt fyrir mismunandi bakgrunn. Þetta var ákaflega gefandi tímabil hjá mér og ég mæli af heilum hug með Hringsjá. Ekki síst fyrir þá sem standa á krossgötum og eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum eftir veikindi. Það sakar ekki að kynna sér námskeiðin, finna andann í húsinu og yndislegt viðmót starfsfólksins. Það er uppbyggjandi upplifun í sjálfu sér,“ segir Elísabet sem fór í áframhaldandi nám hjá NTV eftir útskrift frá Hringsjá.

„Þegar heimsfaraldurinn reið yfir ráðlagði lungnalæknirinn mér að taka námshlé. Í millitíðinni var mér svo boðin vinna á Húðlæknastöðinni og þar líður mér vel. Ég nýt hvers vinnudags og er alveg rosalega ánægð með lífið.“

Sjá hringsja.is ■


**Er kominn tími til að gera eitthvað?**

*Námskeið sem opna þér nýjar leiðir*

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám.

**Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

Frekari upplýsingar og skráning hjá **Hringsjá** í síma **510-9380** eða á **hringsja.is**

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing
hringsja@hringsja.is





# Orkudrykkir ekki fyrir börn og unglinga

thordisg@frettabladid.is

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn barna fylgist með því að þau neyti ekki orkudrykkja. Kannanir sýna að neysla orkudrykkja hefur aukist meðal barna og unglinga undanfarin ár.

Orkudrykkir innihalda koffín og þeirra er neytt með það að markmiði að ná fram örvandi áhrifum. Koffín er vanabindandi efni sem veldur meðal annars útvíkkun æða, örari hjartslætti og auknu blóðflæði til allra líffæra. Sé koffíns neytt í miklu magni getur það valdið hjartsláttartruflunum, hækkuðum blóðþrýstingi, höfuðverk, svima, ógleði og kvíða, ásamt því að hafa neikvæð áhrif á svefn.

Börn og ungmenni eru viðkvæmari en fullorðnir fyrir koffíni og neysla þess sérstaklega óæskileg fyrir þann hóp. Hámark daglegrar koffínneyslu fyrir börn og unglinga er sett við 2,5 mg fyrir hvert kíló líkamsþyngdar, sem þýðir að barn sem vegur 20 kíló ætti ekki að neyta meira en 50 mg af koffíni á dag. Til samanburðar gefur hálfur lítri af kóladrykk um 65 mg af koffíni.



Orkudrykkir eru vinsælir hjá unglingum en koffínneysla er óæskileg fyrir heilsu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki ætti að nota orkudrykki til að slökkva þorsta eftir íþróttaæfingar eða meðan á þeim stendur. Það getur aukið vökvatap líkamans enn frekar vegna áhrifa koffíns á þvagmyndun.

*Heimild: heilsuvera.is* ■



Nemendur í „Highschool“ eru 14-18 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ástarsambönd á skólagöngunum

johannamaria@torg.is

Ef þú hefur einhvern tíma fylgst með unglingaskóladrama í sjónvarpinu, er allsendis ljóst að þú hefur orðið vitni að rómantísku sambandi kennara og nemanda. Í seinni tíð er orðið algengt að sjá slík sambönd í jákvæðu ljósi og jafnvel ljósrauðum bjarma, þá sérstaklega í bandarísku sjónvarpsefni. Að horfa upp á unga námsstúlku í „Highschool“, falla fyrir ungum, aðlaðandi og mun gáfaðri manni en jafningjar hennar, er bara frekar krúttlegt, ekki satt? Rangt.

**Það gleymist stundum að hugsa til þess að nemendur í „Highschool“ eru börn.**

**Er þetta í lagi?**
Fyrir utan að kennarinn er yfir tvítugt og nemandinn í þessu tilfelli er litlu eldri en fermingarbarn, þá er um að ræða augljósa valdamisnotkun af hendi kennarans. Þetta er jú manneskja sem ætti að hafa hag nemandans í fyrirrúmi. Hvers vegna er þetta svona algengt, og þá sérstaklega í seinni tíð?

**Sýn fullorðinna**
Í fyrsta lagi eru flest handrit af sjónvarpsþáttum handa unglingum skrifuð af fullorðnum og það gleymist stundum að hugsa til þess að nemendur í „Highschool“ eru börn.

**Eldri leikarar**
Í flestum tilfellum eru svo unglingarnir í þáttunum leiknir af fullorðnum leikurum sem lætur þetta skrítna samband einhvern veginn ganga betur upp en það ætti að gera. Þetta orsakast af því að starfsreglur um börn og fullorðna eru ólíkar og oft er óhentugra fyrir framleiðendur að ráða leikara undir aldri. En afleiðingarnar eru þær að sýn okkar á það hvernig unglingar líta út og hegða sér er á skjön við raunveruleikann. ■





















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Svartir og hvítir röndóttir bolir eru nánast eins og einkennisklæðnaður fjölskyldunnar. Húfan er prjónuð af Huma. Lúkkið er tilvísun í myndina The Life Aquatic with Steve Zissou.



Peysan er prjónuð af móður Huma og þykir honum óskaplega vænt um hana. Litirnir eru líka litblinduvænir, sterkir kontrastar og skærir litir. Skyrtan er slim-fit og létt úr H&M.



Bleika skyrtan er í miklu uppáhaldi. Blái jakkinn er frá Jack & Jones. Úrið erfði Humi frá tengdaföður sínum og er Omega Flightmaster frá sjötta áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Svo næs að vera með fínt naglalakk



**Starri Freyr Jónsson**
starri
@frettabladid.is

Hljómsveitin Urmull & Kraðak er samstarfsverkefni Ragnars Jóns Ragnarssonar, sem alltaf er kallaður Humi, og Helga Egilssonar. Vinirnir kynntust sex ára gamlir en byrjuðu að spila og semja tónlist saman um þrettán ára aldurinn.

„Fyrsta platan okkar, Sápa, kom út í mars árið eftir. Síðan þá höfum við gefið út eitt lag á mánuði,“ segir Humi. „Platan okkar er í trip-hop stíl en svo höfum við leyft okkur að fara um víðan völl eftir það. Við erum nýbúnir að gefa út lagið Er á meðan er þar sem við fáum tvo flinka tónlistarmenn með okkur sem spila á gítar og saxófón. Rúsínan í pylsuendanum er tryllt saxófónsóló í lok lagsins.“

Þeir sinna hljómsveitinni á kvöldin sem Humi segir vera ótrúlega skemmtilegt og um leið gott fyrir sálina. „Það er svo skemmtilegt að semja og gefa út tónlist. Við höfum líka verið mjög lánsamir með hvað við höfum fengið marga hæfileikaríka tónlistarmenn til samstarfs.“

Urmull & Kraðak eru í eins árs fríi um þessar mundir meðan Helgi er búsettur tímabundið á Spáni. „Á meðan ætla ég að gefa út tónlist undir eigin nafni. Ég hef nýtt þau tækifæri sem ég hef fengið til þess að fjalla um geðheilbrigði og fordóma, en ég er sjálfur greindur með geðhvarfasýki. Ég hugsa að ég reyni að nýta þennan vettvang til þess. Ég er nú þegar búinn að gefa út eitt skrýtið og einlægt lag er heitir Humi plús Panda, en það er ástaróður manns með geðhvarfasýki til konu sem er með ADHD. Líklega verður framhaldið eitthvað í þá veru en Urmull & Kraðak munu mæta keikir til leiks að ári.“

Humi leyfði okkur að kíkja inn í fataskápinn og svaraði nokkrum spurningum tengdum tísku.

***Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?***

Tískuáhugi minn hefur sveiflast frá því að vera lítill og yfir í að vera einhver en þó sjaldan verið mjög mikill. Mér er samt mjög oft annt um það hvernig ég klæði mig, sérstaklega þegar ég spila á tónleikum eða þarf að koma fram. Svo er ég yfirleitt alltaf með naglalakk, það er svo næs að vera með fínt naglalakk þegar maður spilar á píanó. Þar sem ég er grunnskólakennari þá er ekki alltaf lykilatriði að ganga í nýjustu tísku heldur frekar að ná athygli nemenda. Þess vegna reyni ég að ganga í einhverju litríku og vera alltaf í ósamstæðum sokkum.

***Hvernig fylgist þú helst með tískunni?***

Ég skal viðurkenna að ég fylgist lítið með tísku en einu sinni las ég alltaf GQ spjaldanna á milli. Núna er ég samt bara eins og bolurinn og fylgist með í gegnum samfélagsmiðla.

***Hvar kaupir þú helst föt?***

Flestar flíkurnar mínar eru keyptar í H&M og sumar eru endurnýttar frá öðrum. Síðasta flík sem mér áskotnaðist er lopapeysa sem var í eigu tengdapabba sem var mikill vinur minn.

***Hvaða litir eru í mestu uppáhaldi?***

Ég er litblindur þannig að ég er mjög oft í einhverri furðulegri litasamsetningu. Það kemur stöku sinnum fyrir að ég geng algerlega fram af heimilisfólkinu og þá reyni ég að taka leiðsögn og laga litasamsetninguna. Uppáhaldsliturinn minn er bleikur enda geggjaður litur.

***Áttu minningar um gömul tískuslys?***

Mokkajakki og inniskór voru staðalbúnaður þegar ég var í menntaskóla. Það er mögulega einhvers konar tískuslys.

***Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að tísku?***

Ég er nýbúinn að uppgötva frekar flottan Tik-Tokara sem er fáránlega svalur og heitir David Ross Lawn. Hann ýtir í fullt af kynjuðum staðalímyndum og geislar af sjálfsöryggi. Það er nefnilega ekkert til sem heitir strákaföt eða stelpuföt og það eiga allir að fá að vera sáttir eins og þeir eru.

***Hvaða flíkur hefur þú átt lengst og notar ennþá?***

Ég geng yfirleitt algerlega út úr gallabuxum og er stundum búinn að gera við þær oft þegar ég hendi þeim. Það er bæði umhverfisvænt og hagkvæmt að gera við saumsprettur eða göt í vösum. Skó reyni ég líka að láta sóla svo þeir endist lengi. Ég á fína Lloydsskó sem ég lét sóla með bleikum sóla og bleikum reimum, þeir eru geggjaðir.

***Áttu uppáhaldsverslanir?***

H&M er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er hávaxinn með mjög langar hendur og í H&M finn ég alltaf skyrtur og peysur sem passa á mig og kosta ekki augun úr. Mjög praktískt og umhverfisvænt. Annars staðar er hætt við því að flíkur passi yfir mig miðjan en ermarnar nái mér að olnbogum.

> **Mokkajakki og inniskór voru staðalbúnaður þegar ég var í menntaskóla. Það er mögulega einhvers konar tískuslys.**
>
> Humi.

***Áttu eina uppáhaldsflík?***

Árið 2007 keypti ég mér bíl á 15.000 kr. og einnig hvíta Hugo Boss kengúruskó á 17.000 kr. Sagðist svo alltaf eiga skó sem voru dýrari en bíllinn minn. Þeir eru geggjaðir og ég nota þá enn.

***Bestu og verstu fatakaupin?***

Bestu fatakaupin eru klárlega loðstígvél sem ég keypti á skíðaferðalagi á Ítalíu. Ég spilaði marga tónleika í þeim, löngu áður en Birgitta Haukdal varð kúl. Verstu fatakaupin voru klárlega þegar ég keypti mér frakka til þess að ganga í augun á stelpu. Svo þegar á hólminn var komið hafði ég gleymt að taka verðmiðann af frakkanum og stelpan benti mér á það. Á þeim tíma var það sennilega það vandræðalegasta sem hafði komið fyrir mig. Frakkinn er reyndar flottur og ég á hann enn.

***Notar þú fylgihluti?***

Ég er alltaf með hálsmen sem ég er búinn að láta grafa í „Bipolar and Colorblind“ og geng yfirleitt með fallegt naglalakk. Ég er líka alltaf með úr og á ágætt safn af úrum sem ég skiptist á að nota.

***Eyðir þú miklum peningum í föt?***

Ég eyði mjög litlum pening í föt og reyni að nýta allt eins og vel og ég get og jafnvel stundum of lengi. Ég kaupi frekar í skorpum og kaupi þá nokkrar skyrtur og buxur.

***Fylgir þú einhverjum tískumerkjum eftir á samfélagsmiðlum?***

Nei því miður.

***Er einhver flík sem þú ætlar að kaupa á næstunni?***

Nei. En eftir að hafa fengið að prýða tískudálk Fréttablaðsins þá leyfi ég mér kannski að uppfæra fataskápinn eitthvað. ■




Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!



| Sigurlaug | Gvendarlaug | Grettislaug | Geirslaug | Unnarlaug | Snorralaug |
|---|---|---|---|---|---|
| 124.500 kr. | 177.000 kr. | 239.000 kr. | 257.000 kr. | 285.000 kr. | 278.000 kr. |

NORMX
Íslensk framleiðsla í 38 ár!

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is




Mazda Mx-5 '16, beinskiptur, ekinn 42 þús.km. **Verð:** 3.490.000 kr.




SsangYong Korando Dlx '18, beinskiptur, ekinn 42 þús. km. **Verð:** 3.390.000 kr.




Opel Grandland X Enjoy '19, sjálfskiptur, ekinn 54 þús. km. **Verð:** 2.890.000 kr.




Opel Astra Innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 33 þús. km. **Verð:** 3.290.000 kr.

# Við tökum gamla bílinn uppí á

# 500.000

Notaður uppí nýlegan

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl (sérmerktur á plani). Þinn gamli þarf aðeins að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.




VW Golf gte Plug in hybrid '20, sjálfskiptur, ekinn 15 þús.km. **Verð:** 4.590.000 kr.




SsangYong Tivoli Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 75 þús.km. **Verð:** 2.390.000 kr.




Opel Corsa Enjoy '18, sjálfskiptur, ekinn 73 þús.km. **Verð:** 1.890.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 84 þús. km. **Verð:** 2.350.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 68 þús.km. **Verð:** 2450.000 kr.




Chevrolet Trax lt '14, Sjálfskiptur, ekinn 99 þús. km. **Verð:** 1.590.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 84 þús.km. **Verð:** 2.390.000 kr.




SsangYong Korando Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 74 þús. km. **Verð:** 3.390.000 kr.




Chevrolet Captiva ltz '12, sjálfskiptur, ekinn 193 þús.km. **Verð:** 1.690.000 kr.




SsangYong Korando Dlx '18, sjálfskiptur, ekinn 76 þús.km. **Verð:** 3.390.000 kr.




Opel Astra Innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 76 þús.km. **Verð:** 2.990.000 kr.




SsangYong Tivoli Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 79 þús.km. **Verð:** 2.790.000 kr.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is

**Bílabúð Benna** | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna – Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. * Tökum aðeins 1 bíl uppí hvern nýlegan notaðan bíl.

# Fyrstur á staðinn í hamförum heimsins



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

**Gísli Rafn Ólafsson hefur þvælst um allan heim til að bregðast við hamförum, bæði fyrir Sameinuðu þjóðirnar og tölvurisann Microsoft, þar sem hann starfaði við þróun hugbúnaðar. Nú hefur hann breytt um kúrs og stefnir á þing í haust.**



Við hittum Gísla fyrir á Súfistanum í Hafnarfirði, bænum sem hann hefur haft sem sína bækistöð á Íslandi milli búsetu erlendis og langra ferðalaga. Hann er reyndar alinn upp í Kópavogi. Gísli var alltaf mjög virkur sem krakki og erfiður að eigin sögn.

Þegar Gísli var fjórtán ára gamall missti hann föður sinn, Ólaf Rafn Einarsson, úr krabbameini. Skömmu síðar féll móðurafi hans frá úr hjartasjúkdómi. Gísli segir þetta hafa verið erfiðan tíma, fyrir hann sjálfan, litla bróður og móður.

„Einhverra hluta vegna hafði þetta þó þau áhrif að ég róaðist talsvert niður. Sextán ára var ég hættur að lenda í slagsmálum og fullorðnaðist hratt,“ segir Gísli.

Þrátt fyrir að hafa verið erfiður sem krakki átti hann auðvelt með nám, sérstaklega stærðfræði enda móðir hans stærðfræðikennari sem hélt henni vel að honum. Þetta leiddi af sér áhuga á tölvum.

„Þegar veikindi pabba hófust eyddi ég miklum tíma með bróður mömmu sem hafði kynnst forritun úti í Noregi. Ellefu ára gamall var ég farinn að forrita sjálfur og fjórtán seldi ég mitt fyrsta forrit,“ segir hann. En það var forrit til að halda utan um félagatal og félagsgjöld.

Tölvuöld var varla gengin í garð í byrjun níunda áratugarins og öryggi tölvukerfa bagalegt. Þetta sást best þegar Gísli og vinur hans gátu hakkað sig inn í tölvukerfi Pósts og síma í Breiðholti.

„Vinur minn hringdi í skakkt númer og heyrði hljóð sem gat aðeins verið tölva,“ segir Gísli. „Ég átti þá 300 bita módem og gat tengst tölvunni með því að hringja með því. Við gátum séð símareikninga hjá fólki og að það var verið að fylgjast með ákveðnum númerum, sennilega lögreglan. Við gerðum ekkert við þetta en fannst þetta fyndið.“

**Toppurinn á tilverunni**

Eftir skólagöngu í Snælandsskóla, Menntaskólanum í Kópavogi og Háskóla Íslands, tók Gísli gráðu í efnafræði og tölvunarfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Eftir nám vann Gísli í Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi, meðal annars hjá ljósritunarfyrirtækinu Xerox og Medtronic, sem framleiða flesta gangráða og stuðtæki heims. Árið 1998 hélt hann vestur til Seattle til að vinna fyrir Microsoft.

„Á þessum tíma var það toppurinn að vinna fyrir Microsoft,“ segir Gísli, en í dag þyki kannski Google eða Facebook meira spennandi.

Gísli starfaði hjá Microsoft uns hann skildi við þáverandi konu sína árið 2001 og flutti þá heim til Íslands. Rúmu ári eftir flutningana heim sannfærði hann Microsoft um að opna stöð á Íslandi, þar sem hann starfaði til ársins 2010. Það mest gefandi var hins vegar að taka þátt í mannúðar- og hjálparstarfi á vegum fyrirtækisins en sá kafli í lífi Gísla á sér nokkurn aðdraganda.

**Leið til að gefa til baka**

Árið 1990 bauð Gísli fyrst fram krafta sína í hjálparstarfi, hjá Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu. Þar var þá afdrep fyrir unglinga sem áttu í vanda heima fyrir. Þegar hann sneri aftur frá háskólanáminu gekk hann svo í Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði.

Sem unglingur náði Gísli að hakka sig inn í tölvukerfi Pósts og síma en þá var netöryggi lítið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Ég fann að þetta var mín leið til þess að gefa eitthvað til baka til samfélagsins. Björgunarsveitin er líka frábær félagsskapur og á þessum tíma var hún besti staðurinn til þess að læra um útivist,“ segir Gísli, um hvers vegna hann skráði sig.

Við Íslendingar státum okkur af björgunarsveitunum enda þykja þær nokkuð einstakar. Þegar Gísli starfaði hjá Microsoft í Washington-fylki fann hann hins vegar mjög sambærilegt hjálparstarf sem hafði þróast á svipaðan hátt og hér heima.

„Ég tók að mér að stýra aðgerðum frekar en að vera sjálfur að hlaupa upp um fjöll og firnindi,“ segir Gísli. Sjálfboðaliðastarfið í Seattle var mjög umfangsmikið, enda um tvær og hálf milljón íbúa á svæðinu. „Einn daginn var frábært veður í Seattle og þá komu sjö útköll hvert á fætur öðru sama daginn.“

**Hamfarir**

Eftir flóðbylgjuna miklu í Suðaustur-Asíu árið 2004, kom sterk krafa frá starfsfólki Microsoft um að fyrirtækið legði sitt af mörkum í sambærilegum krísum. Í ljósi reynslu sinnar var Gísli tekinn inn í þetta starf og hefur frá þeim tíma tekist á við flóðbylgjur, þurrka, jarðskjálfta og faraldra.

„Ég fór því að ferðast um heiminn til að bregðast við hamförum eða til að ráðleggja ríkisstjórnum og alþjóðastofnunum hvernig hægt sé að nýta tæknina að þessu leyti,“ segir Gísli. Á svipuðum tíma var Gísli orðinn stjórnandi í Íslensku alþjóðasveitinni hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og í 250 manna samhæfingarteymi hjá Sameinuðu þjóðunum.

Gísli segir miklu skipta að undirbúa sig andlega á leiðinni til lands þar sem orðið hafa miklar hamfarir. Sem dæmi nefnir hann jarðskjálftann stóra á Haítí árið 2010, en hann var þá stjórnandi í íslenska sveitinni sem mætti fyrst allra á vettvang.

„Í flugvélinni ræddum við saman um hverju við mættum eiga von á og að þetta myndi sennilega hafa áhrif á okkur út lífið,“ segir Gísli. „Það sem við sáum var samt mun verra en við gátum ímyndað okkur.

> „Fyrir nokkrum árum spurðu þær mig hvort ég vildi formlega verða pabbi þeirra og ein þeirra hafði meira að segja flúrað á sig orðið Gísladóttir.

Fyrsta kvöldið þegar við keyrðum í gegnum höfuðborgina Port-au-Prince sáum við tugþúsundir líka og það var verið að nota vinnuvélar til að koma þeim í vörubíla.“

Bendir hann á að björgunarsveitarfólk geti vel brotnað niður í útköllum eða eftir þau og því sé mikilvægt að huga að andlegri heilsu bæði fyrir, á meðan og eftir þau. Sem betur fer hafi mikil vinna í tengslum við áfallahjálp innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar skilað sér vel í tengslum við útkallið til Haítí.

„Fjórum mánuðum eftir skjálftann fór ég aftur til Haítí og heimsótti spítala í uppblásnu tjaldi þar sem lítil börn voru að berjast fyrir lífi sínu. Ég fór þaðan út hágrátandi,“ segir hann. „Allir fá þessar tilfinningar og maður verður að geta talað um þær.“

**Ættleiddi fullorðnar dæturnar**

Frá 2010 starfaði Gísli fyrir regnhlífarsamtök 60 stærstu hjálparsamtaka heims við að samhæfa allt hjálparstarf á þeirra vegum. Það voru því oft stutt stopp heima og oft sem hann þurfti að hoppa upp í næstu flugvél eftir að hamfarir dundu yfir á fjarlægum stað. Eftir ebólufaraldurinn í Vestur-Afríku árin 2014 til 2015 og sterkan jarðskjálfta í Nepal skömmu síðar, segist Gísli hafa brunnið út og ákvað að kúpla sig út úr hjálparstarfinu um stund. Var það þá farið að taka of mikinn toll af fjölskyldulífinu. En eftir um tveggja ára hlé sneri hann sér aftur að hjálparstarfinu og vann við það þar til hann flutti heim til Íslands fyrr á árinu.

Gísli kynntist eiginkonu sinni, Sonju Pétursdóttur, á einkamal.is, árið 2002. Hann átti tvo stráka úr fyrra hjónabandi og hún þrjár stelpur. Faðir þeirra, sem var Bandaríkjamaður, var látinn og Gísli gekk þeim í föðurstað. Fyrir skemmstu, átján árum síðar, ættleiddi Gísli þær fullorðnar.

„Fyrir nokkrum árum spurðu þær mig hvort ég vildi formlega verða pabbi þeirra og ein þeirra hafði meira að segja flúrað á sig orðið Gísladóttir,“ segir Gísli og brosir breitt. „Ég sagði af sjálfsögðu já. Við ákváðum að bíða með þetta um stund, en um síðustu jól komu þær með eyðublöðin til mín og ég skrifaði undir á staðnum.“

**Úr einni krísu í aðra**

Gísli er í framboði fyrir Pírata í alþingiskosningunum í september, en hann hefur aldrei tekið þátt í pólitísku starfi áður. Þegar hann ákvað að fara í framboð kynnti hann sér vel þá flokka sem starfa á Íslandi og fannst hann eiga mesta samleið með því fólki sem starfar innan Pírata.

„Ég held að ég hafi reynslu sem geti nýst í því þjóðfélagsástandi sem nú er í gangi. Við erum að koma úr krísu faraldursins og að ganga inn í aðra sem eru loftslagsmálin,“ segir Gísli. „Þar höfum við stungið hausnum í sandinn í stað þess að taka erfiðar ákvarðanir. Til þess að takast á við þessi erfiðu verkefni þurfum við breiða samvinnu innan Alþingis og þjóðfélagsins í heild og þar tel ég mig geta nýtt áralanga reynslu mína í að fá ólíka aðila víða um heim til þess að vinna betur saman.“

Það sem Gísli brennur hvað mest fyrir er hins vegar að takast á við fátækt á Íslandi og minnist hann þess að þegar hann sat í stjórn hjá Rauða krossinum hafi verið settur á fót sárafátæktarsjóður, þar sem komu margar umsóknir frá fólki sem bjó við mjög erfiða stöðu fjárhagslega. „Það opnaði augu mín að sjá hversu mikil fátækt er á þessu ríka landi og ég skammast mín fyrir það.“ ■


KRYDD
veitingahús
Restaurant & Bar
Hafnarfirði
SUMARTILBOÐ
Fjögurra rétta óvissuferð fyrir tvo 9.990 kr
Hafa samband
Sími: 558-2222
krydd@kryddveitingahus.is
Strandgata 34 220
Hafnarfjörður
kryddveitingahus.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Óskars Guðmannssonar**

sem lést á Landspítala í Fossvogi þann 24. júlí. Útför fór fram í kyrrþey þann 12. ágúst vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

**Ólöf Magnúsdóttir**
**Björg Óskarsdóttir** **Hólmar Heiðdal Hjálmtýsson**
**Magnús Óskarsson** **Sigrún Jakobsdóttir**



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Sigurðar Ólafssonar**

póst- og símstöðvarstjóra,
Hrísmóum 1, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki hjúkrunarheimilis Hrafnistu, Hraunvangi, Hafnarfirði.

**Guðbjörg Þorleifsdóttir**
**Sigurborg Sigurðardóttir** **Ljótur Ingason**
**Svanhvít Sigurðardóttir** **Ragnar Jörundsson**
**María Sigurðardóttir** **Páll Sigurðsson**
**Halldór Ó. Sigurðsson** **Margrét H. Hjaltested**
**Þóra Sigurðardóttir** **Sigurður G. Jóhannsson**
**Ingvar E. Sigurðsson** **Edda Arnljótsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN




Utanríkisráðherrar Eistlands, Lettlands og Litháen komnir til Íslands í ágúst 1991 til að semja um gagnkvæm viðskipti og utanríkissamskipti ríkjanna þriggja við Ísland. Janis Jurkans frá Lettlandi, Lennart Meri frá Eistlandi, Algirdas Saudargas frá Litháen og Jón Baldvin Hannibalsson. MYND/HANNA SIGGA SIGURÐARDÓTTIR

# Settum af stað óstöðvandi ferli

Þrjátíu ár eru frá því Eistar og Lettar fóru að dæmi Litháa og lýstu yfir sjálfstæði sem Íslendingar viðurkenndu fyrstir þjóða, að frumkvæði Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra.

gun@frettabladid.is

Aðeins þremur dögum eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Letta, 23. ágúst 1991, voru utanríkisráðherrar Eistlands. Lettlands og Litháen komnir hingað til lands, í boði Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra, til að undirrita formlega stjórnmálasamninga við Íslendinga. Er Jón svarar símanum í Andalúsíu á Spáni nú 30 árum seinna er hann fyrst spurður: Fylgdu aðrir ráðamenn Íslands þér á fluginu? Hann virðist ekki hrifinn af spurningunni en verður ekki orða vant.

„Ríkisstjórn Íslands er, eins og lögfræðingar orða það, ekki fjölskipað stjórnvald, það er ráðherra málaflokksins sem ræður för. Stefnan í þessu máli var mótuð í tíð fyrri ríkisstjórnar sem Steingrímur Hermannsson leiddi og þegar að því kom að binda endahnútinn með því að kalla utanríkisráðherra Eystrasaltslandanna til fundar í Höfða 26. ágúst 1991, var ágætt samstarf við Davíð Oddsson forsætisráðherra, hann var fyrrverandi borgarstjóri og reddaði Höfða!“

**Sögulegt samhengi**

*Þetta gerðist hratt. Var það samkvæmisleikur að verða fyrst þjóða til að viðurkenna endurheimt sjálfstæðis Eystrasaltsríkja eða telurðu að þetta viðbragð hafi skipt höfuðmáli um niðurstöðuna í heild?*

„Til að svara því þarf að setja málið í sögulegt samhengi. Við erum að tala um árin 1990 til loka 1991. Það sem yfirgnæfði annað voru samningar milli Sovétríkjanna, undir forystu Gorbatsjovs, og Vesturveldanna, um endalok kalda stríðsins. Gorbatsjov hafði frumkvæðið, Vesturveldin voru í því að bregðast við og mikið var í húfi, því ef honum mistækist var viðbúið að harðlínumenn kæmust til valda og þá væri allt fyrir bí. Gorbatsjov var að tapa fylgi og missa tök heima fyrir, en dró þá línu í sandinn að Sovétríkjunum yrði að halda saman í nafni friðar og stöðugleika. Bush Bandaríkjaforseti tók undir það í ræðu í ágúst 1991 og sagði það yfirlýsta stefnu Vesturvelda. Samkvæmt henni var útilokað að þau styddu endurheimt sjálfstæðis Eystrasaltslanda, því með því yfirgæfu þau Sovétríkin.

Þann 19. ágúst 1991 var gerð valdaránstilraun í Moskvu, harðlínumenn reyndu að komast að en mistókst. Gorbatsjov var steypt af stóli en lýðræðisöfl, undir forystu Jeltsín, reyndust lífseigari en ætla mátti. Þar með var stefna Vesturveldanna farin forgörðum og tómarúm skapaðist. Við þessar kringumstæður lýstu Eistar og Lettar yfir sjálfstæði og ég tók frumkvæði með því að bjóða þeim til Íslands til undirskrifta samninga, sannfærður um að önnur ríki kæmu í kjölfarið. Það gekk eftir. Því finnst Eystrasaltsþjóðum að á þessari ögurstundu hafi Íslendingar sett af stað jákvæða atburðarás sem ekki varð stöðvuð. Það er orðinn partur af þeirra sögu.“

> „Kannski líta einhverjir Íslendingar svo á að um samkvæmisleik hafi verið að ræða en í ljósi þessara sögulegu staðreynda líta Eystrasaltsþjóðir svo á að okkar framtak hafi skilað miklum árangri og eru þakklátar fyrir.

**Derringur í Bush**

Jón rifjar upp að á blaðamannafundi alllöngu síðar, þegar Bandaríkjamenn voru að skrifa undir sjálfstæðisviðurkenninguna hafi Bush sagt: „Það sem máli skiptir er hvað Bandaríkin gera. Hver man það síðar meir þó Ísland, eða eitthvert annað ríki, hafi orðið fyrst?“ Svarið er að við Eystrasaltið er almenningur jafnvel enn betur meðvitaður um það nú en þegar þetta var að gerast, því sagan er skráð. Rannsóknir á gögnum segja: Þarna gerðist óvenjulegur hlutur, lítil þjóð, herlaus og fámenn, sem aldrei hefur komið við sögu í endatafli stórvelda, setti af stað ferli sem var byggt á raunsærra mati en annarra og tók þá áhættu að kalla yfir sig reiði Sovétríkjanna. Þau ríki sundruðust ekki fyrr en nokkrum mánuðum seinna.“

Svo er Jón ekki búinn að gleyma spurningu númer tvö. „Kannski líta einhverjir Íslendingar svo á að um samkvæmisleik hafi verið að ræða, en í ljósi þessara sögulegu staðreynda líta Eystrasaltsþjóðir svo á að okkar framtak hafi skilað miklum árangri og eru þakklátar fyrir.“

Inntur eftir hvort hann komi oft til Eystrasaltslanda svarar Jón Baldvin: „Ég hef komið þar býsna oft, einkum fyrr á árum og var gestakennari þar við háskóla 2013 og 14. Reyndar er ég heiðursborgari í Vilnius í Litháen og nýt þeirra forréttinda þar að þurfa ekki að borga útsvar, fá frítt í strætó og ókeypis greftrun. Ég læt Bryndísi um að meta hvort ég þiggi þetta þetta síðasta.“ ■



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Kristinn K. Ólafsson**

áður til heimilis að Kristnibraut 31,

lést 12. ágúst á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju, mánudaginn 23. ágúst kl. 13.

**Súsanna Kristinsdóttir**
**Kristinn Jón Kristinsson** **Stefanía S. Ólafsdóttir**
**Anna Steindórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Anna Hulda Norðfjörð** **Árni S. Norðfjörð**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Steinar Þorsteinsson**

tannlæknir,

lést laugardaginn 14. ágúst á hjartadeild Landspítalans. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 30. ágúst klukkan 11.00.

**Þór Steinarsson** **Guðrún Baldvina Sævarsdóttir**
**Guðrún Silja Steinarsdóttir**
**Þórdís Steinarsdóttir**
**Sindri Steinarsson** **Viktoria Anhold**
**og barnabörn.**

# Kvartett Marínu spilar jazz á Jómfrúnni

gun@frettabladid.is

Kvartett jazzsöngkonunnar Marínu Óskar leikur utan dyra á Jómfrúartorginu við Lækjargötu í Reykjavík í dag, 21. ágúst, milli klukkan 15 og 17 og býður upp á dillandi létta jazzmúsík. Með Marínu verða Anna Gréta Sigurðardóttir píanóleikari, Johan Tengholm kontrabassaleikari og Matthías Hemstock trymbill.



Marína Ósk er nýlega útskrifuð með meistaragráðu frá Tónlistarháskólanum í Stokkhólmi. MYND/AÐSEND

Marína, Anna Gréta og Johan eiga það sameiginlegt að vera ungt jazztónlistarfólk, nýlega útskrifað með meistaragráður frá Konunglega tónlistarháskólanum í Stokkhólmi og Matthías Hemstock er þjóðinni vel kunnur enda hokinn af reynslu.

Þetta eru tíundu tónleikar Sumarjazztónleikaraðar Jómfrúarinnar við Lækjargötu þetta árið. Aðgangur er ókeypis. ■

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Þórðardóttir**

Miðleiti 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 3. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

**Gunnar Helgi Guðmundsson Ragnheiður Narfadóttir**
**Björn Guðmundsson Margrét Héðinsdóttir**
**Guðmundur Þórður Guðmundsson Fjóla Ósland Hermannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



Ástkær faðir minn, stjúpi, tengdafaðir og afi,

**Árni Ólason**

Austurbrún 2, Reykjavík,

lést 15. ágúst.
Útför hans fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. ágúst klukkan 15.00.
Streymi: www.læf.is/utfor-arni-olason

**Valgerður Árnadóttir Karl Fannar Sævarsson**
**Þórunn Brandsdóttir**
**Benjamín Árni Ásgrímur Guðmundsson**

---



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórður Ólafsson**

Lyngbergi 6, Þorlákshöfn,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 17. ágúst. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju, miðvikudaginn 25. ágúst kl. 14.
Athöfninni verður streymt á promynd.is/thordur

**Guðný Björg Óskarsdóttir**
**Ólafía Helga Þórðardóttir Brynjar Birgisson**
**Óskar Þórðarson Anna María Björnsdóttir**
**Sigrún Dögg Þórðardóttir Haraldur Þorvarðarson**
**Eyjólfur Þórður Þórðarson**
**Ólöf Arnbjörg Þórðardóttir Pétur Ragnar Pétursson**
**Aðalheiður Elín Þórðardóttir Halldór Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jens Jónsson**

húsgagnabólstrari,
Funalind 7, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 27. ágúst kl. 13.

**Valdís Kristmundsdóttir**
**Jón Kristinn Jensson Sigurborg M. Guðmundsdóttir**
**Sigríður Jensdóttir Axel Alfreðsson**
**Lára Jensdóttir Einar Stefánsson**
**afa og langafabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Björg Sigurlín Hansen**

lést mánudaginn 9. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.

Athöfninni verður streymt á facebook síðunni: Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - beinar útsendingar

**Jóhanna Hansen Kristján Hálfdánarson**
**Páll Hansen**
**Karen Hansen Richard Russell**
**Annette Hansen Ingólfur Þorsteinsson**
**Anton B. Hansen Erla Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur bróðir okkar,

**Ásmundur Jakobsson**

Barmahlíð 22,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 17. ágúst.

**Jakob Jakobsson**
**Aðalbjörg Jakobsdóttir**
**Steinunn S. Jakobsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Albert Valdimarsson**

bifvélavirkjameistari,

lést á dvalarheimilinu Grund 17. ágúst.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 2. september kl. 13. Jarðsett verður á Einarsstöðum í Reykjadal.

**Guðrún Albertsdóttir**
**Eva Ásrún Albertsdóttir**
**Valdís Albertsdóttir**
**Dóra Þórdís Albertsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elsku hjartans sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Jón Ólafsson** (Nonni)

Fannafold 178, Reykjavík,
(áður til heimilis Ljárskógum 22)

lést á bráðamóttöku Landspítalans 10. ágúst. Jón verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 27. ágúst kl. 13.
Streymt verður frá athöfninni á seljakirkja.is

**Guðlaug Adolphsdóttir Ólafur Jónsson**
**Erla Ólafsdóttir Björgvin Óskar Steingrímsson**
**Ingibjörg Ólafsdóttir Ólafur Örn Bragason**
**Margrét Rós, Ólafur Þór, Harpa Dís, Tinna Katrín, Darri Steinn**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Ólafs B. Thors**

fv. forstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og starfsmönnum nýrna- og skilunardeildar Landspítala fyrir frábær störf.

**Jóhanna J. Thors**
**Hilmar Thors Hlíf Thors Arnlaugsdóttir**
**Ólafur Baldvin Thors Kristín V. Magnúsdóttir**
**Benedikt Thor Thors**

---



Okkar ástkæri

**Stefán Brynjólfsson**

sjómaður,
Brávallagötu 16, Reykjavík,

lést á Grund þann 4. ágúst sl.
Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Grund. Útför Stefáns hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Rósa Kristín Stefánsdóttir**
**Heiðrún Ólafsdóttir**
**Guðlaug Helga Stefánsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Lárusdóttir**
**(Sirrý)**

frá Vestmannaeyjum,
síðast til heimilis að Skúlagötu 20,

andaðist á líknardeild Landspítalans að morgni 10 ágúst. Jarðsett verður frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, laugardaginn 28. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans eða Kvenfélagið Heimaey. Athöfninni verður streymt á vef Landakirkju.

**Ágústa Guðmarsdóttir Gísli Gíslason**
**Tómas Guðmarsson Erla Helgadóttir**
**Lárus Bergþór Guðmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Ólöf Svandís Eiríksdóttir**

lést á Landspítalanum þann 19. ágúst.
Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Magnús Karlsson Nanpittra Suriyapanya**
**Sæunn Elfa Karlsdóttir Pedersen Palle Skals Pedersen**
**Máni Jökull Karlsson**

---



Föðursystir okkar og mágkona,

**Sigrún Jónsdóttir**

Hraunvangi 7,
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést 28. júlí sl. Útför Sigrúnar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sólveig Kristjánsdóttir**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Kristján Rúnar Kristjánsson**
**Stella Á. Kristjánsdóttir**
**Ragnar Frank Kristjánsson**
**Ásdís G. Konráðsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Brandsdóttir**

frá Suður-Götum í Mýrdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 11. ágúst. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.

**Guðbjörg Vallaðsdóttir Jón Norðmann Engilbertsson**
**Sigrún Vallaðsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eggert Guðmundsson**

pípulagningameistari,
frá Görðum á Álftanesi,
Stórahjalla 37, Kópavogi,

lést á Hrafnistu, fimmtudaginn 12. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Garðakirkju, þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

**Óli Már Eggertsson Eydís Dögg Sigurðardóttir**
**Vignir Eggertsson Lilja Björk Kristjánsdóttir**
**Birna Eggertsdóttir Rúnar Hrafn Ingimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist bókmenntagrein (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21. ágúst“.

Lausnarorð síðustu viku var
**GALVANÍSERING**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Áður en þetta vesen byrjaði var hér gott lægi (9)
**8** Óværa hrellir erfitt afkvæmi (6)
**11** Má tala um haf á milli þess sem hér stendur? (7)
**12** Fyrrum sáust hér ljósrákir hins nýja dags (9)
**13** Greini frá greinum og trjám sem ég held ég klippi (6)
**14** Lauflétt daður við léttan málm (5)
**15** Slíkur er ótti kelta að steik sundrast (9)
**16** Ef þyngd umbúða er frádregin gildir seinna merkið (6)
**17** Byrjandi lokkar en busar ekki? (7)
**18** Happ fylgir stúfum en harmur slysnum (9)
**19** Brunnurinn er tæmdur eftir sinuna (6)
**21** Keyri hundfúl heim í dal ef skutlarinn skrópar (8)
**25** Bjó að vináttu morgunhana og gripahirða (10)
**30** Reisn fróns hefur aukist við þetta (7)
**33** Börn fá bæði lunda og pysju (7)
**34** Vegna þess að hún er svipuð og önnur slík (6)
**35** Mær í kjól drekkur þetta einhvern veginn (7)
**36** Nánast jafnklárir og sænskur berserkur (7)
**37** Snöggur að setja beitt með öðru beittara (8)
**38** Þessi bráð er bara bull (5)
**39** Víst er NN smár en það nýtist til að rugla ræningja (8)
**44** Þú getur rekið þær á heimsenda en þær fyrirgefa það aldrei (9)
**48** Fljót binda þá sem þegar voru fastir við þau (6)
**51** Borga vel fyrir bursta og brúnan hrygg (7)
**52** Byttur, bollar og bræðsluhús (9)
**53** Þetta sker er okkar klaki (6)
**54** New York Times er þó til einhvers nýtilegt (7)
**55** Þessi úrelta brú er sérstök flatneskja (9)

## LÓÐRÉTT

**1** Fljótgreind og einhleyp enn á ný (9)
**2** Úthrópa mál sögusmettu (9)
**3** Þetta band mun spila óháð aðsókn (9)
**4** Sé andstyggilega pílu dvergvaxinna djöfla (9)
**5** Eyfirðingar eru ringlaðir en passa enn mannorð sitt (10)
**6** Mun hlaupa einsog Flandrari með fósturhimnur (8)
**7** Hún virkar einhvern veginn alltaf ef blóðugir ruglast (8)
**8** Para trjónur fyrir fiskverkafólkið (9)
**9** Reykur einfalds raks en úfins (7)
**10** Finn sömu lykt af konunni og kryddjurtinni svörtu (9)
**20** Vorum sigruð að lokum enda ástfangin mjög (7)
**22** Hatturinn er stærri en drekinn (7)
**23** Fæ ég svar um muninn á svörum? (7)
**24** Er sóli nemur við krikana er stutt í harðindin (7)
**26** Að hafa betur í stríði er fullt starf (7)
**27** Slæ svikum á frest en fífla strax (7)
**28** Hin magnaða kveðja séra Odds sem héðan hvarf (7)
**29** Aðsjálni Arnar minnir á maurapúka (7)
**31** Ríma sjó við sætan rétt og feitan (7)
**32** Útlægt úthey fyrir dæmda menn (7)
**40** Tími Ara til að leggjast á spaðana (7)
**41** Kemur auga á óvenjuleg eintök (7)
**42** Finnst þó e-ð grunsamlegt við 49 lóðrétt (7)
**43** Hvimleiður kvilli læsir tönnum í liðið lík (7)
**44** Eru þetta leiði sem búast má við? (6)
**45** Róninn er alltaf ringlaðri en snáðinn (6)
**46** Þessi fagmaður er flestum blautari (6)
**47** Er kuldi hljóp í krakka kom límið sér vel (6)
**49** Óumdeilanleg að því gefnu að þau séu óbundin (6)
**50** Vasapelinn gefur titring og brúnku (6)
**56** Leiðrétti rununa mér til mikillar ánægju (6)
**57** Hann felst í því að skera hy safna skeggi – eða er það öfugt? (7)

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **1794 eftir Niklas Natt och Dag** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Daníel Viðarsson, Reykjavík.**



## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 6 | 1 | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 7 |
| 9 | 7 | | | | 3 | 2 | 4 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 1 |
| 6 | 2 | | 9 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 8 | | | |
| | | | | 3 | 4 | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

Ísland sendir þrjú lið á EM sem spilað verður á Real Bridge dagana 23.-28. ágúst, 2021. Spilarar í Opnum flokki eru Hrannar Erlingsson - Sverrir G. Kristinsson, Guðjón Sigurjónsson - Stefán G. Stefánsson og Birkir J. Jónsson - Ragnar Magnússon. Í Heldri manna flokki eru Aðalsteinn Jörgensen - Haukur Ingason, Björn Eysteinsson - Guðmundur Sv. Hermannsson og Þorlákur Jónsson - Sverrir Ármannsson. Guðmundur Páll Arnarson er þjálfari. Í Kvennaflokki eru Arngunnur Jónsdóttir - Alda Guðnadóttir, Harpa F. Ingólfsdóttir - María Haraldsdóttir og Anna G. Nielsen - Helga H. Sturlaugsdóttir. Spilarar voru í stífum æfingum fyrir mótið. Nýverið voru æfingaleikir milli opna landsliðsins og eldra landsliðsins. Eldra landsliðið er mjög sterkt og parið Sverrir-Aðalsteinn eru öllu vanir og búa yfir mikilli reynslu. Þetta spil kom fyrir í einum leiknum og Sverrir og Aðalsteinn sátu í AV. Norður var gjafari og AV á hættu.

**Norður**
♠ D9654
♥ 964
♦ G9
♣ G86

**Vestur**
♠ K108
♥ KDG
♦ ÁK53
♣ 942

**Austur**
♠ Á7
♥ Á
♦ D10762
♣ ÁD753

**Suður**
♠ G32
♥ 1087532
♦ 84
♣ K10

Aðalsteinn opnaði á sterku laufi á austurhöndina (16+) eftir pass norðurs og suður kom inn á gervisögninni tveimur tíglum sem var annaðhvort hjartalitur eða svörtu litirnir. Sverrir sagði tvö grönd sem var krafa í game. Aðalsteinn sagði þrjú grönd og Sverrir bauð upp á slemmu með því að segja fjögur grönd. Aðalsteinn sagði fimm grönd og bað Sverri um að velja slemmu (“pick a slam”). Sverrir átti tígul en valdi sex grönd með gott hjartastopp. Samningurinn sex tíglar er óneitanlega betri en ellefu slagir voru í boði í þessum samningi og spurning hvernig ætti að meðhöndla lauflitinn. Sverrir átti fyrsta slaginn á ásinn í hjarta og tók næst þrjá slagi á tígul og endaði í blindum. Hann ákvað að spila litlu laufi frá ÁD fimmtu. Suður var ekki viðbúinn þessu og hefði sennilega átt að velja tíuna. Hann var hins vegar óákveðinn og sá að umhugsun kæmi hugsanlega upp um staðsetningu kóngsins. Að setja tíuna umhugsunarlaust hefði verið erfitt fyrir Sverri. Suður ákvað að fara upp með kóng og Sverrir gat lagt upp. Spilið var spilað á þremur borðum og á hinum borðunum voru spilaðir fimm og sjö tíglar. Fyrra spilið stóð slétt og hitt fór einn niður.

# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR

**Sófar**
20-30% afsláttur

**Rúm**
20-40% afsláttur



**Gjafavara**
20-60% afsláttur

Bitz GEORG JENSEN ESTABLISHED 1904 LE CREUSET



**Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is**

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tilboð gilda meðan birgðir endast

40%
BLACK+DECKER
**Höggborvél + 40 fylgihlutir**
750W, í tösku. 5246034
**10.797 kr**
~~17.995 kr~~

27%
IKRA mogatec
**Hekkklippur 20V**
20V, 2.0Ah rafhlaða, 54 cm, klippigeta 22 mm. 5086634
**10.995 kr**
~~14.995 kr~~

30%
BLACK+DECKER
**Sláttuvél**
2x18V, sláttubreidd 33 cm, 5 hæðastillingar 25-65 mm, 35 ltr., safnari, rafhlöður og hleðslutæki seld sér. 5082935
**25.897 kr**
~~36.995 kr~~

**Fáðu tilboð í pallinn hjá okkur**

15%
Broil King
**Gasgrill**
GEM 310
Grillflötur: 52 x 33 cm, 3 brennarar, grillgrind í steypujárni, hliðarborð, afköst 6,9 kW. 3000613
**42.495 kr**
~~49.995 kr~~

12%
OUTBACK
**Gasgrill** Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, 3 ryðfríir brennarar og hliðarbrennari. 3000390
**34.990 kr**
~~42.495 kr~~

25%
GROHE
**Handlaugartæki**
Essence New Etgreb, svart. 7911087
**31.790 kr**
~~42.415 kr~~

50%
FERRO
**Eldhústæki**
Algeo Square. 7810115
**8.818 kr**
~~17.635 kr~~

19%
Electrolux
**Þvottavél**
EW6S427W
1200 sn., 7 kg, LCD skjár 58-77 dB. 1805436
**64.990 kr**
~~79.990 kr~~

12%
Electrolux
**Þurrkari**
EW2C327R1
Tekur 7 kg, orkuflokkur B, stærð 85x59,6x57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. 1835643
**69.990 kr**
~~79.990 kr~~

28%
**Hausterikur 3 stk.**
3 stk. að eigin vali.
**1.299 kr**
~~1.797 kr~~
Hausterikur 1 stk. **599 kr**

LADY
**20% afsláttur**
LADY innimálning
Græn vara

JOTUN
**20% afsláttur**
Pallaolía og pallahreinsir

Nilfisk
**20% afsláttur**
Nilfisk háþrýstidælur

GROHE
**25% afsláttur**
Grohe blöndunartæki

# Pottaplöntuveisla 20-50% afsláttur

26%
**Orkidea**
12 cm pottur. 11325000
**1.990 kr**
~~2.690 kr~~

26%
**Sómakólfur**
12 cm pottur. 11328264
**1.990 kr**
~~2.690 kr~~

33%
**Monstera**
13 cm pottur. 11328481
**1.990 kr**
~~2.990 kr~~

50%
**Benjamínfíkus**
11,5 cm pottur. 11328329
**990 kr**
~~1.990 kr~~

21%
**Gúmmítré**
17 cm pottur. 11328329
**2.990 kr**
~~3.790 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Pottarnir eru komnir

Ný sending í verslanir og vefverslun

**Mest seldu** pottarnir okkar



Bergen
**Rafmagnsnuddpottur**
4 manna uppblásinn rafmagns-nuddpottur, 180x70 cm, vatnsmagn 700 ltr., þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 38°, 118 stútar, þriggja þrepa nuddstillingar. 8089108

**119.990kr**



Einföld smellulokun



NÝ SENDING

Aurora
**Rafmagnsnuddpottur**
6 manna uppblásinn rafmagnsnudd-pottur, 204x70 cm, vatnsmagn: 930 ltr., þyngd tómur: 28 kg, hitar allt að 40°, 138 stútar, innbyggður ljósaborði.
8089107

**149.990kr**



NÝ SENDING

Concept Mono
**Rafmagnsnuddpottur**
6 manna uppblásinn rafmagnsnudd-pottur. 173x65 cm, vatnsmagn: 930 ltr., þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 40°, 138 stútar. 8089105

**199.990kr**



blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# HÚSASMIÐJU DAGAR



**RISA** vefblað á husa.is

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Tækniþróunarsjóður hefur opnað fyrir umsóknir í styrktarflokkunum:

Sproti
Vöxtur, Sprettur
Markaðsstyrkur

Umsóknarfrestur er til 15. september 2021, kl. 15:00

Nánari upplýsingar eru á tths.is

tths.is
Tækniþróunarsjóður

# Veðurspá Laugardagur




Í dag verður allhvöss suðaustan átt með suðurströnd landsins og allra norðaustast, annars hæg suðlæg eða breytileg átt. Víða bjart veður framan af degi en þykknar upp sunnan og síðar vestan til þegar líður á daginn með rigningu. Hiti 10-16 stig, svalast við sjávarsíðuna. ■

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 / 4 | 15 / 11 |
| Ísafjörður | 14 / 1 | 14 / 3 |
| Akureyri | 14 / 2 | 18 / 1 |
| Egilsstaðir | 16 / 5 | 19 / 6 |
| Kirkjubæjarklaustur | 13 / 3 | 14 / 6 |

## Næsta hitabylgja í farvatninu



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is

Í sumarbyrjun spáði ég því að sumarið yrði best á Norðaustur- og Austurlandi, þar yrði hlýjast og bjartast. Þetta hefur heldur betur ræst og sér ekki fyrir endann á. Nú eru veðrakerfin að koma sér fyrir til að senda okkur mjög hlýtt loft og erum við að tala um 20-24 stig norðaustan og austan til. Allsstaðar verður reyndar hlýtt, eitthvað nálægt 14-16 stigum en á sunnan- og vestanverðu landinu verður vætutíð með einhverjum uppstyttum.

Það sem er að gerast er að það er hæðarhryggur að koma sér fyrir yfir Bretlandseyjum sem dælir til okkar hlýju suðlægu lofti. Síðan er myndarlegt lægðakerfi að gera sig gildandi suður af Hvarfi sem einnig dælir til okkar suðrænu hlýju lofti. Horfur eru á þessum hlýindum út næstu viku.

**Marineraðir sveppir í bláberjum.** Veðrið þessa helgi er kjörið til allrar útivistar. Berjatínsla og sveppatínsla eru áhugamál margra. Kalt vor gerir það að verkum að berin eru heldur seinna á ferðinni, en sveppirnir eru komnir. Um æta sveppi veit ég ekkert. Munið bara að sumir sveppir eru eitraðir. Bækur og netið eru mjög hjálpleg í þessu skyni. ■

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




DV

TEKJUR ÞÚSUNDA ÍSLENDINGA




Aðeins 1.190 kr.!

Kynntu þér launatekjur kunnra landsmanna og hvaða laun eru í boði í þinni atvinnugrein.

Náðu þér í eintak hjá öllum helstu matvöruverslunum landsins, bókabúðum og bensínstöðvum.


Alþingiskosningar 2021
Pólitík
með Páli Magnússyni
Einn kunnasti fréttaspyrill þjóðarinnar snýr aftur í sjónvarpið með tilþrifum, reynslunni ríkari frá Alþingi – og tekur nú stjórnmálaforingjana á beinið, hverja á fætur öðrum, leiðir þá sundur eða saman – og það verður töluð pólitík, án undanbragða og svaranna krafist sem að var spurt.
Fylgstu með Pólitík með Páli Magnússyni á hverju miðvikudagskvöldi á Hringbraut klukkan 19:30 og strax aftur klukkan 21:30.
Alþingiskosningar verða haldnar 25. september 2021
Fylgstu með á
á Hringbraut
HRINGBRAUT

# Land Cruiser sjötugur

njall@frettabladid.is

Toyota heldur upp á 70 ára afmæli Land Cruiser jeppans á þessu ári og þess vegna stendur margt til hjá framleiðandanum.

Meðal annars verða 600 sérsmíðuð eintök framleidd af 70-línunni sérstaklega fyrir Ástralíumarkað. Það sem nokkrum jeppaáhugamönnum gætu þótt merkilegar fréttir hérlendis er að Toyota ætlar að endurframleiða varahluti í 40-línuna sem smíðuð var milli 1960 og 1984.

Til að ákveða hvaða hluti þurfti að framleiða spurði Toyota valda endursöluaðila og meðlimi jeppaklúbba um álit. Þó að partalistinn komi ekki fyrr en á næsta ári er vitað að hlutir eins og vélar, drifbúnaður og pústkerfi eru meðal þess sem hægt verður að panta.

Toyota er að skoða það að framleiða varahluti fyrir fleiri gerðir Land Cruiser jeppa, eins og 60, 70 og 80-línuna en eins og áður sagði er 70-línan ennþá í framleiðslu á vissum markaðssvæðum. ■





Afturljósin eru í stíl við ljósin úr Z32 bílnum frá níunda áratugnum.

# Nissan Z sportbílinn frumsýndur í Ameríku

**Arftaki Nissan 370Z er mættur á svæðið og kallast einfaldega Nissan Z. Hann verður með 400 hestafla vél en Zeturnar hafa verið viðloðandi merkið síðan fyrsti 240Z bíllinn kom á markað árið 1969. Hann mun þó ekki verða boðinn á Evrópumarkaði.**

njall@frettabladid.is

Nissan Z er ætlað að keppa við Toyota Supra og BMW 2 Coupe en þá líklega aðeins í Bandaríkjunum, því að ólíklegt er að bíllinn verði settur á markað í Evrópu eins og er. Vélin í bílnum verður þriggja lítra V6 vél með tveimur forþjöppum og skilar hún 400 hestöflum og 475 Nm togi. Það er bæting um 30% frá gamla 370Z bílnum. Þessi bíll verður leiktæki enda með afturhjóladrifi og sex gíra beinskiptingu, ásamt drifskafti úr koltrefjum. Hægt verður að fá bílinn með níu þrepa sjálfskiptingu með sérpöntun.

Allt er meira og stærra en í 370Z bílnum. Komnir eru stærri og öflugri demparar ásamt nýrri klafafjöðrun að framan. Bíllinn sjálfur er líka stærri og þar af leiðandi dekkin. Stýrisgangurinn er nú með rafmagnsaðstoð og hægt verður að panta bílinn með læsingu að aftan. Bíllinn verður allur nýtískulegri að innan og meðal annars verður átta tommu skjár í miðjustokki ásamt 12,3 tommu upplýsingaskjá í mælaborði. Bíllinn mun koma í þremur útgáfum sem kallast Sport, Performance og Proto Spec sem þekkist á gulum bremsudælum.

Verð bílsins hefur ekki verið tilkynnt en nú er bara að sjá hvort að einhver flytji nýja bílinn inn á næstu misserum. ■



A6 e-tron á PPE undirvagninum er með 100 kWst rafhlöðu og 700 km drægi.

# Audi A6 e-tron verður frumsýndur á næsta ári

njall@frettabladid.is

Audi frumsýndi tilraunaútgáfu A6 e-tron á Bílasýningunni í Shanghai fyrr á árinu og nú berast fréttir af því að hann muni fara í framleiðslu á næstunni. Það var talsmaður Audi sem lét hafa það eftir sér við blaðamann motor1-veftímaritsins. Þar var líka sagt að bíllinn gæti farið í framleiðslu snemma árs 2023 og verði því kominn í sölu vorið 2023.

Vitað er að bíllinn verður byggður á PPE undirvagninum sem þróaður var í samstarfi við Porsche og verður líka undir nýjum Macan. Um öflugan bíl verður að ræða með tveimur rafmótorum og 470 hestöflum til að spila úr. Togið verður 800 Newtonmetrar en ekkert hefur verið gefið upp um upptak bílsins enn sem komið er.

Tilraunaútgáfan var búin 100 kWst rafhlöðu með 700 km drægi og hraðhleðslugetu upp að 270 kW. Með þannig hleðslu er hægt að hlaða bílinn í 300 km drægi á aðeins 10 mínútum.

Þessi bíll mun fara í samkeppni við Mercedes-Benz EQE sem verið er að frumsýna um þessar mundir og að sjálfsögðu Tesla Model S. ■

# Meira uppgefið drægi í Kia EV6

**Samkvæmt upplýsingum frá Öskju mun EV6 kosta frá 5.990.777 kr. Hann verður með 7 ára ábyrgð eins og allir nýir Kia bílar. Bíllinn er væntanlegur til landsins í nóvember.**

njall@frettabladid.is



Kia EV6 er fyrsti rafbíll merkisins á nýja E-GMP undirvagninum.

Nýr Kia EV6 rafbíll mun hafa allt að 528 km drægi samkvæmt WLTP staðli. Þetta er enn meira drægi en búist var við en upphaflega átti rafbíllinn að draga 510 km á rafhlöðunni. EV6 fékk á dögunum vottun frá Carbon Trust fyrir lágt kolefnisspor og er EV6 fyrsti bíllinn frá suður-kóreskum bílaframleiðanda til að fá slíka vottun. Þetta er fyrsti bíll Kia sem byggður er á nýjum og háþróuðum E-GMP undirvagni sem er sérstaklega hannaður fyrir rafbíla. Þessi nýi undirvagn verður notaður í næstu kynslóðir rafbíla hjá Kia.

Í Kia EV6 er hægt er að velja um 229 og 325 hestafla rafmótora. Hægt er að hlaða bílinn allt að 80% hleðslu á aðeins 18 mínútum og ná hleðslu sem dugar allt að 100 km á innan við fjórum og hálfri mínútu. EV6 er í boði bæði aftur- og fjórhjóladrifinn. Veghæð bílsins er 17 sentimetrar og farangursrými allt að 541 lítrar.

Bílablað Fréttablaðsins mun reynsluaka bílnum fljótlega. ■








NÚ 7.120
SPARAÐU 1.780

**TIMON BORÐSTOFUSTÓLL**
Grænt velvet, svartir fætur. 8.900 kr. **Nú 7.120 kr.**



NÚ 13.520
SPARAÐU 3.380

**DIMA BORÐSTOFUSTÓLL** Bleikt áklæði.
Svartir fætur. 16.900 kr. **Nú 13.520 kr.**



NÚ 15.920
SPARAÐU 3.980

**CHARLTON BORÐSTOFUSTÓLL** Svart PU
leðurlíki, eikarfætur. 19.900 kr. **Nú 15.920 kr.**



NÚ 15.120
SPARAÐU 3.780

**ALLY BORÐSTOFUSTÓLL** Koníakslitað
leðurlíki. Svartir fætur. 18.900 kr. **Nú 15.120 kr.**



**ECLIPSE BORÐSTOFUBORÐ** Bæsaður askur.
Ø120 cm. 129.900 kr. **Nú 103.920 kr.**



**AMBLE BORÐSTOFUBORÐ**
Ø110 cm. Marmaraprint, svartir fætur.
42.900 kr. **Nú 34.320 kr.**



**TRUE SKENKUR** Gráolíuborin eik, svartir fætur.
160x45x72 cm. 169.900 kr. **Nú 135.920 kr.**



**SEAFORD SKENKUR** Spónlögð eik og svartir
fætur. 120x40x82 cm. 59.900 kr. **Nú 47.920 kr.**







**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND


Verk Geirþrúðar eru falleg og stílhrein.

# Afar ólíkir heimar

Tveir listamenn, Esteban Rivera og Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, sýna verk sín í þriðju sýningu sýningaraðar ´uns, Superstructure, í sýningarými Glettu í hafnarhúsinu á Borgarfirði eystri.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þessir listamenn skapa afar ólíka heima en samt á sér stað þar skemmtilegur samruni, þannig að ég bauð þeim að sýna saman,“ segir Guðrún Benónýsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar og eigandi ´uns.

Esteban, sem er fæddur í Kólumbíu en býr í Berlín, sýnir tvö myndbandsverk Die Versteinerten and Firmamentun Continuitas. „Þetta eru eldri verk sem ég valdi vegna þess að þau eiga í samtali við þema sýningarinnar Superstructure, sýningarýmið og byggingu hafnarhússins,“ segir Guðrún.

**Geimfari og páfi**

„Annað verkið, sem Esteban kallar Bauhaus-verkið (Die Versteinerten), er vídeóverk af formum stílhreins húss. Á meðan myndavélin kannar línur og form hússins heyrum við jafnan hjartslátt, og viðtal við mann um þá aðferð að frysta líkamann rétt fyrir dauðann, í þeirri von að hægt sé lifa aftur seinna. Rætt er um vísindalegar aðferðir frystingarinnar og huglæga kosti þess og galla að vakna aftur til lífsins, löngu seinna, kannski vinalaus í alveg nýrri heimsmynd. Arkitektúr hússins er rammi verksins og verður eins konar myndlíking eða „monument“ af millibilsástandi lífs eða dauða.


Úr verki Esteban Rivera, Die Versteinerten.

Stuttmyndin Firmamentum Continuitas er eiginlega vísindaskáldskapur og segir sögu Gennady Baranov, sem er fyrrverandi geimfari og átti í leynilegum samtölum við Pál páfa VI. um hvernig þeir gætu fundið út og sannað hversu stór himingeimurinn væri í ljósárum og hvar nákvæmlega endamörk trúarbragðaheimsins væru, í ljósárum. Í vídeóinu er viðtal við Baranov um aðdraganda ferðarinnar og samskipti hans við páfagarð og geimvísindastofnun vegna ferðalagsins. Hann fer þó aldrei í þessa ferð.

Esteban er þarna á mörkum sannleikans í söguskópun sinni. Hann skapar „semi-fictional“ mynd af aðalsögupersónu sinni Baranov, með myndum úr viðtölum og af efni sem listamaðurinn raðar saman í stílfærðan sannleika, í þeim tilgangi að búa til eigið sköpunarverk,“ segir Guðrún.

**Ljóðrænt ferðalag**

Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar sýnir nýja skúlptúra og vídeóverk sem saman mynda innsetninguna Financial Instruments. „Hún er að taka á stórum spurningum um heimskerfi og heimsmyndir og útfærir það síðan á eigin forsendum, svipað og Esteban gerir,“ segir Guðrún. „Verkin eru skúlptúrar sem gætu skoðast sem einskonar línulaga graf eða samsettar hillusamstæður. Verkin skoðast sem birtingarmyndir ýmissa hagkerfa: fjármagnskerfa, sölukerfa, fasteigna- og viðskiptakerfa sem hún gerir grein fyrir í texta sem er partur af verkinu hennar á sýningunni. Verkin eru falleg og stílhrein og taka okkur á ljóðrænt eða abstrakt ferðalag á köflum“.

Financial Instuments er fimmta innsetning Geirþrúðar í seríunni Matrix, sem tekst á við heim hagfræði og fjármagnskerfa. „Hún leitast við í nálgun sinni að setja verk sín fram á einn eða annan hátt í andhverfu þessara rannsókna, án þess þó á nokkurn hátt til að vera gagnrýnin. Frekar lítur hún á þetta ferðalag sitt sem ánægjulegt og jafnvel lýrískt ferðalag myndlíkinga innan ramma heimskerfa sem margir líta á sem grundvöll og máttarstólpa okkar veruleika.,“ segir Guðrún.

**Ný sjónarhorn**

Spurð hvað henni finnist tengja þessa tvo listamenn segir Guðrún: „Hann er að mörgu leyti undir áhrifum frá suður amerísku sambland af ofurraunsæi og fantasíu og tekur skilgreiningu milli sannleika og ímyndunar á annað stig. Hún er mjög greinandi í verkum sínum og fjallar um verk sín út frá afleiddum þeoríum um hagkerfi heimsins, tilgangi þeirra og uppbyggingu en á einhverjum tímapunkti upplifir maður síðan að öllu sé snúið á hvolf og okkur birtist óskilgreindari heimur sem getur leyst upp á augabragði og eftir situr mynd eða minning af því sem maður sá.“

Guðrún segir verk listamannanna byggja á birtingarmyndum ólíkra veraldlegra, hugmyndafræðilegra og andlegra kerfa (superstructures) þar sem tilraunakenndur samruni kerfanna er iðkaður. Þessi samruni leiði til nýrra sjónarhorna sem vísar til nýrra möguleika í formi sköpunar, sögugerðar og ljóðlistar.

Sýningunni lýkur 31. ágúst í Glettu, á Borgarfirði eystri. ■


## Kór Hallgrímskirkju leitar að söngfólki



**Nýstofnaður Kór Hallgrímskirkju leitar að söngfólki.**
**Kórreynsla æskileg.**

Raddprufur verða haldnar í lok ágúst en stefnt er að fyrstu æfingu í byrjun september. Æft verður á þriðjudagskvöldum klukkan 19-22 og verður ein helgaræfing í mánuði.

Kórinn stefnir að fjölda spennandi verkefna, meðal annars tónleika, söng við helgihald í Hallgrímskirkju og upptökur.

Stjórnandi kórsins er Steinar Logi Helgason.

**Áhugasamir hafi samband: steinarlogi@hallgrimskirkja.is**


# Skemmtilegt en skildi lítið eftir

TÓNLIST

★★★☆☆

**Jónas Þórir lék tónlist úr kvikmyndum.**
**Hallgrímskirkja**
**laugardaginn 14. ágúst**

Jónas Sen


Jónas spilaði kvikmyndatónlist.

Björk Guðmundsdóttir samdi tónlistina við Dancer in the Dark. Í myndinni var danssena á brú, en tónlist Bjarkar átti að vera leikin þar undir. Þegar hún sá myndina skömmu fyrir frumsýningu uppgötvaði hún að búið var að klippa tónlistina án hennar leyfis; hún hafði verið stytt um helming. Í ljós kom að brúin, sem var sérstaklega smíðuð fyrir myndina, hafði ekki verið eins löng og upphaflega var planað. Það vantaði víst timbur, sem kom niður á tónlistinni án þess að tónskáldið væri haft með í ráðum.

> Verk Jónasar var vissulega haganlega samsett og það var svo sannarlega skemmtilegt.

Þetta er nokkuð lýsandi fyrir stöðu kvikmyndatónskálda. Tónlist í bíómyndum þarf að vera löguð að kvikmyndinni, ekki öfugt. Og tónlistin er talin góð ef áhorfandinn verður ekki var við hana. Hún er yfirleitt í þriðja eða fjórða sæti þegar best lætur.

**Væl í sléttuúlfi**

Vissulega eru til undantekningar. Þar á meðal er mynd Sergios Leones, The Good, the Bad and the Ugly. Tónlistin er eftir Ennio Morricone. Hún er óvanalega veigamikil og hefur sterkan karakter. Meginstefið er frægt, en það hljómar eins og væl í sléttuúlfi. Það samanstendur að mestu af tveimur nótum með hreinni ferund á milli.

Á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju á laugardaginn spilaði Jónas Þórir þessa músík á stóra Klais-orgelið. Ég man ekki eftir að hafa heyrt það áður á orgel. Tónleikarnir voru óvanalegir að því leyti að Jónas spilaði í hálftíma án þess að stoppa á milli. Hann hafði búið til heilt verk úr bútum úr kvikmyndatónlist eftir Morricone og John Williams, sem samdi tónlistina við velflestar, ef ekki allar, myndir Stevens Spielberg.



**Umbreyting hins smágerða**

Þetta var dálítið furðulegur gjörningur. Megineinkenni klassískrar tónlistar, og sem aðskilur hana frá popptónlist, er að hún snýst um umbreytingu hins smágerða í hið stóra. Lítil tónahendingin þróast og verður að einhverju meira. Í henni er framvinda, rétt eins og í skáldsögu. Á vissan hátt má segja að hún sé útópísk, því hún felur í sér vonina um að aðstæðurnar núna verði betri í framtíðinni.

Kvikmyndatónlist á borð við þá sem Williams og Morricone sömdu, hefur hins vegar bara á sér yfirbragð klassískrar tónlistar. Engin framvinda er í henni. Framvindan er öll í myndmálinu á skjánum. Þegar hið sjónræna er tekið burt verður ekkert eftir nema innantómar klisjur. Stefin eru kannski áheyrileg, en þau eru eingöngu á yfirborðinu og fara aldrei neitt.

Verk Jónasar var vissulega haganlega samsett og það var svo sannarlega skemmtilegt. Hann líka spilaði vel. Leikurinn var tær og nákvæmur, raddsetningin smekkleg og sannfærandi. Engu að síður var tónlistin lítið annað en sundurlaus, holur endurómur úr ótal kvikmyndum. Hún skildi því fátt eftir sig. Maður þráði eitthvað dýpra, sérstaklega þar sem um tónleika í kirkju var um að ræða. Næg er jú yfirborðsmennskan allt í kringum okkur. ■

**NIÐURSTAÐA:** Fínn flutningur haganlega gerðrar kvikmyndatónlistarsyrpu, en skildi lítið eftir sig.



The Good, The Bad and The Ugly komu vitanlega við sögu á tónleikunum.


BAUHAUS
VÍS
DRAUMAHEIMILIÐ
MÁNUDAG
DRAUMAHEIMILIÐ
Fylgst er með Íslendingum í fasteignahugleiðingum taka eina af stærstu ákvörðunum lífsins, hvaða eign skuli kaupa. Hugrún Halldórsdóttir fylgir eftir kaupendum á meðan ferlinu vindur fram auk þess að fá góð ráð frá iðnaðarmönnum um viðhald fasteigna.
+ =
7.990 kr./mán.
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman
Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

GULLMOLI Á TILBOÐI

Volvo XC90 AWD Hybrid
(rafmagn og bensín)




Sjö manna til sölu á einstöku tilboðsverði kr. 6.900.000. Ekinn 95.000 km. Ljósdrapplitur árg. 2016.

*Einn með öllu og lítur út eins og nýr.*

Rafdrifin framsæti með stillanlegum mjóhryggsstuðningi - Hiti í framsætum - Þjófavörn Topplúga og glerþak - Höfuðpúðar á aftursætum - Ljóst leður - Viðurkennd hljómtæki Hraðastillir með fjarlægðarskynjara - Loftkæling - Álfelgur – Leðurklætt veltistýri Fjarstýrðar samlæsingar - Þakbogar - Þjónustubók - Xenon aðalljós - Leiðsögukerfi Bakkmyndavél - Minni í framsætum - Fjarlægðarskynjarar hringinn - Lykillaust aðgengi Bluetooth símatenging - LED aðalljós - LED dagljós - ISOFIX festingar í aftursætum Glerþak - AUX hljóðtengi - Bluetooth hljóðtengi - USB tengi - Hiti í stýri - Regnskynjari Dráttarkúla (aftengjanleg) - LED afturljós - Þokuljós aftan - Birtutengdir hliðarspeglar - Birtutengdur baksýnisspegill - Minni í sæti ökumanns - Minni í hliðarspeglum Rafdrifin lokun farangursrýmis - Líknarbelgir - Sjónlínuskjár - Akreinavari - Lykillaus ræsing Aðstoð við að leggja í stæði - Neyðarhemlun - Fjarlægðarskynjarar framan - Blindsvæðisvörn Aðalljós með beygjustýringu - Beygjulýsing– Litaðar rúður - Harðkorna vetrardekk fylgja.

**NÁÐU TIL FJÖLDANS MEÐ FRÉTTABLAÐINU**

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**46,5%** íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **25 - 80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í **síma 550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




Barnaheill | Pippi | Astrid Lindgren Company




# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**19.00 Á Meistaravöllum** Gamlir og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
**19.30 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Loðmundur**
**07.24 Tulipop**
**07.27 Poppý kisukló**
**07.38 Lundaklettur**
**07.45 Tölukubbar**
**07.50 Bubbi byggir**
**08.01 Millý spyr**
**08.08 Unnar og vinur**
**08.31 Stuðboltarnir**
**08.42 Hvolpasveitin**
**09.04 Grettir**
**09.17 Víkingaþrautin**
**09.27 Stundin rokkar**
**09.34 Hugarflug**
**09.37 Stundin okkar**
**10.00 Hvað getum við gert?**
**10.10 Kappsmál**
**11.00 Attenborough: Undur eggjanna**
**11.55 Út í alheiminn með Stephen Hawking**
**12.40 Tískuvitund – Lærke Bagger**
**13.10 Soð í Dýrafirði**
**13.25 Innlit til arkitekta – Hans Murman**
**13.55 Karlamein - um krabbamein í blöðruhálskirtli**
**14.25 Concorde: Baráttan um hljóðmúrinn**
**15.10 Sambúð kynslóðanna**
**15.40 Striðsárin á Íslandi**
**16.50 Lokaða samkvæmið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.30 Lars uppvakningur**
**18.45 Landakort**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Tónaflóð í Hörpu**
**22.35 The Shack** Maður sem tekst á við mikla sorg eftir fjölskylduharmleik fer að efast um trú sína. Honum berst dularfullt bréf sem segir honum að fara að yfirgefnum skúr á afskekktum stað í Oregon. Þar kynnist hann fólki og öðlast nýjan skilning á harmleik sínum.
**00.45 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.50 Tvöfaldur skolli**
**09.25 Golfarinn 2**
**10.00 AIG Women's Open 2021**
**17.00 PGA Tour 2021**
**22.00 Countdown to the Ryder Cup 2021**
**22.25 PGA Special: The John Shippen**
**23.05 PGA: The 9**
**23.25 PGA Special: 25 Years of Tiger**
**00.10 PGA Special: Nicklaus: Re-Designing Muirfield Village Golf Club**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Dr. Phil**
**09.30 The Block**
**10.35 Pabbi skoðar heiminn**
**11.10 Life in Pieces**
**11.35 Man with a Plan**
**12.00 American Housewife**
**12.25 Will and Grace**
**12.50 Superstore**
**13.30 Man. City - Norwich**
**16.10 The Kids Are Alright**
**16.35 The King of Queens**
**16.55 Everybody Loves Raymond**
**17.20 Zoey's Extraordinary Playlist** Skemmtileg þáttaröð þar sem tónlist spilar stórt hlutverk.
**18.05 Með Loga**
**19.05 The Block**
**20.10 Before Midnight**
**22.00 The Five-Year Engagement** Gamanmynd frá 2012 með Jason Segel og Emily Blunt í aðalhlutverki. Þau Tom og Violet hafa ruglað saman reitum og ber ekki á öðru en að þau eigi afar vel saman þótt trúarlegur bakgrunnur þeirra sé ólíkur. Að því kemur að Tom ákveður að biðja Violet að giftast sér og hún þarf ekki að hugsa sig um áður en hún segir já. Hins vegar er brúðkaupsdagurinn alltaf að frestast um óákveðinn tíma með óvæntum afleiðingum ...
**00.00 Bleeding Heart**
**01.30 Indiana Jones and the Last Crusade**
**03.35 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Björn á Keldum**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Gæslan**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Bítlatíminn 2**
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Endurtekin orð um bækur**
**17.00 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar**
**20.50 Úr gullkistunni**
**21.15 Bók vikunnar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Litla flugan**
**23.00 Vikulokin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**10.00 The Trip to Spain**
**11.45 Time Freak**
**13.30 The Notebook**
**15.30 The Trip to Spain**
**17.15 Time Freak**
**18.55 The Notebook**
**21.00 Countdown**
**22.25 Aquaman**
**00.45 Sorry to Bother You**
**02.35 Countdown**

## Stöð 2

**08.00 Laugardagssögur**
**08.02 Sögur af svöngum björnum**
**08.08 Örstutt ævintýri**
**08.10 Ég er kynlegt kvikyndi**
**08.13 Örstutt ævintýri**
**08.15 Greinda Brenda**
**08.18 Börn sem bjarga heiminum**
**08.20 Vanda og geimveran**
**08.30 Monsurnar**
**08.40 Ella Bella Bingó**
**08.45 Blíða og Blær**
**09.10 Leikfélag Esóps**
**09.20 Tappi mús**
**09.25 Latibær**
**09.40 Dagur Diðrik**
**10.00 Mia og ég**
**10.25 K3**
**10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.00 Angelo ræður**
**11.05 Denver síðasta risaeðlan**
**11.20 Angry Birds Stella**
**11.25 Hunter Street**
**11.45 Friends**
**12.10 Bold and the Beautiful**
**12.30 Bold and the Beautiful**
**12.50 Bold and the Beautiful**
**13.10 Bold and the Beautiful**
**13.35 Bold and the Beautiful**
**13.55 Jamie: Keep Cooking and Carry on**
**14.15 Dan Soder: Son of a Gary**
**15.15 10 Years Younger in 10 Days**
**16.00 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
**16.25 Spartan: Ultimate Team Challenge**
**17.10 The Masked Dancer**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.53 Lottó**
**18.55 Impractical Jokers**
**19.20 Superhero Movie**
**20.45 The Hunt**
**22.15 Birds of Prey** Spennumynd frá 2020 með Margot Robbie og fleiri stórgóðum leikurum. Eftir aðskilnað við Jókerinn, þá gengur Harley Quinn til liðs við ofurhetjurnar Black Canary, Huntress og Renee Montoya, sem ætla í sameiningu að bjarga ungri stúlku frá illum glæpaforingja.
**00.00 Atonement**
**02.00 Hunter Street**
**02.20 Friends**
**02.45 10 Years Younger in 10 Days**
**03.30 Spartan: Ultimate Team Challenge**

## Stöð 2 Sport

**07.15 Keflavík - Snæfell**
**09.00 KA - Stjarnan**
**10.45 Valur - Keflavík**
**12.20 Fylkir - Víkingur R.**
**14.00 Breiðablik - KÍ Klaksvík**
**15.45 Pepsi Max Upphitun - 21. ágúst**
**16.05 Breiðablik - KA**
**18.15 Pepsi Max Stúkan - 21. ágúst**
**18.55 Þór/KA - Tindastóll**
**20.25 Gintra - Breiðablik**
**22.05 Manstu 2**
**22.40 Breiðablik - KA**
**00.20 Pepsi Max Stúkan - 21. ágúst**

## Stöð 2 Sport 2

**07.10 Bristol City - Swansea**
**08.50 Arizona Cardinals - Kansas City Chiefs**
**11.25 QPR - Barnsley**
**13.30 NFL Hard Knocks: Dallas Cowboys**
**14.25 Sara Björk Gunnarsdóttir**
**14.55 Gintra - Breiðablik**
**17.00 Bristol City - Swansea**
**18.40 Arizona Cardinals - Kansas City Chiefs**
**21.10 QPR - Barnsley**
**22.50 Benfica - PSV Eindhoven**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
**19.30 Pólitík með Páli Magnússyni** Páll Magnússon fær til sín góða gesti og fer yfir það helsta í íslenskum stjórnmálum.
**20.15 Herrahornið** Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja girða sig almennilega í brók og lita út fyrir að vera fágaðir, flottir á því og virkilega móðins. Umsjónarmaður þáttanna er Sigmundur Ernir.

## RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Hið mikla Bé
07.44 Poppý kisukló
07.55 Kátur
08.07 Stuðboltarnir
08.18 Konráð og Baldur
08.31 Hvolpasveitin
08.54 Hrúturinn Hreinn
09.01 Úmísúmí
09.24 Robbi og Skrímsli
09.46 Eldhugar – Clementine Delait - skeggjaða konan
09.50 Sammi brunavörður
10.00 Fjörskyldan
10.35 Sjö heimar, einn hnöttur – Suðurskautslandið
11.30 Okkar maður - Ómar Ragnarsson
12.30 Líkamsvirðingarbyltingin
13.00 Hamingjan býr í hæglætinu
14.05 Íslendingar: Svava Jakobsdóttir
15.00 Mömmusoð
15.15 Hringfarinn
16.05 Það kom söngfugl að sunnan
17.20 Menningin - samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Vísindahorn Ævars
18.30 Vísindin allt í kring
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Guðni á trukknum
21.00 Fjölskyldubönd
22.00 9. apríl
23.30 Ófærð
00.20 Dagskrárlok

## Stöð 2 Golf

08.50 Tvöfaldur skolli
09.25 Golfarinn 2
09.50 Champions Tour Highlights 2021
10.40 PGA Tour Profiles 21
11.00 AIG Women's Open 2021
18.00 2021 Legends Tour-Highlights
18.45 Golfarinn 3
19.15 PGA Special: This is the Mackenzie Tour 2021
19.35 PGA: The 9
20.00 European Tour 2021

## Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 Dr. Phil
09.30 Dr. Phil
10.15 The Block
11.20 Bachelor in Paradise
12.45 The Biggest Loser
13.30 The Biggest Loser
14.15 Bachelor in Paradise
16.20 The King of Queens
16.40 Everybody Loves Raymond
17.05 Ný sýn
17.35 Ást
18.05 Með Loga
19.05 The Block
**20.10 Best Home Cook** Skemmtilegir þættir þar sem tíu áströðukokkar mæta til leiks og fá tækifæri að sanna hæfni sína í eldhúsinu. Fjölbreyttar áskoranir, allt frá klassískum veisluréttum til uppáhalds rétta fjölskyldunnar. Ástríðukokkarnir tíu þurfa að standast álagið og galdra fram ljúffenga rétti.
21.10 Law and Order: Special Victims Unit
22.00 Yellowstone
22.45 Love Island
23.35 The Royals
00.20 Black Monday
00.55 New Amsterdam
01.40 The Rookie
02.25 Seal Team
03.10 Love Island
04.00 Síminn + Spotify

## RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Hringsól
08.00 Morgunfréttir
08.05 Söngvamál
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar
11.00 Guðsþjónusta í Hóladómkirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Tengivagninn
15.00 Örlagaþræðir
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Sumartónleikar
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Gæslan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Björn á Keldum
20.30 Djassþáttur
21.30 Úr gullkistunni
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

## Stöð 2 Bíó

11.20 Love to the Rescue
12.45 The Children Act
14.25 Uncle Drew
16.10 Love to the Rescue
17.35 The Children Act
19.15 Uncle Drew
21.00 Spider-Man: Far from Home
23.05 The Way Back
00.50 Out of Blue
02.35 Spider-Man: Far from Home

## Stöð 2

08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni
08.02 Laugardagsklúbburinn
08.05 Rita og krókódíll
08.10 Regnbogasögur
08.12 Ég er fiskur
08.15 Veira vertu blessuð
08.16 Örstutt ævintýri
08.18 Ást er ást
08.20 Hérinn og skjaldbakan
08.23 Lærum og leikum með hljóðin
08.25 Litli Malabar
08.30 Blíða og Blær
08.50 Monsurnar
09.00 Tappi mús
09.10 Adda klóka
09.30 It's Pony
09.55 K3
10.05 Angelo ræður
10.15 Lukku láki
10.40 Ævintýri Tinna
11.00 Angry Birds Toons
11.05 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.25 Top 20 Funniest
12.10 Nágrannar
14.00 Friends
14.20 Impractical Jokers
14.40 Bump
15.10 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer
15.55 First Dates
16.50 60 Minutes
17.30 Supernanny
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.05 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson
19.25 Grand Designs:
20.20 The Heart Guy
21.15 War of the Worlds
22.05 Animal Kingdom
22.55 Timber Creek Lodge
23.40 Queen Sugar
00.20 Room 104
01.35 Top 20 Funniest
02.15 Friends
02.40 Impractical Jokers
03.00 Bump
03.30 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer

## Stöð 2 Sport

08.55 Pepsi Max Stúkan - 21. ágúst
09.30 Gintra - Breiðablik
11.10 1. úrslitaleikur: Keflavík - Þór Þ.
12.40 2. úrslitaleikur: Þór Þ. - Keflavík
14.25 Pepsi Max Mörkin - 19. ágúst
15.20 Gintra - Breiðablik
17.00 Breiðablik - KA
18.45 Pepsi Max Upphitun - 22. ágúst
19.00 Víkingur R. - Valur
21.15 Pepsi Max Stúkan - 22. ágúst
22.15 Breiðablik - Valur
23.55 Víkingur R. - Valur

## Stöð 2 Sport 2

08.10 Dinamo - Villarreal
09.50 Manchester United - Granada
11.30 QPR - Barnsley
13.10 Barcelona - PSG
14.50 Sheriff Tiraspol - Dinamo Zagreb
16.30 Arsenal - Rapid Vín
18.10 Granada - Manchester United
20.00 Monaco - Shakhtar Donetsk
21.35 QPR - Barnsley
23.15 Manchester City - Porto

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfssemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
**19.30 Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.

## RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Gengið um garðinn
11.50 Fólkið í landinu
12.15 Spaugstofan 2009-2010
12.35 Grænir fingur 1989-1990
12.50 Stúdíó A
13.20 Ævi
13.45 Nautnir norðursins
14.15 Salóme
15.15 Veröld sem var
15.40 Tónahlaup
16.20 Átök í uppeldinu
17.00 Siglufjörður - saga bæjar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Poppý kisukló
18.12 Loðmundur
18.19 Skotti og Fló
18.26 Lestrarhvutti
18.33 Kalli og Lóa
18.45 Rán - Rún
18.50 Landakort
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Hvað getum við gert?
**20.10 Freyseðlan og hvalurinn** Heimildarmynd frá BBC þar sem fylgst er með framkvæmdum í Náttúruminjasafninu í Lundúnum þar sem eftirmynd af beinagrind risaeðlu sem prýtt hefur aðalsal safnsins í rúm 100 ár er tekin niður og alvöru beinagrind úr steypireyði sett upp í staðinn.
21.10 Fiðrildi
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
**22.20 Saga hryllingsmynda – Uppvakningar** Heimildarþáttaröð í sjö hlutum þar sem leikstjórinn Eli Roth fjallar um sögu hryllingsmynda og skoðar vægi þeirra innan dægurmenningar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.05 Kvikmyndatónlist: Samspil hljóðs og myndar
00.40 Dagskrárlok

## Stöð 2 Golf

09.00 PGA Tour 2021
13.00 PGA Tour 2021
18.00 PGA Highlights 2021
18.55 PGA Tour 2021

## Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show with James Corden
14.00 The Block
15.05 A Million Little Things
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 Top Chef
21.00 The Rookie
21.50 Seal Team
22.35 Love Island
23.25 The Royals
00.10 The Late Late Show with James Corden
00.55 New Amsterdam
01.40 Bull
02.25 The Stand
03.10 Love Island
04.00 Síminn + Spotify

## RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál: Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál: Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Hringsól
15.00 Fréttir
16.00 Síðdegisfréttir
16.03 Orð um bækur
16.05 Millispil
17.00 Fréttir
17.03 Beethoven: Byltingarmaður tónlistarinnar
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakiljan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Meistaraverk Beethovens
21.20 Íslendingasögur
21.40 Kvöldsagan: Dægradvöl
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál: Fyrri hluti
23.05 Sumarmál: Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

## Stöð 2 Bíó

10.45 Thunder Road
12.15 Grand-Daddy Day Care
13.50 The Upside
15.50 Thunder Road
17.20 Grand-Daddy Day Care
18.55 The Upside
21.00 Downhill
22.25 Richard Jewell
00.30 Line of Duty
02.05 Downhill

## Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.25 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Landnemarnir
10.40 Love in the Wild
11.20 Last Man Standing
12.35 Nágrannar
12.55 Spegill spegill
13.20 Matarboð með Evu
13.50 Kevin McCloud's Rough Guide to the Future
**14.40 Saved by the Bell** Zack Morris er orðinn ríkisstjóri í Kaliforníu og hefur sett á laggirnar prógram þar sem unglingar frá tekjulágum fjölskyldum fá flutning í gamla skólann hans, Bayside High, sem er mikill snobbskóli og allt annað en krakkarnir hafa vanist.
15.05 The Goldbergs
15.25 First Dates
16.15 The Grand Party Hotel
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Draumaheimilið
19.35 Your Home Made Perfect
20.35 Bump
21.10 Delilah
21.50 60 Minutes
22.45 The Murders
23.30 Next
00.10 Krypton
00.50 The Victim
01.50 The Mentalist
02.30 The Good Doctor
03.15 Love in the Wild

## Stöð 2 Sport

08.25 Pepsi Max Stúkan - 22. ágúst
09.20 Víkingur R. - Valur
11.00 1. úrslitaleikur: Valur - Haukar
12.30 2. úrslitaleikur: Haukar - Valur
13.55 3. úrslitaleikur: Valur - Haukar
15.25 Breiðablik - Valur
17.05 Víkingur R. - Valur
18.50 Pepsi Max Upphitun - 23. ágúst
19.00 Stjarnan - Fylkir
21.15 Pepsi Max Stúkan - 23. ágúst
21.50 Þór/KA - Tindastóll
23.20 Stjarnan - Fylkir

## Stöð 2 Sport 2

07.25 Benfica - PSV Eindhoven
09.10 Rangers - Slavia Prag
10.50 Arizona Cardinals - Kansas City Chiefs
13.20 Slavia Prag - Arsenal
15.00 Manchester United - Real Sociedad
16.40 NFL Hard Knocks: Dallas Cowboys
17.35 Leicester - Manchester United
19.15 Football League Show 2021/2022
19.40 Chelsea - Manchester City
21.25 Arizona Cardinals - Kansas City Chiefs
00.00 New Orleans Saints - Jacksonville Jaguars



Þremenningarnir segja það mikinn kost að deila vinnustofu. Þau geti leitað til hvers annars eftir áliti. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

# Vinnustofan er okkar athvarf

Í dag opna listamennirnir Jón Magnússon, Hjörtur M. Skúlason og Hulda Vilhjálmsdóttir vinnustofur sínar úti á Granda.

steingerdur@frettabladid.is

Í dag opna listamenn vinnustofur sínar á Hólmaslóð úti á Granda. Þeirra á meðal eru þau Jón Magnússon, Hulda Vilhjálmsdóttir og Hjörtur M. Skúlason.

„Á morgun átti Menningarnótt Reykjavíkurborgar að fara fram og okkur fannst mikilvægt fyrir listamenn að taka þátt í þeim viðburði. Við ákváðum hafa vinnustofurnar opnar þrátt fyrir að Menningarnótt hafi verið aflýst,“ segir Hjörtur.

*Hver er kostur þess að vera með vinnurými ásamt öðrum þegar maður er listamaður?*

„Kosturinn er sá að það myndast vinnuandi og samtal milli listamanna. Miðlar í myndlist eru margir og ólíkir og þannig verður maður fyrir jákvæðum áhrifum frá hver öðrum. Einnig myndast ákveðin stemning, sem er gott fyrir myndlistina á Íslandi,“ segir Hulda.

„Já, sköpun myndlistar er ekki alltaf einföld og þá er gott að hafa stuðning og fá gagnrýni á verkin frá hverju öðru,“ segir Jón.

„Sameiginleg vinnustofa okkar þriggja gerði það að verkum að við erum alltaf að kynna hvert annað fyrir þeim sem heimsækja okkur. Vinnutími okkar er sveigjanlegur



Vinnustofan við Hólmaslóð er opin milli klukkan 13.00 og 18.00.

NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI

Föstudaginn 27. ágúst mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið Nýsköpun á Íslandi.

Blaðið er unnið að hluta í samstarfi við Rannís og Tækniþróunarsjóð.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 512-5442 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


Hulda vinnur með blandaða tækni í sínum verkum, akríl og olía á striga eru einkennandi fyrir hennar verk.


Jón hefur nær eingöngu helgað sig málverkinu og vinnur helst með olíu og akríl.


Hjörtur hefur að undanförnu unnið skúlptúra úr striga. Einnig hefur hann unnið ljósmyndir í prentverkum.

og gerði það mögulegt að forðast Covid," segir Hjörtur.

*Gafst ykkur meiri tími til að vinna að listinni í faraldrinum?*

„Já, ég mundi segja það. Vinnustofan er okkar athvarf og gott að geta verið þar á tímum Covid," segir Jón.

„Listamaðurinn er spámaður í framtíðina sem áhugavert er að lesa í myndlistarverkum og líka spegill samtímans," segir Hulda.

Þau segjast finna fyrir meiri bjartsýni í samfélaginu og það hafi áhrif á listsköpunina.

„Allri bjartsýni fylgir meiri orka sem vekur upp töfra og leiðir til meiri sköpunar, sem er áhugavert fyrir listnjótandann að koma og sjá og upplifa á vinnustofum okkar."

Þau eru sammála um að þetta sé einmitt tíminn þar sem við þurfum hvað mest á list að halda.

„Í hræðslunni í Covidinu gaf myndlistin okkur tjáningarfrelsi og griðastað. Listsköpun er sterkari en öll trúarbrögð," segir Hjörtur.

Vinnustofurnar eru opnar milli 13.00 og 18.00. Þær eru við Hólmaslóð 4 á Granda. ■

# Margt skemmtilegt í gangi um helgina

**Opið hús í Verkvinnslunni**

Verkvinnslan fagnar eins árs afmæli með opnu húsi og sýningunni Verk á vegg, í nýju innanhússgalleríi, Gegnumtrekk. Verkvinnslan er listvinnslustöð á Granda, nánar tiltekið rétt utan Örfiriseyjar, sem samanstendur af opnu vinnurými, verkstæði, líkamsræktarstöð og stórum garði. Teitur Magnússon mun spila nokkur lög upp úr kl. 17.00 og Gústi bakari fleygir út pítsum. ■



**Högni á Skuggabaldri**

Högni Egilsson fer fyrir nýstofnuðum Kvartett Högna Egilssonar sem kemur fram á Skuggabaldri í kvöld og flytur glænýtt frumsamið efni eftir Högna.

Kvartettinn skipa ásamt Högna þeir Jóel Pálsson saxófónleikari, bassaleikarinn Nico Moreaux og trommuleikarinn Einar Valur Scheving.

Enginn aðgangseyrir. ■




Heilbrigðisþjónusta · Öryggi fyrir alla



Það er nóg til

Það á ekki að koma neinum á óvart að fólk eldist, börn fæðast og fólk verður veikt bæði á líkama og sál. Sterkt, opinbert og gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi er öflugasta tækið til að tryggja heilbrigði og öryggi fyrir okkur öll, óháð félagslegri stöðu eða búsetu. Heilbrigði okkar á að byggja á félagslegum forsendum en ekki markaðsvæðingu sjúkdóma.

Ekkert stjórnmálaafl getur skilað auðu · heilbrigðismál eru kosningamál!

ASÍ

Fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið



Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað **QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ

# Lífið í vikunni
15.08.21
21.08.21



### Plata um loftslagsbreytingar

Tumi Árnason gaf út plötuna Hlýnun fyrr í sumar en hún fjallar um loftslagsbreytingar. Hann spilar annað kvöld á Skuggabaldri.



### Sigga Dögg með nýja þætti

Kynfræðingurinn Sigga Dögg er með nýja þætti á Stöð 2. Henni til halds og trausts er leikarinn Ahd Tamimi, en Sigga þau hafa smollið saman við fyrstu kynni.



### Grínarar krefjast virðingar

Uppistandshópurinn VHS er með sýningu í Tjarnarbíói þann 3. september. Það er nú þegar uppselt á fyrri sýninguna.



### Tónleikar í kvöld

Hljómsveitirnar Sykur og Vill eru með tónleika í kvöld á KEXi. Sykur fær loks að fylgja eftir plötunni JÁTAKK, sem kom út fyrir tæpum tveimur árum, með tónleikahaldi.

DORMA
Láttu drauminn rætast
Sealy
Ameriskir dagar




Styður við bakið á þér!

Sealy WASHINGTON
heilsurúm með classic botni

Sealy
Ameriskir DAGAR 20% AFSLÁTTUR



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

**Sealy Washington fæst í eftirtöldum stæðum:**
160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **AD tilboð: 215.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Elín og Sigrún segja það hafa verið einstaklega lærdómsríkt ferli að stofna blómastúdíóið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Upphaf okkar ævintýris byrjaði á svipuðu námskeiði

**Sigrún og Elín stofnuðu Blómastofuna Pastel á Hverfisgötu eftir að þær fóru á námskeið í blómaskreytingum fyrir þremur árum síðan. Nú langar þær að bjóða Íslendingum upp á námskeið í sama dúr.**

steingerdur@frettabladid.is

> Við höfum fundið nánast frá því að við byrjuðum með Pastel að fólk hefur mikinn áhuga á að fá að skyggnast meira á bak við tjöldin hjá okkur.
>
> Elín.

Blómastofan Pastel var stofnuð af þeim Sigrúnu Guðmundsdóttur og Elínu Jóhannsdóttur fyrir tveimur árum. Þær segja þetta hafa verið einstaklega lærdómsríkt ferli en þær eru byrjaðar að bjóða upp á námskeið í blómaskreytingum.

„Við sinntum báðar fullu starfi annars staðar þangað til um mitt síðasta ár og það hefur verið mikið að gera frá upphafi. Við vorum tiltölulega nýbúnar að opna vinnustofu á Baldursgötu þegar Covid skall á. Það er margt sem að okkur langaði að gera sem þurfti að sitja á hakanum, eins og að halda námskeið,“ segir Sigrún. Elín segir að áhugi þeirra á blómaskreytingum hafi lengi blundað í þeim.

„En við áttuðum okkur á að það væri hægt að gera meira úr þessu áhugamáli eftir að við fórum á námskeið í blómaskreytingum í Kaupmannahöfn haustið 2018,“ bætir hún við.

„Við erum báðar listrænar og þarna fundum við farveg fyrir ákveðna útrás,“ heldur Sigrún áfram. „Við höfum báðar starfað í mörg ár í tísku og menningarbransanum og höfum því fylgst vel með straumum og stefnum þar. Við fáum mikinn innblástur þaðan, sem er bæði krefjandi og skemmtilegt að yfirfæra á blómin og blómaskreytingarnar,“ segir Sigrún. Sigrún segir að þær hafi í raun rennt blint í sjóinn í upphafi og ekki átt von á neinu.

„Þetta var greinilega rétti tíminn fyrir ferskan blæ því allt seldist upp,“ segir hún. Hvað kemur til að þurrkuð blóm hafa verið svona vinsæl síðustu árin?

„Aukin áhersla á sjálfbærni og minni sóun er áberandi í tískustefnum síðustu árin og það hefur sennilega mest áhrif. Þurrkaðir blómvendir standa í 6-12 mánuði að lágmarki svo þeim þarf sjaldnar að skipta út,“ svarar Sigrún.

**Þær bjóða líka upp á fersk blóm**

„Með því að takmarka úrvalið af ferskum blómum fer minna til spillis, en á sama tíma er auðveldara að setja saman blómvendi þar sem við veljum hráefnið sérstaklega til að passa vel saman,“ segir Elín. Sigrún segir að upphafið að þeirra ævintýri hafi verið á svipuðu námskeiði og þær bjóða núna sjálfar upp á.

„Það er svo góð tilfinning að eyða þessari stund saman með hópi. Að setja saman blómvönd getur verið eins og góð hugleiðsla.“

Þær bjóða litlum hópum að koma til sín eina kvöldstund þar sem þær fara yfir sína tækni í samsetningu blómvanda og umhirðu ferskra blóma.

„Við hugsum þetta meira sem skapandi vinnustofu heldur en eiginlegt námskeið. Við höfum fundið nánast frá því að við byrjuðum með Pastel að fólk hefur mikinn áhuga á að fá að skyggnast meira á bak við tjöldin hjá okkur og að fá sjálft að spreyta sig á blómaskreytingunum. Að koma á námskeið er í raun mjög góð leið til þess,“ segir Elín. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*




AMSTERDAM
dream × create
van Gogh
REMBRANDT
The Professional Choice
liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

# Verkfæralagerinn

**Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is**

**Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17**

**BYKO**



# Lengjum sumarið

Notalegt með fjölskyldunni

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**Broil King** Great Barbecues Every Time



Kílóvött 8,8 | Brennarar 3



**Tilboðsverð**

## Pizzasteinn

12,5" með pizzahjóli

25%

**6.348**

506670001

Almennt verð: 8.465



**Tilboðsverð**

## Monarch 320

með þremur ryðfríum brennurum.

**71.996**

50657511

Almennt verð: 89.995

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

**20%** Broil King gasgrill

**Tilboðsverð**

## Royal S310

með þremur ryðfríum brennurum,

30%

**55.996**

50657513

Almennt verð: 79.995

Hver er þinn uppáhalds grillmatur?



**Skoðaðu tilboðin** *á byko.is*



Gríptu tækifærið!

# Nú er rétti tíminn til að bera á pallinn

Þú finnur góð ráð á byko.is

## 1. Hreinsa




**Pallahreinsir**
Sterkt hreinsiefni notað til að hreinsa pallaefni, tekur viðarolíu, mold og smitun.
Á ekki að þynna fyrir notkun.
NOTIST EKKI Á HARÐVIÐ

**3.795**
42377537

## 2. Skrúbba

BOSCH

Tilboðsverð

**Háþrýstidæla**
Universal AQU 130 bör

**26.956**
74810238
Almennt verð: 33.695



20%
Háþrýsti-dælur

## 3. Þorna & bera á




**Kjörvari 12**
Olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir honum góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungumyndun.

**4.695**
86363041-640

Tilboðsverð

**Herregård pallaolía XO**
Hágæða viðarolía með vörn gegn viðargráma og myglu og dregur úr sprungumyndun.
Glær eða gyllt

**2.796**
80602501/2
Almennt verð: 3.495




Förum saman í
# Berjamó

**Berjatína**
með plast tindum.
20x13,5cm.

**795**
46198605



**Krukka**
0,5L. 11x11x10cm.

**795**
41087446





BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



Salzburg
frá 13.990 kr.
PLAY


■ Bakþankar




Benedikts Bóasar Hinrikssonar


## Sumarleyfi

Sá sem var með Fossvogsskóla á sinni könnu hjá borginni átti alls ekki að fá að fara í sumarleyfi fyrr en allt væri klappað og klárt. Ólyktin af þessu Fossvogsskólamáli er með svo miklum ólíkindum að það hlýtur að fara fram einhver óháð rannsókn á starfsháttum í ráðhúsinu. Hvernig gat þetta farið svona?

Það síðasta sem gerðist áður en ég fór heim í gær var að borgin gaf foreldrum þrjá kosti og höfðu foreldrarnir heilar 17 klukkustundir til að svara. Borgin að krefja foreldra í Fossvogi um að hafa hraðar hendur. Það er eiginlega brandari helgarinnar.

Þetta er ekki eina sumarleyfið sem ég hef verið að pæla í. Landspítalinn starfar núna á einhverju svakalegu stigi vegna sumarfría. Ekki endilega vegna heimsfaraldursins. Ó, nei. Starfsmenn þurfa eðlilega frí. Jafnvel þó faraldurinn hafi ekki tekið sér frí.

Reyndar er ég á þeirri skoðun að í þessu efsta lagi Landspítalans hljóti að vera lélegustu stjórnendur í Íslandssögunni.

Ég er ekki heldur alveg viss um að starfsmenn Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, sem sáu um sýnin úr leghálsskimun, hefðu átt að rúlla norður í blíðuna. Annað var aðeins meira aðkallandi.

Eðlilega þarf fólk frí en það er ekki hægt að setja svona verkefni á bið.

Sjálfur fór ég í sumarfrí. Hafði það bara fjandi gott. Kláraði öll mín verkefni og fór frekar rólegur í frí. Ég skil ekki hvernig opinberir starfsmenn gátu hreinlega með góðri samvisku farið í frí.

Sá sem var með Fossvogsskóla á sinni könnu getur ekki hafa notið sín vel í sumar. Ekki séns. Enginn er svo samviskulaus. ■


LÆGSTA VERÐIÐ
Bústaðavegi, Reykjavík
ORKAN



